



HÁSKÓLI ÍSLANDS

Hugvísindasvið

Hægfara vinslit

Samskipti Íslands og Ísraels 1948–2013

Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði

Jakob Snævar Ólafsson

September 2013

Háskóli Íslands

Hugvísindasvið

Sagnfræði

Hægfara vinslit

Samskipti Íslands og Ísraels 1948–2013

Ritgerð til BA-prófs í sagnfræði

Jakob Snævar Ólafsson

Kt.: 020180-3829

Leiðbeinandi: Valur Ingimundarson

September 2013

Ágrip

Í þessari ritgerð er fjallað um samskipti Íslands og Ísraels á tímabilinu 1948–2013. Sýnt verður fram á hvernig samskipti ríkjanna byrjuðu að þróast frá 8. áratug 20. aldar úr þeirri vinsemd sem hafði einkennt þau á 6. og 7. áratugnum yfir í nánast á 21. öld. Stjórnmálatengslin eru sett í samhengi við almenn viðhorf til Ísraels á Íslandi og menningarsamskipti landanna. Einnig eru samskipti ríkjanna skoðuð með tilliti til þeirra breytinga sem urðu á afstöðunni til Palestínumanna bæði á Íslandi og alþjóðavettvangi og hvernig þær mótuðu afstöðu Íslendinga til Ísrael á löngu tímabili. Greind verður mismunandi sýn íslenskra stjórnmalaflokka á samband Íslands og Ísraels sem varð til þess að það var helst í tíð vinstri stjórna á Íslandi sem verulegar breytingar urðu á því. Færð verða rök fyrir því að íslensk stjórnvöld hafi reynt að halda uppi sæmilega vinsamlegum samskiptum við ísraelsk stjórnvöld þrátt fyrir aukin stuðning innanlands við Palestínumenn og andúð á framferði Ísraels gagnvart þeim. Það var ekki fyrr en í tíð vinstri stjórnarinnar 2009–2013 sem það viðhorf breyttist. Þá viðurkenndu íslensk stjórnvöld sjálfstæði Palestínu án þess að setja það mál í samhengi við öryggiskröfur Ísraels.

Efnisyfirlit

Inngangur	2
1. Vinsamleg samskipti Íslands og Ísraels 1948 –1967	6
---- Þáttur Thors Thors í stofnun Ísraels.....	6
---- Fölskvalaus samskipti íslenskra og ísraelskra stjórnvalda.....	9
---- Almenn aðdáun á Ísrael.....	12
---- Menningarsamskipti og ferðalög milli Íslands og Ísraels.....	14
2. Minnkandi vinsemd 1967–1988	16
---- Endalok skilyrðislauss stuðnings íslenskra stjórnvalda við Ísrael.....	16
---- Neikvæð viðhorf gagnvart Ísrael fara vaxandi.....	25
---- Menningarsamskipti Íslands og Ísraels í ljósi vaxandi gagnrýni Íslendinga.....	28
3. Vinsemdin brestur 1988-2011	29
---- Samskipti íslenskra og ísraelskra stjórnvalda kólna.....	29
---- Neikvæð viðhorf til Ísrael á Íslandi leiða til andúðar.....	49
---- Menningarsamskipti ríkjanna fjara út.....	52
Niðurstöður	53
Heimildaskrá	58

Inngangur

„Auga horfir til Zíon“. Þannig endar fyrra erindi *Hatikva* (Vonin) - ísraelska þjóðsöngsins.¹ Þessi orð lýsa vel þrá margra gyðinga eftir því að eiga sitt eigið ríki á því landsvæði sem Biblían lýsir sem heimkynnum gyðinga. Þessi draumsýn og viðleitnin til að láta hana verða að veruleika hefur ekki notið mikils skilnings meðal araba sem líta svo á að hún sé á þeirra kostnað. Í raun hefur stríðsástand ríkt milli gyðinga og araba allt frá stofnun Ísraels. Ísraelsríki hefur frá upphafi verið afskaplega umdeilt. Það hefur notið samúðar og stuðnings, en um leið hreinræktaðs haturs. Tilkoma þess kom af stað átökum og deilum sem ekki sér enn fyrir endann á.

Á síðari árum hefur viðhorfið gagnvart Ísrael orðið neikvæðara í mörgum vestrænum ríkjum og þá ekki síst í Vestur-Evrópu. Eflaust má rekja helstu skýringuna til aukinnar samúðar með málstað Palestínumanna, í langvarandi deilum þeirra og átökum við Ísraela. Ísland hefur fylgt þessum straumum. Í könnun Capacent Gallup frá árinu 2009, þar sem þátttakendur voru spurðir hvort þeir hefðu meiri samúð með málstað Palestínumanna eða Ísraela, sögðust 68% hafa meiri samúð með Palestínumönnum, 28% tóku ekki afstöðu en aðeins 3% voru á bandi Ísraels.² Margir Íslendingar hafa opinberlega látið hörð orð falla um Ísraela. Almenn viðhorf gagnvart Ísrael hér eru raunar orðin það neikvæð að gyðingar búsettir á Íslandi hafa sagst vera smeykir við að láta mikið á sér bera.³ Þessi viðhorff hafa ekki látið íslenska stjórnmalaleiðtoga ósnortna. Þeir hafa ekki verið feimnir við að gagnrýna harðlega ísraelsk stjórnvöld og hvernig Ísraelar hafa komið fram við Palestínumenn. Nú er svo komið að diplómátísk samskipti Ísraels og Íslands eru fremur óvinsamleg. Shimon Peres, forseti Ísraels, tók það sérstaklega fram árið 2012 þegar hann fékk afhent trúnaðarbréf sendiherra Íslands gagnvart Ísrael að samskipti ríkjanna væru í kaldara lagi og það væri tilvalið að reyna að hleypa smá hlýju í þau.⁴ Viðurkenning Alþingis á ríki Palestínumanna árið 2011 bætti ekki úr skák. Þáverandi utanríkisráðherra Íslands, Össuri Skarphéðinssyni, virtist ekki vera mjög umhugað um hvað ísraelskum stjórnvöldum fannst um þá aðgerð. Hann tók ekki mikið mark á mótmælum Ísraela við gagnrýni hans á framferði þeirra gagnvart Palestínumönnum og gaf lítið fyrir ásakanir um að hann sýndi Ísraelum hroka.⁵

¹ „Hatikva-The National Anthem of the State of Israel“.

² „Meiri samúð með Palestínu“.

³ Judy Maltz, „Iceland Jews are left out in the cold“.

⁴ Greer Fay Cashman, „Five new ambassadors present Peres credentials“.

⁵ „„Já ég dottaði á fundi SP.“ Össur kærir sig kollóttan um gagnrýni frá Ísrael“.

Framganga íslenskra stjórnvalda hefur einnig stuðlað að neikvæðum viðhorfum gagnvart Íslandi í Ísrael. Slík viðhorf má sjá t.d. í grein eftir Manfred Gerstenfeld, stjórnarformann Jerusalem Center for Public Affairs, þar sem hann gagnrýnir viðurkenningu Íslands á sjálfstæði Palestínu. Þar spyr hann einnig hvað ríki sem hafi komið sér í mikinn vanda með óráðsú í fjármálum sé að skipta sér af málum sem það hafi ekki mikið vit á og vitnar í skrif Vilhjálms Arnar Vilhjálmssonar fornleifafræðings um langa sögu gyðingaandúðar á Íslandi.⁶

Þetta ástand í samskiptum Íslands og Ísraels er athyglisvert í ljósi þess að samband ríkjanna var eitt sinn mjög vinsamlegt. Aðkoma Thors Thors, sendiherra Íslands hjá Sameinuðu Þjóðunum (Sp), að ákvörðun allsherjarþings Sp um að stofnun Ísraels skyldi heimiluð lagði grunn að góðum samskiptum ríkjanna næstu tvo áratugi. Raunar virðist hafa verið nokkuð algengt að líta beinlínis svo á að það hafi upphaflega verið Thor sem lagði fram tillögu á vettvangi Sp um að stofna ríki gyðinga sem og því beri Íslendingar mikla ábyrgð á tilvist Ísraels. Óhætt er að fullyrða að margir Íslendingar séu vel meðvitaðir um að Thor hafi átt þátt í þeirri ákvörðun að stofna Ísrael, en færri virðast vita hver þáttur hans nákvæmlega var. Það er hins vegar alveg ljóst að Ísraelar kunnu vel að meta framlag Thors og voru honum og íslensku þjóðinni lengi þakklátir fyrir stuðninginn við stofnun ríkisins. Þakklætið birtist næstu árin í vinsamlegum samskiptum og tíðum gagnkvæmum heimsóknum helstu leiðtoga ríkjanna. Samskipti ríkjanna hafa því augljóslega breyst til hins verra síðan þá.

Sú spurning vaknar hvenær þessi umskipti urðu og hvort rekja megi þau til langtímaþróunar eða atburða nær í tíma. Þegar rýnt er í samskipti Íslands og Ísraels frá því að allsherjarþing Sp samþykkti stofnun Ísraels 29. nóvember 1947 sést nokkuð glögglega að samskipti ríkjanna fóru stigversnandi á löngu tímabili, en ekki alltaf þó með skýrum hætti.

Ætlunin hér er að greina samband Íslands og Ísraels 1948–2013. Meginmarkmiðið er að sýna fram á hvernig samskipti Íslands og Ísraels þróuðust smám saman úr mikilli vinsemd yfir í hálfgerðan fjandskap. Áhersla verður lögð á þáttaskil í samskiptum ríkjanna: hvenær þau byrjuðu að fara út af sporinu og hvenær þau komust á það stig sem þau eru nú. Stjórnmalasamskiptin verða einnig sett í samhengi við menningarsamskipti Íslendinga og Ísraela. Greind verða almenn viðhorf á Íslandi til Ísraels og áhrif þeirra á samband ríkjanna á tímabilinu. Sérstaklega verður hugað að því hvernig og hvenær

⁶ Manfred Gerstenfeld, „Iceland against Israel“.

ráðandi viðhorf breyttust. Enn fremur verður sýnt fram á hvernig breytingar á afstöðunni til Palestínumanna bæði innanlands og utan höfðu áhrif á samskipti Íslendinga við Ísrael. Þær skýra að hluta til ólíka sýn íslenskra stjórnmálaflokka á sambandið við Ísrael. Ritgerðinni er skipt í þrjá hluta sem markast af 6 daga stríðinu árið 1967 og uppreisn Palestínumanna á herteknu svæðunum árið 1987. Þessir tveir atburðir höfðu mest áhrif á viðhorf Íslendinga, og alls heimsins raunar, til Palestínumanna og þar með á afstöðuna og samskiptin við Ísrael.

Líklega er sú söguskoðun nokkuð almenn að með afskiptum Steingríms Hermannssonar, í utanríkisráðherra- og síðan forsætisráðherratíð hans á árunum 1987–1991, af deilum Ísraels og Palestínumanna hafi samskipti Íslands og Ísraels fyrst farið að versna. Í raun hafa takmarkaðar rannsóknir farið fram á því hvort þessi túlkun stenst skoðun. Í *Stjórnarráðssögu Íslands* er því haldið fram að í kjölfar stuðnings Steingríms við málstað Palestínumanna hafi orðið breyting á stefnu íslenskra stjórnvalda í málefnum Ísraels og Palestínumanna. Höfundar þess rits drógu þessa ályktun m.a. eftir að hafa rýnt í skrif Valdimars Unnars Valdimarssonar sagnfræðings um afstöðu íslenskra stjórnvalda til ýmissa mála á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.⁷ Deilur Ísraels og Palestínumanna hafa verið teknar fyrir á hverju einasta allsherjarþingi Sp í rúmlega hálfa öld og þá sérstaklega eftir 6 daga stríðið. Valdimar komst að þeirri niðurstöðu að fram eftir 8. áratug 20. aldar hafi Ísland verið eitt helsta stuðningsríki Ísraels á vettvangi Sp og nánast alltaf tekið afstöðu með Ísrael.⁸ Við fyrstu sýn virðist því ályktun höfunda sögu stjórnarráðsins vera nokkuð rökrétt.

Eini fræðimaðurinn sem sérstaklega hefur rannsakað þróun samskipta Ísraels og Íslands er Gunnar Þór Bjarnason sagnfræðingur en hann skrifaði grein um efnið í tímaritið *Þjóðmál* árið 2006. Gunnar kemst m.a. að þeirri niðurstöðu að ekki hafi átt sér stað grundvallarbreyting á stefnu íslenskra stjórnvalda um hvernig leysa ætti deilur Ísraels og Palestínumanna þó að neikvæð viðhorf gagnvart Ísrael hafi orðið sífellt algengari á Íslandi og gagnrýni íslenskra stjórnvalda á þau ísraelsku hafi aukist verulega. Gunnar setur einnig þróunina í samskiptum ríkjanna í samhengi við átök Ísraels og Palestínumanna og almennar breytingar á samfélagsviðhorfum Íslendinga.⁹ Eftir sitja hins vegar ýmsar spurningar eins og t.d. hvort það hafi orðið gagnrýna breyting á samskiptum ríkjanna til hins verra eftir að Steingrímur Hermannsson hóf að gagnrýna

⁷ Sigríður Þorgrímsdóttir og Jakob F. Ásgeirsson, *Stjórnarráð Íslands 1964–2004*, bls. 130. Ólafur Rastrick og Sumarliði R. Ísleifsson, *Stjórnarráð Íslands 1964–2004*, bls. 141.

⁸ Valdimar Unnar Valdimarsson, *Ísland í eldlínu alþjóðamála*, bls. 213–222.

⁹ Gunnar Þór Bjarnason, „Ísland og Ísrael“, bls. 75–81.

Ísrael og taka undir málstað Palestínumanna. Einnig má velta fyrir sér hvort Ísland hafi þá hætt að vera eitt af helstu stuðningsríkjum Ísraels á vettvangi Sp. Sú spurning snýst í raun um hvort það hafi getað gerst í ljósi þess að ekki hafi orðið grundvallarbreyting á stefnu íslenskra stjórnvalda í málum Ísraels og Palestínumanna. Eftir lestur þessarar greinar, og ritin sem vísað var í þar á undan, situr lesandinn eftir með þann skilning að enginn íslenskur ráðherra hafi gagnrýnt framferði Ísraels í deilum þeirra við nágranna sína fyrir enn Steingrímur Hermannsson gerði það. Þá vaknar sú spurning hvort sá skilningur sé réttur. Einnig heldur Gunnar því fram að frá árinu 1988 hafi íslensk stjórnvöld alltaf stutt sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna og samþykkt ályktanir þar sem framferði Ísraels var gagnrýnt. Fullyrða má að hér sé um nokkra einföldun að ræða og leitast verður við að sýna fram á í þessari ritgerð að sú þróun hófst nokkuð fyrir. Grein Gunnars er á nokkuð almennum nótum og nær ekki að öllu leyti að lýsa hvernig samskipti Íslands og Ísraels hafa þróast stig af stigi síðan á 8. áratug 20. aldar. Því er nokkuð ljóst að það vantar ýmislegt upp á greininguna á þróun samskipta Íslands og Ísraels.

Áður en lengra er haldið er við hæfi að skilgreina frekar hvað átt er við þegar fjallað er um samskipti ríkja. Þeir sem rannsaka þau einblína einna helst á stjórnmalasviðið og innbyrðis samband stjórnmalaleiðtoga og embættismanna. Einnig kemur samstarf innan alþjóðastofnanna og viðskipti milli ríkja þar við sögu. En þegar rætt er um samskipti ríkja hlýtur einnig að þurfa taka með í reikninginn samskipti borgara auk annars konar víxlverkunar þar sem stjórnvöld eða fyrirtæki koma ekki að málum, eins og t.d. þegar félagasamtök eiga í hlut. Slík samskipti af hálfu lýðræðisríkis eins og Íslands ráðast, a.m.k. að hluta til, af almennum viðhorfum þegar kemur að samskiptum við eins umdeilt ríki og Ísrael. Þar af leiðandi er nánast óhjákvæmilegt þegar greina á samskipti íslenskra og ísraelskra stjórnvalda að setja þau í samhengi við almenn viðhorf Íslendinga til Ísraels og skoða jafnframt gagnkvæm tengsl almennra borgara. Hér verður lögð áhersla á þróun menningarsamskipta sem birtust í t.d. starfsemi vináttufélaga í báðum löndum og heimsóknum íslenskra kóra til Ísraels. Þannig verður gerð grein fyrir innbyrðis tengslum stjórnmála og menningar og áhrifum þeirra á almenn viðhorf til samskipta ríkjanna.

Stuðst er við margvíslegar heimildir í rannsókninni. Skjalasafn utanríkisráðuneytisins og annarra opinberra stofnanna nýttust best við að greina opinber samskipti íslenskra og ísraelskra stjórnvalda. Nýjustu skjölin sem veittur hefur verið aðgangur að eru frá árinu 1994. Því var nauðsynlegt að treysta á fréttir fjölmiðla til að greina samskiptin eftir þann

tíma. Umræður um Ísrael og Palestínu á Alþingi reyndust mikilvægar heimildir um afstöðu íslenskra leiðtoga. Til að kanna afstöðu Íslands til deilna Ísraels og Palestínumanna á vettvangi Sameinuðu þjóðanna er gagnasafn um þá deilu sem vistað er á heimasíðu samtakanna ómetanleg heimild. Að því er varðar menningarsamskipti og almenn viðhorf til Ísraels á Íslandi er einkum byggt á fréttum íslenskra fjölmiðla.

1. Vinsamleg samskipti Íslands og Ísraels 1948 –1967

Þáttur Thors Thors í stofnun Ísraels

Eins og fram kom í inngangi má rekja upphaf tengsla Íslands og Ísraels til þess þáttar sem Thor Thors, fyrsti sendiherra Íslands hjá Sp, átti í því að allsherjarþingið samþykkti, í nóvember 1947, að á því landsvæði sem þá var kallað Palestína skyldi stofnað annars vegar ríki gyðinga og hins vegar ríki araba. Á síðari árum hafa sumir haldið því fram, bæði á Alþingi og í fjölmiðlum, að Thor hafi lagt fram tillöguna sem kvað á um skiptingu Palestínu eða að hann hafi verið formaður nefndar sem lagði tillöguna fram.¹⁰ Þetta er nokkuð villandi framsetning. Hið rétta er að allsherjarþingið samþykkti vorið 1947 að skipa sérstaka nefnd sem ætlað var að koma með lausn á Palestínumálinu. Thor sagði í umræðum á allsherjarþinginu að nefndin yrði að leysa málið með mannúð, réttlæti og sættir að leiðarljósi hann greiddi því atkvæði gegn öllum tillögum um að stofna skyldi þegar í stað ríki sem næði yfir alla Palestínu. Hins vegar átti Thor ekki sæti í þessari nefnd.¹¹ Hann virðist þó hafa talið mikilvægt að afstaða Íslands til málsins yrði í samræmi við niðurstöðu nefndarinnar. Í bréfi til Bjarna Benediktssonar, þáverandi utanríkisráðherra, skrifaði Thor að afstaða Íslands myndi taka mið af tilmælum nefndarinnar.¹² Tónninn í þessu bréfi bendir til þess að Thor hafi tekið þessa ákvörðun en ekki Bjarni. Ekki er hægt að slá þessu föstu en hafa ber í huga

¹⁰ Össur Skarphéðinsson, Aðskilnaðarmúrinn í Palestínu þingsályktunartillaga, fyrri umræða 19. febrúar 2004. Össur Skarphéðinsson, Viðurkenning á sjálfstæði og fullveldi Palestínu, fyrri umræða 6. október 2011. Sveinn Rúnar Hauksson, „29. Nóvember. samstaða með Palestínu“, *Morgunblaðið* 29. nóvember 1997, bls. 42.

¹¹ *Unispal*. 7.5 1947. A/C.1/PV.48. Future government of Palestine—GA debate—verbatim record.

¹² *BsR*. Skjalasafn Bjarna Benediktssonar. 2. hluti. Stjórnmalamaðurinn. 2-10-1. Bréf Thors Thors til Bjarna Benediktssonar, 21. júlí 1947, bls. 2.

að Thor naut mikils trausts í hinni fálíðuðu og vanbúnu utanríkisþjónustu Íslands á þessum tíma og vitað er að hann hafði oft mikil áhrif á hvaða stefnu Ísland tók á vettvangi Sp. Í lok apríl 1947 var sent símskeyti frá utanríkisráðuneytinu til Thors og í því stóð: „leggjum yður vald samkvæmt skoðun yðar“.¹³ Á allsherjarþinginu vorið 1947 var því atkvæðavaldið í höndum Thors. Hvort það hafi líka átt við um þá ákvörðun hvort fylgja ætti meðmælum Palestínunefndarinnar er erfitt að fullyrða um út frá fyrrnefndu bréfi. En það gefur ákveðna vísbendingu um að Bjarni hafi a.m.k. talið heppilegast að fylgja ráðum Thors í þessum efnum.

Meirihluti nefndarinnar komst að þeirri niðurstöðu að skipta bæri Palestínu í ríki gyðinga og ríki araba.¹⁴ Skýrsla nefndarinnar er dagsett 3. september 1947. Thor fékk tillöguna í hendur a.m.k. tveimur vikum fyrr. Í bréfi til Bjarna sagðist hann telja niðurstöður meirihluta nefndarinnar skynsamlegar jafnvel þótt arabar hefðu hótad stríði ef taka ætti af þeim land sem þeir „telja sig eina eiga“.¹⁵ Thor virðist því hafa á þessum tímapunkti gert upp hug sinn um hvernig best væri að leysa þetta mál. Þessi orð hans gefa til kynna að hann hafi aldrei verið tilbúinn að samþykkja það að arabar ættu einir tilkall til Palestínu. Afstaða hans virðist því hafa verið nokkuð ljós þegar niðurstöður nefndarinnar lágu fyrir.

Þegar nefndin skilaði niðurstöðum sínum var ljóst að um þær ríkti ekki einhugur. Því var skipuð önnur nefnd sem ætlað var að vinna úr skýrslu fyrri nefndarinnar. Í seinni nefndinni sátu þrír fulltrúar: formaður, varaformaður og Thor sem valinn var framsögumaður. Fulltrúar beggja deiluaðila komu fyrir nefndina. Skipaðar voru undirnefndir sem ætlað var að koma með tillögur um framtíðarskipulag Palestínu. En ekkert virðist hafa gengið að ná sáttum. Thor, ásamt formanninum og varaformanninum, var falið að ná sáttum í málinu, en að lokum fór það svo að nefndin hafnaði því að aðeins yrði eitt ríki í Palestínu.¹⁶ Óljóst er hver þáttur Thors var í þeirri niðurstöðu. En verkefni nefndarinnar var ekki að ganga að ýrtruðum kröfum annars hvors deiluaðilans svo alls óvíst er að Thor hafi átt þátt í að sveigja nefndina að þessari

¹³ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1998. B-598. Símskeyti utanríkisráðuneytisins til Thors Thors, 29. apríl 1947.

¹⁴ *Unispa*. 3.9 1947. A/364. Question of Palestine/Majority plan(partition), Minority plan(Federal State) UN Special Committee on Palestine(UNSCOP) - Report .

¹⁵ *BsR*. Skjalasafn Bjarna Benediktssonar. 2. Hluti. Stjórnámálamaðurinn. 2-10-1. Bréf Thors Thors til Bjarna Benediktssonar, 20. ágúst 1947.

¹⁶ *Unispa*. 25. 9 1947. A/AC.14/SR1. Palestine question–Ad Hoc Cttee/Election of officers –Summary record. 22. 10 1947. GA/PAL/24. Membership and functions of Subcommittees 1 and 2–Ad Hoc Committee on Palestinian question–Press release. 23. 10 1947. GA/PAL/23. Establishment of Subcommittees on partition and unitary state – Ad Hoc Committee on the Palestinian question–Press release. 25.11 1947. A/516. Palestine question/Future government partition plan–Ad Cttee report, recommendations.

afstöðu. Af því sem kom fram um viðhorf hans áður en hann tók sæti í þessari nefnd má þó ráða að hann hafi alltaf talið heppilegast að skipta Palestínu milli gyðinga og araba.

Eftir að niðurstaðan lá fyrir flutti Thor tvær ræður á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna. Í fyrri ræðunni, sem hann flutti 26. nóvember 1947, þegar hann kynnti skýrslu nefndarinnar, lýsti Thor yfir hryggð vegna þess að ekki hefði tekist að koma á sáttum milli araba og gyðinga. Þetta endurtók hann þremur dögum síðar í seinni ræðunni áður en greidd voru atkvæði um hvað gera ætti við Palestínu. Þar upplýsti Thor að allar sáttatilaunir hans, formanns og varaformanns nefndarinnar væru vonlausar. Nú yrði að ganga til atkvæða og vonandi myndi nást sátt þegar ákvörðun allsherjarþingsins lægi fyrir. Eins og alþekkt er samþykkti allsherjarþingið að skipta Palestínu í tvö ríki og Thor greiddi, fyrir hönd Íslands, atkvæði með skiptingunni.¹⁷ Þannig var í meginatriðum þáttur Thors Thors í þeirri ákvörðun Sp að samþykkja stofnun gyðingaríkis.

Í mörgum bókum um sögu Ísrael er ekkert minnst á Thor Thors. Það bendir til þess að margir fræðimenn hafi ekki talið framlag hans svo mikið að það tæki því að minnast á hann. En þó er alveg ljóst að forystumenn gyðinga á þessum tíma töldu þátt hans mjög mikilvægan. Abba Eban sem þá var tengiliður heimssamtaka gyðinga við Sp, og síðar sendiherra Ísrael hjá samtökunum og utanríkisráðherra, taldi að ræða Thors 29. nóvember 1947 hefði sett tóninn og í raun knúið fram atkvæðagreiðslu sem forystumenn gyðinga töldu afar mikilvægt ef ræða Thors hefði ekki verið svona afdráttarlaus hefði málið líklega dregist enn frekar á langinn og reynt hefði verið að ná samningum sem hefði tafið stofnun Ísraels. Ræða Thors hefði ekki ein og sér tryggt að svo fór sem fór en hún hefði skapað þann anda sem nauðsynlegur var til að meirihluti fundarmanna samþykkti að lokum skiptingu Palestínu og tryggði þannig tilveru Ísrael. Að morgni 29. nóvember lagði Eban mikla áherslu á það við Thor að ræða hans færi einmitt fram með þessum hætti. Thor sagði við Eban að Íslendingar væru tengdari gyðingum en hann héldi. Menning Íslendinga væri undir miklum áhrifum Biblíunnar og eins og gyðingum væri Íslendingum annað um að halda í þjóðerni sitt. Thor lýsti sig samþykkan orðum Ebans. Ræðan sem Thor flutti síðar um daginn var stórkostleg að mati Ebans.¹⁸ Thor var því greinilega nokkuð hallur undir málstað gyðinga og hafði talsverð áhrif á að samþykkt var að stofna gyðingaríki. Ísraelar voru honum, og

¹⁷ *Unispal*. 26. 11 1947. A/PV.124. Future government of Palestine–GA debate–Verbatim record. 29.11 1947. A/PV.128. Future government of Palestine –GA debate, vote on resolution 181–Verbatim record. 29.11 1947. A/RES/181(II). Palestine plan of partition with economic union –General Assembly resolution 181.

¹⁸ Abba Solomon Eban, *Abba Eban*, bls. 97–98 .

Íslendingum öllum raunar, afar þakklátir fyrir stuðninginn. Þessu lýstu ísraelskir ráðamenn oft yfir þegar fundum þeirra og íslenskra ráðamanna bar saman næstu árin. Eftir því sem árin liðu fennti nokkuð yfir framlag Thors hjá Ísraelum en það var ekki gleymt a.m.k. hjá forystumönnum Ísrael. Enginn vafi er á því að þáttur Thors Thors lagði grunn að mjög vinsamlegum samskiptum Íslands og Ísraels á flestum sviðum næstu árin.

Fölskvalaus samskipti íslenskra og ísraelskra stjórnvalda

Íslensk stjórnvöld sýndu Ísraelum strax hina mestu vinsemd og þá jafnvel meiri vinsemd en stjórnvöld annarra Norðurlanda. Thor Thors greiddi t.d atkvæði með aðild Ísrael að Sp 1949 en Danir og Svíar sátu hjá.¹⁹ Ekki tók langan tíma að koma á stjórnmálasambandi milli ríkjanna og árið 1951 skiptust ríkin á sendiherrum.²⁰ Dæmi voru um að í boðum á vegum ísraelskra stjórnvalda, sem norrænir sendifulltrúar sátu, hafi gestgjafarnir sýnt Íslandi mestan áhuga.²¹ Sumir íslenskir ráðamenn sem heimsóttu Ísrael sögðu norrænum kollegum frá heimsóknum sínum og báru þeim sjónarmið Ísraels. Fyrir þetta voru ísraelsk stjórnvöld þakklát.²² Ísraelsmenn tóku enda öllum stuðningi fagnandi.

Einnig vekur athygli að dæmi voru um að íslensk og ísraelsk stjórnvöld reyndu að hafa sameiginleg áhrif á alþjóðavettvangi. Guðmundur Í. Guðmundsson utanríkisráðherra kom eftir heimsókn sína til Ísraels árið 1960 á framfæri við norræna kollega sína hugmyndum Ísraels um að norrænu ríkin myndu beita sér í auknum mæli í Afríku til að vega upp á móti áhrifum stórveldanna en undirtektirnar urðu dræmar.²³ Ísrael veitti einnig Íslendingum stuðning í landhelgisdeilum þeirra. Það þakkaði Guðmundur sérstaklega í heimsókn sinni.²⁴ Raunar voru ísraelsk stjórnvöld á móti því að takmarka aðgang að fiskimiðum. Hins vegar töldu þau að gera yrði undantekningu fyrir þjóðir eins og Íslendinga sem lifðu nær eingöngu á fiskveiðum.²⁵

¹⁹ *Unispal*. 11. 5 1949. A/PV.207. Admission of Israel to the United Nations—GA debate - Verbatim record.

²⁰ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1989. B-205. Handbók utanríkisráðuneytisins, bls. 43.

²¹ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1968. B-25. Bréf Helga P. Briem sendiherra Íslands í Stokkhólmi til utanríkisráðuneytisins, 17. desember 1951.

²² ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1968. B-43. Bréf Chaim Yahil ráðuneytisstjóra Utanríkisráðuneytis Ísraels til Henriks Sv. Björnssonar ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytis Íslands, 7. október 1960.

²³ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1968. B-43. Bréf frá Henriks Sv. Björnssonar ráðuneytisstjóra Íslands til Chaim Yahil ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytis Ísraels, 30. ágúst 1960.

²⁴ Ari Rath, „Rough seas. Smooth Government“, *The Jerusalem Post* 18. ágúst 1960.

²⁵ „Ísrael viðurkennir sérstöðu Íslands“, *Morgunblaðið* 6. apríl 1960, bls. 1, 23.

Velvildin milli stjórnvalda ríkjanna náði mestum hæðum í gagnkvæmum ráðherra- og þjóðhöfðingja heimsóknum á báða bóga. Hápunktinum var náð árið 1966 með heimsókn Ásgeir Ásgeirssonar forseta Íslands til Ísraels. Þá var Ásgeiri sýndur sá heiður að vera fyrsti erlendi þjóðhöfðinginn sem fékk að ávarpa ísraelska þingið, Knesset. Hér er ekki rými til að fjalla um hverja heimsókn fyrir sig, en í öllum þeirra létu leiðtogarnir mjög hlýleg orð falla um góða og mikla vináttu ríkjanna. Í heimsókn forseta Íslands árið 1966 sagði forseti Ísrael, Zalman Shazar, Íslendinga verðskulda aðdáun. Sams konar ummæli hafði Guðmundur Í. Guðmundsson utanríkisráðherra látið falla um Ísraela þegar Golda Meir, utanríkisráðherra Ísraels, heimsótti Ísland fimm árum fyrir.²⁶ Íslendingar fundu til samkenndar með baráttu Ísraela fyrir stofnun síns ríkis og hrifust af kröftugri uppbyggingu þess. Íslenskir ráðamenn minntu reglulega á að Ísrael væri land Biblíunnar sem væri einn helsti grunnur íslenskrar menningar. Eins og Gunnar Þ. Bjarnason bendir á var styrkur kristinnar trúar mun meiri á Íslandi á þeim tíma.²⁷ Það sem styrkti samkenndina var einnig það sem Íslendingar og Ísraelar áttu sameiginlegt. Báðar þjóðirnar höfðu nýlega stofnað sjálfstæð ríki og horfðu þá til fornra bókmennta með það í huga að endurheimta hina glæstu fortíð sem þar er lýst. Ásgeir Ásgeirsson minntist sérstaklega á þetta í sinni heimsókn og sagði að hinar fornu bókmenntir hefðu átt ríkastan þátt í varðveislu þjóðernisins hjá báðum þjóðum.²⁸ Forseti Ísraels hafði áður tekið undir það.²⁹ Þessi tenging milli ríkjanna var því augljóslega mikils metin og lifandi í huga ráðamanna.

Íslenskir ráðamenn þessa tíma veittu algert samþykki sitt fyrir tilverugrundvelli Ísrael sem byggðist á sionisma sem er umdeild hugmyndafræði enn í dag. Sionisminn varð til til lok 19. aldar og gekk í stuttu máli út á að gyðingar ættu rétt á að stofna ríki í Palestínu. Ásgeir Ásgeirsson heiðraði sionismann þegar hann lagði blómsveig við leiði Theodor Herzl upphafsmanns sionismans.³⁰ Það sama gerði Bjarni Benediktsson í heimsókn sinni til Ísraels árið 1964.³¹

Aldrei bar skugga á samskipti stjórnvalda í Ísrael og á Íslandi á þessum árum, þótt íslensk stjórnvöld væru ekkert alltaf fullkomlega sátt við aðgerðir Ísraela. Í Súesdeilunni

²⁶ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1968. B-18. Ágrip af ræðu Zalman Shazar forseta Ísraels í veislu fyrir forseta Íslands 28/3 1966. ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1968. B-34. Ræða utanríkisráðherra í kvöldverði fyrir Goldu Meir, 18. maí 1961.

²⁷ Gunnar Þór Bjarnason, „Ísland og Ísrael“, bls. 80.

²⁸ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1968. B-18. Ávarp forseta Íslands í boði forseta Ísraels, 28. mars 1966.

²⁹ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1996. B-470. Bréf Hans G. Andersen sendiherra Íslands í Osló til utanríkisráðuneytisins 16. nóvember 1962.

³⁰ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1968. B-18. Fréttatilkynning frá Tel Aviv, 30. mars 1966.

³¹ „Forsætisráðherra Íslands á biblíuslóðum í dag“, *Vísir* 4. nóvember 1964, bls. 6.

árið 1956 studdu Íslendingar t.d. ályktun Sp um að Ísrael skyldi draga herlið sitt til baka. Samt sem áður fordæmdi ríkisstjórn Íslands aðeins hernað Breta og Frakka.³² Annars greiddu íslensk stjórnvöld alltaf atkvæði með Ísraelum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna. Fulltrúum araba þótti nóg um og kvörtuðu yfir þessu við fastanefnd Íslands hjá Sp og einnig við íslensk sendiráð.³³ Arabaríkin reyndu að fá íslensk stjórnvöld til að draga úr stuðningi sínum við Ísrael, en það hafði engin áhrif. Íslensk stjórnvöld tóku vel í allar beiðnir Ísraels um stuðning og veittu hann greiðlega. Ísraelsk stjórnvöld þökkðu stuðninginn reglulega.

Íslensk stjórnvöld hugðu ekki mikið að stöðu Palestínumanna og það hjálpaði án efa mikið við að halda góðu sambandi við Ísraels. Fyrir 6 daga stríðið árið 1967 höfnuðu íslensk stjórnvöld ítrekað beiðnum Sp um fjárframlög til flóttamannahjálpar Palestínumanna (UNRWA). En íslensk stjórnvöld styrktu hins vegar flóttamannahjálpar Sp (sem UNRWA var ekki hluti af) og fannst það líklega nægja. Uppi voru hugmyndir í fastanefndinni hjá Sp og utanríkisráðuneytinu um að heppilegt væri að Ísland myndi leggja eitthvað af mörkum en ráðherra hafnaði þeim.³⁴ Lengra voru íslensk stjórnvöld ekki reiðubúin að ganga. Ísland greiddi t.d. atkvæði gegn því í stjórnmalanefnd allsherjarþings Sp að virða yrði réttindi palestínskra flóttamanna að fullu og að þeir ættu að fá tekjur af eignum sem þeir hefðu þurft að skilja eftir í Ísrael. Önnur Norðurlönd greiddu atkvæði á sama hátt.³⁵ Í ræðu sendifulltrúa í fastanefnd Íslands, Kristjáns Albertssonar, sem haldin var í einni af nefndum allsherjarþingsins árið 1962 kom skýrt fram með hverjum íslensk stjórnvöld stóðu. Verið var að fjalla um tillögu um rétt palestínskra flóttamanna til að snúa aftur til yfirgefina heimkynna í Ísrael. Kristján sagði Ísland skilja vel samhug araba með flóttamönnum sem lifðu við fátækt en taka yrði framtíð Ísraels með í reikninginn sem vildi ekki fá allan þennan fjölda til sín sem myndi sýna ríkinu fjandskap.³⁶ Íslensk stjórnvöld voru ekki ein um það á þessum tíma að líta svo á að Palestínumenn hefðu engan sérstakan rétt á öðru en hefðbundinni flóttamannaaðstoð.

³² *Unispal*. 7.11 1956. A/RES/1002(ES-1). 1956war/UNEF-GA emergency session-Resolution.

ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1998. B-467. Yfirlýsing ríkisstjórnar, 6. Nóvember 1956.

³³ *ÞÍ*. Utanríkisráðuneytið 1998. B-147. Ísland-Ísrael (ódagsett vélrituð skýrsla).

³⁴ *ÞÍ*. Utanríkisráðuneytið 1998. B-147. Frásögn. 1. júlí 1965. *ÞÍ*. Utanríkisráðuneytið 1998. B-147. Bréf Kristjáns Albertssonar fastanefnd hjá Sp til utanríkisráðuneytisins, 17. nóvember 1966.

³⁵ *Unispal*. 23.11 1965 A/6115. Work of UNRWA –Report of the Special Political Committee(4th Cttee) to GA, draft resolutions.

³⁶ *ÞÍ*. Utanríkisráðuneytið 1998. B-147. Flóttafólk í Palestínu. Ræða Kristjáns Albertssonar í sérstöku pólitísku nefndinni, 13. Desember 1962, bls. 2.

Áhugi var á því hjá íslenskum stjórnvöldum að byggja upp góð samskipti við arabaríkin. En stjórnvöldum var mjög umhugað um að þau samskipti myndu ekki móðga Ísraela. Þessi viðleitni gat stundum tekið á sig skoplega mynd. Eitt dæmi þess er heimsókn sendinefndar frá Egyptalandi (sem þá kallaðist Sameinaða arabalýðveldið) til Íslands árið 1962. Sendiráði Íslands í Stokkhólmi var falið að spyrjast fyrir um hvað Ísraelum fyndist um þá hugmynd að Egyptarnir yrðu sæmdir orðum í heimsókninni. Fyrirspurninni var svarað með bros á vör á þann veg að Ísraelum væri nákvæmlega sama.³⁷ Þetta lýsir að mörgu leyti í hnotskurn að íslensk stjórnvöld mátu sambandið við Ísrael mikils og ef þau þurftu að velja á milli Ísraela og araba urðu hinir fyrrnefndu fyrir valinu. Þannig var samband stjórnvalda ríkjanna áður en 6 daga stríðið skall á. Það var gott, vinalegt og Íslendingar stóðu með Ísraelum á móti Palestínumönnum og öðrum aröbum.

Almenn aðdáun á Ísrael

Áður en Ísrael var formlega stofnað voru viðhorfin, eins og þau birtust í íslenskum blöðum, til deilna araba og gyðinga um Palestínu blendin. *Þjóðviljinn* og *Tíminn* tóku að nokkru leyti undir málstað araba en *Morgunblaðið* og *Vísir* voru meira á bandi gyðinga. Í *Morgunblaðinu* mátti t.d. lesa rétt fyrir upphaf síðari heimsstyrjaldar að deilur araba og gyðinga styrktu sjálfstæðishreyfingu araba sem væri hættulegt.³⁸ Nokkru árum síðar var því haldið fram í *Tímanum* að það hefði verið skiljanlegt að aröbum hefði gramist uppkaup gyðinga á landareignum þeirra. Það væri ekki pláss fyrir alla gyðinga í Palestínu og best væri að finna þeim önnur heimkynni.³⁹ Eftir styrjöldina, þegar átök í Palestínu jukust til muna, komst *Þjóðviljinn* á þá skoðun að átökin væru helst Bretum að kenna og sakaði þá um að etja aröbum og gyðingum saman.⁴⁰ Stundum reyndu þó blöðin að skoða þessi mál frá öllum hliðum og af hlutlægni. *Alþýðublaðið* birti t.d. grein þar sem því var haldið fram að hvorugur deiluaðilanna ætti meiri rétt en hinn.⁴¹ En þessi blendnu viðhorf til átakanna héldust allt þar til að Ísrael varð til. Í *Tímanum* mátti lesa, viku eftir að samþykkt var að skipta Palestínu í tvö ríki, að það væri skiljanlegt að arabar teldu sig hafa rétt til að fara með yfirráðin í Palestínu í ljósi þess að þeir væru

³⁷ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1989. B-316. Bréf sendráðs Íslands í Stokkhólmi til utanríkisráðuneytisins, 31. mars 1962.

³⁸ „Yfirráðin í Miðjarðarhafi“, *Morgunblaðið* 25. febrúar 1939, bls. 5.

³⁹ „Erlent yfirlit. Gyðingarnir og Palestína, *Tíminn* 8. febrúar 1944, bls. 56.

⁴⁰ „Óaldarflokkur Sterns“, *Þjóðviljinn*, 4.1 1945, bls. 3.

⁴¹ Russell Mckinnon Croft, „Sögulegar rætur Palestínamálsins“, *Alþýðublaðið*, bls. 7.

tvöfalt fleiri en gyðingar.⁴² Þetta var orðað með þessum hætti: „Landakröfur gyðinga eru ekki ósvipaðar því að Íslendingar færu að krefjast lands í Noregi þar sem forfeður þeirra bjuggu fyrir löngu.“⁴³ Efasemdirnar héldu áfram í *Tímanum* og skipting Palestínu kölluð „ævintýri“ og þar sem hún væri gerð gegn vilja 2/3 íbúanna væri sjálfsákvörðunarréttur þeirra „fótum troðinn“.⁴⁴ Það er hins vegar athyglisvert að þrátt fyrir þann þátt sem að Thor Thors átti í þessari skiptingu bar ekkert á gagnrýni á hann eða íslensk stjórnvöld. Í raun var furðu lítið fjallað um aðkomu Thors að þessu máli í íslenskum blöðum. Hugsanlega hafa íslenskir blaðamenn ekki gert sér grein fyrir þætti hans.

Eftir að Ísraelsríki varð að veruleika þögnuðu flestar gagnrýnisraddir og í íslenskum blöðum birtust nánast eingöngu jákvæð viðhorf gagnvart Ísrael. *Tíminn* sem hafði verið svo gagnrýnin á framgang gyðinga sagði t.d. að allt stefndi í að Ísrael yrði „merkilegt ríki“.⁴⁵ Það var eins og hrifningin yfir uppbyggingu litla gyðingaríkisins ýtti fyrri efasemdum til hliðar. Í blöðunum sem hölluðust til vinstri var lýst sérstakri hrifningu yfir áherslu Ísraels á samvinnufélög og samyrkjubúskap. Þó birtust einnig greinar í *Morgunblaðinu* þar sem lýst var yfir aðdáun á samyrkjubúum.⁴⁶ Kristileg blöð töldu spádóma biblíunnar vera að rætast með stofnun Ísraelsríkis. Reglulega birtust fréttir af uppbyggingu Ísraels og hrifningin yfir henni leyndi sér yfirleitt ekki. Í öllum blöðum var afstaða tekin með Ísraelum í deilum þeirra og átökum við araba. Alltaf var tekið viðtal við sendiherra Ísraels gagnvart Íslandi þegar hann heimsótti Ísland og þá yfirleitt í fleiri en einu blaði. Mikið var vísað til þess að eins og Íslendingar væru Ísraelar að endurheimta sjálfstæði sitt. Það styrkti án efa jákvæð viðhorf á Íslandi gagnvart Ísrael. Fram að 6 daga stríðinu varð lítið vart við neikvæð viðhorf gagnvart Ísrael í íslenskum blöðum. Það kom fyrir að Ísrael væri gagnrýnt. Í Súes deilunni örlaði á gagnrýni á hernaðaraðgerðir Ísraels en hún var þó hófstíllt.

Það hjálpaði líka mikið til við að viðhalda jákvæðri ímynd Ísraels á Íslandi hversu lítið var fjallað um stöðu Palestínumanna. Það var þó vissulega gert svo að Íslendingar voru meðvitaðir um þeirra hagi. En öll umfjöllun einkenndist af því sjónarhorni að Palestínumenn væru fyrst og fremst flóttamenn sem þyrftu á aðstoð að halda og sumar

⁴² „Erlent yfirlit. Skipting Palestínu“, *Tíminn* 6. desember 1947, bls. 5.

⁴³ „Erlent yfirlit. Tillögur Palestínunefndarinnar. *Tíminn* 4. september 1947, bls. 1.

⁴⁴ „Erlent yfirlit. Deilan um Palestínu“, *Tíminn* 26. febrúar 1948, bls. 5.

⁴⁵ „Erlent yfirlit. Kommúnistaríkin snúast gegn Ísrael“, *Tíminn* 12. maí 1949, bls. 5.

⁴⁶ Sigurður A. Magnússon, „Til landsins fyrirheitna“, *Morgunblaðið* 17. júlí 1952, bls. 7.

greinar voru skrifaðar í nokkuð niðrandi tón.⁴⁷ Hið ríkjandi viðhorf til Palestínnumanna á Íslandi var augljóslega það sama og hjá stjórnámálamönnum. Palestínnumenn voru flóttamenn sem áttu vorkunn skilið en ekkert meira en það. Gunnar Þ. Bjarnason lýsir því réttilega þegar hann segir að Íslendingar hafi almennt ekki haft mikinn áhuga á stöðu Palestínnumanna og verið mun meira umhugað um uppbyggingu gyðingaríkisins.⁴⁸ Þessi jákvæðu viðhorf til Ísrael á Íslandi ýttu undir góð samskipti á öllum sviðum. Þannig fylgdust viðhorfin og stjórnámálalegu samskiptin algerlega að. Vinsamleg afstaða til Ísraels var nauðsynlegur grunnur að góðum samskiptum íslenskra og ísraelskra ráðamanna.

Menningarsamskipti og ferðalög milli Íslands og Ísraels

Hlýlegt samband stjórnvalda ríkjanna var ekkert einsdæmi. Félög sem höfðu það að markmiði að stuðla að gagnkvæmri vináttu voru stofnuð í báðum löndunum. Í félaginu Ísland–Ísrael á Íslandi voru félagar úr mörgum stéttum þjóðfélagsins. Á félagaskránni voru forstjórar, biskup Íslands, ráðherra, kaupmenn og verkamenn.⁴⁹ Þetta er ágætt dæmi um þann almenna velvilja sem ríkti í garð Ísraels á Íslandi.

Í systurfélaginu í Ísrael voru, að sögn Fritz Naschitz ræðismanns Íslands í Ísrael, menn sem voru háttsettir í stjórn mála- viðskipta og menningarlífinu.⁵⁰ Félagið stóð m.a. fyrir sýningum á íslenskri myndlist og náttúrulífsm myndum frá Íslandi ásamt því að halda fyrirlestra. Naschitz stóð einnig sjálfur fyrir slíkum viðburðum og var afskaplega virkur við að kynna Ísland fyrir Ísraelum. Hann flutti ávörp í útvarp um Ísland og stóð yfirleitt fyrir einhverri uppákomu á 17. júní. Stundum var ísraelska útvarpið með sérstaka dagskrá í tilefni dagsins.⁵¹ Naschitz dreifði upplýsingaefni um Ísland til skóla og annarra áhugasamra. Eftirspurnin eftir slíku efni virðist hafa verið þó nokkur því að Naschitz sendi fjölda bréfa til utanríkisráðuneytisins til að biðja um meira efni. Íslensk tónlist var leikin í ísraelska ríkisútvarpinu og áhugi var á íslenskum bókmenntum í

⁴⁷ „Flóttamenn frá Palestínu“, *Alþýðublaðið* 15. júní 1957, bls. 4. „Flóttafólkið frá Ísrael og ólga við botn Miðjarðarhafsins“, *Morgunblaðið* 14. maí 1957, bls. 6.

⁴⁸ Gunnar Þór Bjarnason, „Ísland og Ísrael“, bls. 77.

⁴⁹ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1968. B-34. Félagið Ísland–Ísrael félagaskrá.

⁵⁰ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1968. B-196. Fritz Naschitz. Annual Report on Israel 1959, bls. 7.

⁵¹ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1968. B-335. Fritz Naschitz. Thirteenth Annual Report on Israel 1962, bls. 19.

Ísrael. Halldór Laxness heimsótti landið árið 1963 og fékk höfðinglegar móttökur.⁵² Áhugi var einnig fyrir því að þýða Njálu á hebresku.⁵³ Naschitz var einnig duglegur að kynna málstað Íslendinga í landhelgisdeilunni við Breta fyrir löndum sínum. Viðhorfið gagnvart Íslandi í Ísrael virðist hafa verið mjög jákvætt eins og sést á mörgum lofsamlegum ummælum um Ísland sem birtust í ísraelskum fjölmiðlum þegar Ásgeir Ásgeirsson heimsótti Ísrael.⁵⁴

Áhuginn var gagnkvæmur. Íslendingar fóru snemma að ferðast til Ísraels. Rúmlega þremur árum eftir stofnun Ísraels voru Íslendingar farnir að heimsækja landið.⁵⁵ Áður en fyrsti íslenski ráðherrann heimsótti Ísrael var ferðamannastraumurinn farinn að aukast. Því má segja að stjórnámálamennirnir hafi siglt í kjölfar ferðamannanna.⁵⁶ Naschitz var líka duglegur að gefa út vegabréfsáritanir til Íslands fyrir ísraelska ferðamenn.⁵⁷ Svo góður gangur var í ferðum milli ríkjanna að samið var um að vegabréfsáritanir væru óþarfar.⁵⁸

Í skjalasafni utanríkisráðuneytisins er að finna lítið afmæliskort. Kortið var sent með bréfi Fritz Naschitz árið 1962 og var frá 11 ára gamallri stúlku sem sendi æsku Íslands hamingjuóskir í tilefni af komandi afmæli íslenska lýðveldisins. Með kortinu fylgdi pressað blóm.⁵⁹ Þetta blóm segir líklega meira en mörg orð um hversu góð samskipti voru á milli Íslands og Ísraels á öllum sviðum á þessum tíma. Þessi góðu samskipti sem birtust bæði í ferðum og menningarsamskiptum fylgdu því algerlega stjórnmalasamskiptunum og jákvæðum viðhorfum bæði á Íslandi og í Ísrael.

⁵² *Alþýðublaðið* 12. nóvember 1963, bls. 16.

⁵³ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1996. B-743. Fritz Naschitz. Fifteenth Annual Report on Israel 1964, bls. 14-15.

⁵⁴ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1996. B-743. Fritz Naschitz. Seventeenth Annual Report on Israel 1966, bls. 25.

⁵⁵ „Sagnaþættir úr Jórsalaferð í apríl og maí“, *Morgunblaðið* 24. maí 1951, bls. 7.

⁵⁶ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1968. B-196. Fritz Naschitz. Annual Report on Israel 1957, bls. 8.

⁵⁷ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1968. B-335. Fritz Naschitz. Thirteenth Annual Report on Israel 1962, bls. 19.

⁵⁸ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1996. B-525. Fréttatilkynning frá utanríkisráðuneytinu, 10. mars 1966.

⁵⁹ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1996. B-456. Bréf Fritz Naschitz til Agnars Kl. Jónssonar utanríkisráðuneytinu, 3. júní 1962.

2. Minnkandi vinsemd 1967 –1988

Endalok skilyrðislauss stuðnings íslenskra stjórnvalda við Ísrael

Eftir 6 daga stríðið fjölgaði ályktunum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna þar sem aðgerðir ísraelskra stjórnvalda á herteknu svæðunum voru gagnrýndar á margvíslegan hátt. Fram kemur í skrifum Valdimars Unnar Valdimarssonar að það hafi ekki verið fyrr en árið 1973 að Ísland greiddi atkvæði með slíkri ályktun.⁶⁰ Íslensk stjórnvöld greiddu þó alls ekki atkvæði gegn öllum ályktunum sem komu Ísrael illa fram að þeim tíma. Í sumum tilfellum var setið hjá. Það átti ekki síst við um ályktanir sem vörðuðu stöðu Jerúsalem og ályktanir þar sem Ísrael var sagt brjóta mannréttindi Palestínumanna. Í ályktununum um Jerúsalem gekk Ísland ekki jafn langt og önnur norræn ríki sem greiddu öll atkvæði með þeim ályktunum. Þau sátu hins vegar hjá þegar kom að því að gagnrýna mannréttindabrotin.⁶¹ Íslensk stjórnvöld sátu einnig hjá við afgreiðslu ályktanna þar sem Ísrael var hvatt til að kalla herlið sitt til baka frá herteknu svæðunum.⁶² Íslensk stjórnvöld samþykktu þó aldrei lögmæti hernámsins. Þau voru því augljóslega ekki fullkomlega ánægð með framgöngu Ísraela án þess þó að vera reiðubúin að gagnrýna þá á alþjóðavettvangi í ljósi vináttu ríkjanna. Auðveldara þótti að sitja hjá enda þótt hjáseta feli vissulega í sér ákveðna afstöðu. Eins og fyrir 6 daga stríðið urðu íslensk stjórnvöld við flestum beiðnum Ísraela um stuðning og aðstoð á vettvangi Sþ, a.m.k. fyrstu árin eftir stríðið. Reyndar kom fyrir að Ísraelar væru óánægðir þegar Íslendingar sátu hjá í stað þess að segja nei. Vinskapurinn var enn traustur. En þarna voru komin fram fyrstu merki um óánægju íslenskra stjórnvalda í garð Ísraela þótt hún risti ekki djúpt.

Eftir að vinstri stjórn tók við völdum á Íslandi árið 1971 var yfirlýst stefna hennar að sýna meira sjálfstæði í utanríkismálum og styðja meira við bakið á þjóðum þriðja heimsins. Það gerði hún m.a. með því að styðja aðild Kína að Sþ sem viðreisnarstjórnin, sem var við völd 1959 - 1971, gerði ekki. Markmiðið var að vera óháðari Bandaríkjunum og fylgja þeim ekki í einu og öllu eins og viðreisnarstjórnin hafði gert.

⁶⁰ Valdimar Unnar Valdimarsson, *Ísland í eldlínu alþjóðamála*, bls. 213–222.

⁶¹ Dæmi um slíkar ályktanir: *Unispal*. 14.7 1967. A/RES/2254(ES-V). Jerusalem/Israeli measures–GA 5th ESS –Resolution. 11. 12 1969. A/RES/2546(XXIV). Human rights situation in occupied territories–GA resolution.

⁶² *Unispal*. 13.12 1971. A/RES/2799(XXVI). Mideast situation/Efforts to reach a Peace agreement–GA resolution.

Þessi stefna var undir áhrifum aukinnar útbreiðslu vinstri sinnaðra viðhorfa á Íslandi sem birtist m.a. í meiri samúð með þjóðum þriðja heimsins.⁶³ Stefna vinstri stjórnarinnar og hin breyttu viðhorf áttu eflaust þátt í því að í fyrsta sinn fóru efasemdir að vakna um stuðninginn við Ísrael í íslensku utanríkisþjónustunni. Í lok árs 1971 kom upp ágreiningur innan fastanefndar Íslands hjá Sp. Nokkrum sendifulltrúum fannst sendiherrann, Hannes Kjartansson, ganga í berhögg við stefnu ríkisstjórnarinnar um stuðning við þriðja heiminn með stuðningi við Ísrael. Það gæti kostað stuðning margra ríkja í landhelgisdeilunnni og því þyrfti að meta stuðninginn með tilliti til hagsmuna Íslands. Hannes mótmælti því og sagði að allir starfsmenn hefðu verið sammála um að styðja Ísrael.⁶⁴ Þarna var samspil utanríkisstefnu ríkisstjórnarinnar og efnahagslegra hagsmuna Íslands farið að hafa áhrif á samstöðuna með Ísrael. Í fyrsta sinn fór að skipta máli hverjir sátu í ríkisstjórn á Íslandi þegar kom að samskiptunum við Ísrael.

Það sem hafði líka áhrif á þessar efasemdir var að samúð íslenskra stjórnvalda með Palestínumönnum fór vaxandi eftir 6 daga stríðið. Annað hefði verið nokkuð undarlegt í ljósi aukinnar samúðar með þeim bæði á Íslandi og á alþjóðavettvangi. Íslensk stjórnvöld höfðu aldrei viljað veita fjármagni til UNRWA en viðreisnarstjórnin breytti um stefnu í þeim efnum.⁶⁵ Þó var enn vart við tregðu til að styrkja flóttmannahjálpinu.⁶⁶ Ísland greiddi raunar atkvæði með ályktun allsherjarþingsins árið 1970 (í samfloti við önnur Norðurlönd eins og venjan var yfirleitt) þar sem kallað var eftir því að ísraelsk stjórnvöld stigju nauðsynleg skref til að Palestínumenn sem hröklast hefðu frá heimkynnum sínum í 6 daga stríðinu gætu snúið aftur.⁶⁷ Árið eftir greiddi Ísland einnig atkvæði með ályktun þar sem Ísraelar voru sagðir brjóta Genfarsáttmálann, m.a. með eyðileggingu bústaða flóttamanna og nauðungarflutningum.⁶⁸ Það var því fyrst árið 1971 sem íslensk stjórnvöld greiddu atkvæði með ályktun þar sem aðgerðir ísraelskra stjórnvalda voru gagnrýndar. Íslensk stjórnvöld voru greinilega reiðubúnari en áður að styðja við bakið á Palestínumönnum og litu augljóslega svo á að bæta yrði stöðu þeirra. Þau voru ekki tilbúinn að ganga svo langt að lýsa því yfir að Palestínumenn ættu eins og

⁶³ Valur Ingimundarsson, *Uppgjör við umheiminn*, bls. 123, 331.

⁶⁴ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1998. B-238. Bréf Gunnars G. Schram fulltrúa hjá fastanefnd Íslands hjá Sp til utanríkisráðuneytisins, 26. nóvember 1971. Bréf Hannesar Kjartanssonar sendiherra Íslands hjá Sp til utanríkisráðuneytisins, 3. desember 1971. Skýrsla Hannesar Pálssonar, Stefáns Jónssonar og Braga Jósepssonar.

⁶⁵ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1998. B-238. Bréf aðalritara Sp til Hannesar Kjartanssonar sendiherra Íslands hjá Sp, 20. júlí 1967.

⁶⁶ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1998. B-66. Bréf sendiráðs Íslands í Osló til utanríkisráðuneytisins, 6. apríl 1971.

⁶⁷ *Unispal*. 8.12 1970. A/RES/2672(XXV) A-D. Palestine refugees/UNRWA reports–GA resolutions.

⁶⁸ *Unispal*. 6. 12 1971 A/RES/2792(XXVI) A-E. Palestine refugees/UNRWA reports–GA resolutions.

aðrir rétt á því að lifa sjálfstæðir í eigin landi enda hefði það styggt Ísraela. Í þeim efnum fylgdu íslensk stjórnvöld öðrum norrænum ríkjum. Vinstri stjórnin var samt sem áður fyrsta ríkisstjórn Íslands til að beygja af braut algers stuðnings við Ísrael. Hún breytti stefnu íslenskra stjórnvalda í þessum málum til frambúðar að því leyti að framvegis greiddu þau atkvæði með ýmsum ályktunum sem snerust um að bæta stöðu palestínskra flóttamanna. Vinstri stjórnin steig skref í átt að breyttu sambandi við Ísrael.

Ályktunin frá árinu 1973, sem Valdimar Unnar fjallar um, var hins vegar nokkuð sérstök.⁶⁹ Þar var því lýst yfir að íbúar svæða sem Ísraelar hefðu hertekið í 6 daga stríðinu hefðu yfirráð yfir náttúruauðlindum svæðanna. Tilraunir Ísraela til að nýta þær væru með öllu ólöglegar og þeim bæri að greiða íbúum herteknu svæðanna bætur fyrir alla slíka notkun.⁷⁰ Íslensk stjórnvöld greiddu þó ekki atkvæði með ályktuninni vegna virðingar fyrir réttindum Palestínumanna heldur fyrst og fremst vegna þess að það var talið samræmast betur hagsmunum Íslands. Staðið hafði til upphaflega að samþykkja ályktunina.⁷¹ Íslendingar stóðu enda sjálfir um þetta leyti í baráttu um yfirráð yfir eigin náttúruauðlindum. Þeir höfðu áður fengið samþykka ályktun um yfirráð þróunarríkja yfir náttúruauðlindum sem gekk í meginatriðum út á það sama og ályktunin um auðlindi herteknu svæðanna. Fastanefnd Íslands hjá Sp fannst þar af leiðandi ekki annað ganga en að samþykkja þessa ályktun.⁷²

Þáverandi sendiherra Íslands hjá Sp, Ingvi S. Ingvarsson, sagði í ræðu á allsherjarþinginu að full yfirráð yfir náttúruauðlindum væru grunnur að efnahagslegum vexti í þróunarríkjum og nýlega sjálfstæðum ríkjum. Það væri brot á stofnskrá Sp að hindra ríki í að nýta fullveldisrétt yfir auðlindum sínum.⁷³ Í ljósi þessara orða Ingva má fullyrða að það hefði jaðrað við hræsni að samþykkja ekki ályktunina um náttúruauðlindir herteknu svæðanna. Að styðja hana ekki hefði einnig gert það erfiðara að afla stuðnings þróunarríkja við ályktun Íslands og íslensk stjórnvöld treystu mikið á þeirra stuðning í landhelgisdeilunni. Ísrael sat hjá þegar atkvæði voru greidd um tillögu Íslands og því má segja að fyrri stuðningur þess við Ísland í landhelgismálum hefði í

⁶⁹ Valdimar Unnar Valdimarsson, *Ísland í eldlínu alþjóðamála*, bls. 220-222.

⁷⁰ *Unispal*. 17.12 1973 A/RES/3175(XXVIII). Sovereignty over national resources in the OATs–GA resolution.

⁷¹ Valdimar Unnar Valdimarsson, *Ísland í eldlínu alþjóðamála*, bls. 220.

⁷² ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1989. B-184. Allsherjarþingið 1973, bls. 58-59. B-203, fréttatilkynning frá utanríkisráðuneytinu, 2. maí 1973.

⁷³ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1989. B-184. Statement by the Delegate of Iceland Ambassador Ingvi S. Ingvarsson 30 November 1973 in the Second Committee. Permanent Sovereignty Over Natural Resources.

raun endað á þessum tímapunkti.⁷⁴ Raunar hafði sendiherra Ísraels gagnvart Íslandi áður sagt að ísraelsk stjórnvöld skildu sjónarmið Íslendinga í landhelgisdeilunni en ekki kæmi til greina að taka opinbera afstöðu.⁷⁵ Hins vegar vekur athygli að Ísland sat hjá þegar samskonar ályktun um auðlindir herteknu svæðanna var afgreidd á allsherjarþinginu árið 1974.⁷⁶ Í millitíðinni hafði ný ríkisstjórn tekið við völdum þótt utanríkisráðherrann, Einar Ágústsson, væri sá sami. Sú ríkisstjórn sneri frá stefnu vinstri stjórnarinnar um sjálfstæði gagnvart Bandaríkjunum (sem á þessum tímapunkti var orðinn nánasti bandamaður Ísraels) og aukinn stuðning við þriðja heiminn og það hefur eflaust haft sitt að segja. Hugsanlega hefur mat stjórnvalda einnig verið það að fyrst Ísland ætti ekki sjálft í baráttu um náttúruauðlindir á því allsherjarþingi væri óþarfi að ganga gegn hinum ísraelsku vinum.

Sú ríkisstjórn gekk ekki gegn hagsmunum Ísraels í stærstu málunum. Gunnar Þ. Bjarnason tiltekur þau tilfelli sem líklega eru þekktust en það var árið 1974 þegar stjórnvöld greiddu atkvæði gegn því að Palestínumenn hefðu rétt til sjálfstæðis og að Frelsissamtök Palestínu (PLO) fengju áheyrnarfulltrúa á allsherjarþingi Sp.⁷⁷ Utanríkisráðherra skýrði síðarnefnda atkvæðið þannig að varhugavert væri að leyfa öðrum en fulltrúum aðildarríkja að taka þátt í störfum allsherjarþingsins.⁷⁸ Fyrir þessa afstöðu voru Ísraelar íslenskum stjórnvöldum mjög þakklátir.⁷⁹ Þess ber þó að geta að önnur Norðurlönd sátu ýmist hjá eða greiddu atkvæði gegn þessum ályktunum nema að finnsk stjórnvöld greiddu atkvæði með síðarnefndu ályktuninni. Íslensk stjórnvöld gengu ekkert lengra í stuðningi við Ísrael en Norðurlönd.⁸⁰ Þegar ályktunum um deilu Ísraels og Palestínumanna fór fjölgandi lögðu íslensk stjórnvöld aukna áherslu á að fylgja norrænu ríkjunum í þessum málum. Dæmi voru um að íslenskum sendifulltrúum væri fyrirskipað að breyta atkvæði sínu í samræmi við atkvæði norrænu ríkjanna.⁸¹

⁷⁴ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1989. B-184. Allsherjarþingið 1973, bls. 54.

⁷⁵ „Skilningur í Ísrael á þörf Íslendinga fyrir stærri fiskveiðilögsögu“, *Morgunblaðið* 24. október 1972, bls. 5.

⁷⁶ *Unispal*. 17.12 1974. A/RES/3336(XXIX). Sovereignty over national resources in the OT–GA resolution.

⁷⁷ Gunnar Þór Bjarnason, „Ísland og Ísrael“, bls. 78.

⁷⁸ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1989. B-189. Skýrsla um utanríkismál maí 1975, bls. 7.

⁷⁹ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1998. B-66. Bréf Avigdor Shohan utanríkisráðuneyti Ísraels til Agnars Kl. Jónssonar sendiherra Íslands í Osló. 29. nóvember 1974.

⁸⁰ *Unispal*. 22.11. 1974. A/RES/3236(XXIX). Palestine question/Inalienable rights of the Palestinian people: Self-determination, independence, sovereignty, return–GA resolution. 22.11 1974. A/RES/3237(XXIX). PLO UN status/PLO to participate as observer in GA–GA resolution.

⁸¹ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1998. B-66. Telexskeyti utanríkisráðuneytisins til fastanefndar Íslands hjá Sp, 11. október 1974. B-81. Bréf fastanefndar Íslands hjá Sp til utanríkisráðuneytisins, 16. desember 1971, bls.1–2.

Þegar utanríkisráðherrar Íslands tjáðu sig um deilurnar í Miðausturlöndum eftir 6 daga stríðið lýstu þeir almennt yfir þeirri ósk sinni að deiluaðilum mundi auðnast að semja frið. Þeir tóku yfirleitt ekki beina afstöðu með öðrum aðilanum en ekkert var minnst á stöðu Palestínumanna sem bendir til að hjartað hafi slegið með Ísraelum. Þetta breyttist hins vegar árið 1975. Einar Ágústsson, utanríkisráðherra, sagði þá í skýrslu sinni til Alþingis að friður á svæðinu yrði að byggja á því að tekið væri fullt tillit til „lögmætra réttinda Palestínumanna og tilveruréttur allra ríkja á svæðinu verði virtur.“ Hann endurtók þessi orð á allsherjarþingi Sp.⁸² Um þetta var samstaða meðal utanríkisráðherra allra Norðurlandanna.⁸³ Einar lagði þó einnig áherslu á að öryggi Ísrael yrði að vera tryggt. Íslensk stjórnvöld greiddu þar af leiðandi áfram atkvæði gegn öllum tillögum um sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna. Einar skýrði það, þannig að í tillögunni á síðasta allsherjarþingi hefði ekki verið vikið að tilverurétti Ísraels. Tillagan hefði verið einhliða og þess vegna hefði verið greitt atkvæði gegn henni.⁸⁴ Einar lýsti sinni sýn á þessi mál með sama hætti í öllum sínum skýrslum eftir þetta. Orð hans um rétt Palestínumanna verða að teljast nokkuð á almennum nótum og öryggi Ísrael virðist hafa verið mikilvægara. Óljóst er hvað átt var við með sjálfsákvörðunarrétti og var það yfirleitt ekki útskýrt nánar í ályktununum. Þetta orð bendir þó til að ætlunin hafi verið að Palestínumenn ættu ekki að þurfa að lifa við að Ísraelar réðu þeirra högum í einu og öllu. Það hefði breytt stöðunni gagnvart Ísrael og eftir stóð að íslensk stjórnvöld tóku enn afstöðu með Ísrael í deilum þeirra við Palestínumenn. Það hafði í grundvallaratriðum ekki breyst.

Það þýðir hins vegar ekki að íslensk stjórnvöld hafi samþykkt hernámið eða talið Ísraela geta gert það sem þeim sýndist á herteknu svæðunum. Á allsherjarþinginu árið 1976 var samþykkt ályktun þar sem landnám (sem margir kalla landtöku) og ýmsar aðrar breytingar sem Ísraelar gerðu á byggð og umhverfi herteknu svæðanna voru sagðar ólöglegar. Íslensk stjórnvöld greiddu ásamt öðrum Norðurlöndum atkvæði með þessari ályktun.⁸⁵ Í síðustu skýrslu Einars um utanríkismál árið 1978 sagði hann ríkisstjórnina líta svo á að landvinningar með valdi væru óþolandi. Ísrael yrði að fara af herteknu svæðunum og viðurkenna yrði rétt Palestínumanna til „heimalands“. Þetta

⁸² ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1989. B-189. Skýrsla um utanríkismál maí 1975, bls. 5. „Ræða Einars Ágústssonar á 30. allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna“, *Tíminn* 30. september 1975, bls. 8.

⁸³ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1996. B-140. Communiqué. Meeting of the Nordic Foreign Ministers Oslo 21st-22nd August 1975, bls. 3–4.

⁸⁴ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1989. B-189. Skýrsla um utanríkismál maí 1975, bls. 7.

⁸⁵ *Unispal*. 16.12.1976. A/RES/31/106(A-D). Israeli practices–SpCtee report–GA resolutions .

hafði hann áður sagt á allsherjarþinginu.⁸⁶ Hann skýrði ekki nánar hvað hann átti við, en hann kvað fastar að orði en áður. Í tíð Einars fóru íslensk stjórnvöld í fyrsta sinn að viðurkenna það að Palestínumenn hefðu einhvern rétt og framvegis var það stefna þeirra að tryggja þennan rétt. Yfirleitt var það þó nefnt með óljósum hætti og þrátt fyrir fyrrnefnd orð Einars beittu íslensk stjórnvöld sér ekki fyrir því að Palestínumenn öðluðust aukinn rétt. Það hefði líklega ekki vakið mikla ánægju hjá ísraelskum stjórnvöldum. En samt hafði afstöðubreyting átt sér stað. Skýrsla Ólafs Jóhannessonar, utanríkisráðherra, árið 1981 ber því vitni. Í skýrslunni kemur fram að áður hafi verið litið svo á að mál Palestínumanna væru fyrst og fremst flóttamannamál, en nú væri viðurkennt að um væri að ræða „þjóðarréttindi“.⁸⁷ Vissulega var hér um óljóst hugtak að ræða enda ekki tekið fram í hverju slík réttindi ættu að felast en ummælin bera tvímælalaust merki um aukna vitund um rétt Palestínumanna. Íslensk stjórnvöld voru einnig opnari fyrir því að hitta fulltrúa Palestínumanna og heyra sjónarmið þeirra. Vorið 1977 var ákveðið að Ólafur Egilsson skrifstofustjóri í utanríkisráðuneytinu myndi eiga fund í ráðuneytinu með Daoud Kaloti yfirmanni skrifstofu PLO í Stokkhólmi.⁸⁸ Engar upplýsingar er að finna um hvað fór fram á fundinum eða hvort hann var örugglega haldinn. Þessi fundur virðist hafa haft takmörkuð áhrif á stefnu íslenskra stjórnvalda. Viðhorfið var vissulega það að eitthvað yrði að gera til að bæta réttarstöðu Palestínumanna en hvað það skyldi vera var önnur saga.

Íslensk stjórnvöld héldu áfram að sitja hjá eða greiða atkvæði gegn flestum ályktunum sem komu sér illa fyrir Ísrael nema þegar kom að ályktunum um bættan aðbúnað Palestínumanna. Oft báðu Ísraelar um stuðning og voru þakklátir fyrir hann. Stundum fannst þeim þó ekki nægilegt að Ísland sæti hjá og reyndu að knýja fram neitun í stað hjásetu.⁸⁹ Hins vegar voru einnig dæmi um að bandarísk stjórnvöld þrýstu á þau íslensku að veita Ísrael stuðning.⁹⁰ Vilji Bandaríkjamanna hefur væntanlega haft eitthvað að segja um það hvernig íslensk stjórnvöld höguðu atkvæði sínu. Eftir 1971

⁸⁶ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1989. B-189. Utanríkismál. Skýrsla Einars Ágústssonar utanríkisráðherra til Alþingis 1978, bls. 6. „Réttlátari skipting auðæfa heimsins með bættri alþjóðlegri efnahagssamvinnu er undirstaða alheimsfriðar. Ræða Einars Ágústssonar utanríkisráðherra á allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna í New York sl. föstudag, *Tíminn* 4. október 1977, bls. 10.

⁸⁷ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1999. B-71. Utanríkismál. Skýrsla Ólafs Jóhannessonar utanríkisráðherra til Alþingis 1981, bls. 8.

⁸⁸ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1998. B-66. Telexskeyti frá Ólafi Egilssyni til skrifstofu PLO í Stokkhólmi 4. apríl 1977. Telexskeyti frá sendinefnd PLO í Stokkhólmi til Ólafs Egilssonar, 28. mars 1977.

⁸⁹ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1998. B-81. Ódagsett telexskeyti frá sendiráði Íslands í Osló til utanríkisráðuneytisins.

⁹⁰ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1998. B-66. Minnisblað frá sendiráði Bandaríkjanna í Reykjavík til utanríkisráðuneytisins, 8. desember 1970.

greiddi Ísland hins vegar alltaf atkvæði með ályktunum þar sem hvatt var til að Ísraelar færu eftir Genfarsáttmálanum og íslensk stjórnvöld studdu aldrei landnám Ísraela á herteknu svæðunum frekar en hernámið sjálft. Árið 1980 bættust síðan við ályktanir þar sem gagnrýndar voru harðlega breytingar sem Ísraelar gerðu á skipan mála í Jerúsalem.⁹¹ Þarna lýstu íslensk stjórnvöld yfir óánægju með framferði Ísraela á alþjóðavettvangi. Íslendingar voru farnir að feta sig varlega frá því að veita Ísraelsmönnum nánast gagnrýnislausan stuðning. Eftirtektarvert er að stærstu skrefin í þá átt voru stigin af ríkisstjórnnum sem Sjálfstæðisflokkurinn átti ekki sæti í. Það skipti máli hver stjórnaði þegar kom að stuðningi við Ísrael.

Þessar ályktanir virðast þó hafa verið nokkur undantekning. Fram eftir 8. áratugnum greiddi Ísland yfirleitt atkvæði gegn ályktunum þar sem framferði Ísraela var gagnrýnt, og sérstaklega ef það var beinlínis fordæmt, eða sat hjá. Sama átti við um ályktanir þar sem skipað var fyrir um að rannsaka ætti aðbúnað Palestínnumanna á herteknu svæðunum eða auka aðstoð við þá. Þótt íslensk stjórnvöld hafi ekki verið reiðubúin að samþykkja hernámið fordæmdu þau það ekki. Viðmiðið virðist hafa verið það að þætti ályktunartillaga of harðorð í garð Ísraels var setið hjá eða greitt atkvæði á móti henni. Íslensk stjórnvöld fylgdu öðrum Norðurlöndum í slíkum málum.⁹² En þegar komið var fram á 9. áratuginn urðu þau hins vegar viljugri til að samþykkja aukna aðstoð við Palestínnumenn.

Meginlínan í afstöðu íslenskra stjórnvalda til Ísrael hélt hins vegar. Stuðningurinn var ekki alger, en hann var nokkuð viðvarandi. Samskipti stjórnvalda ríkjanna voru enn góð. En þau voru ekki eins innileg og fyrir 6 daga stríðið. Þetta kom vel fram í heimsókn Einars Ágústssonar, sem þá var sendiherra, til Ísraels árið 1980.

Ráðuneytisstjóri ísraelska utanríkisráðuneytisins tjáði honum að „þrátt fyrir allt ætti Ísrael enn nokkra vini og teldu þeir Íslendinga þar á meðal“. Yfirmaður Evrópudeildar ráðuneytisins lýsti hins vegar óánægju með breytingar á afstöðu Norðurlandanna til deilnanna við Palestínnumenn en lagði um leið áherslu á að auka samskipti Íslands og

⁹¹ *Unispal*. 15. 12 1980. A/RES/35/169(A-E). Palestine question/CEIRPP/DPR/Inalienable rights in Palestine/Israel's "basic law" on Jerusalem Censured/SecCo measures under Chapter VII-GA resolutions.

⁹² Dæmi um slíkar ályktanir: *Unispal*. 6.12 1979. A/RES/34/70. Mideast situation/Early convening with all parties of Mideast peace conference under S/RES/338(1973)-GA resolution. 14.12 1979. A/RES/34/113. Living conditions of the Palestinian People-GA resolution. 14. 12 1979. A/RES/34/133. Assistance to the Palestinian People-GA resolution.

Ísraels á sviði menningar og viðskipta.⁹³ Þarna hafði orðið ákveðin stigbreyting á samskiptum stjórnvalda ríkjanna. Þau voru vinaleg en ekki algerlega laus við núning.

Innrás Ísraels inn í Líbanon árið 1982 varð til þess að gagnrýni íslenskra stjórnvalda á framferði þeirra ísraelsku harnaði. Ríkisstjórn Íslands lýsti því yfir að innrásin hefði valdið dauða þúsunda og að hún tryggði ekki rétt Ísraels til að lifa í friði. Ríkisstjórnin kaus þó að fordæma ekki árásina heldur notaði orðið „harmar“.⁹⁴ Norðurlöndin samþykktu hins vegar ályktun allsherjarþingins þar sem Ísrael var fordæmt fyrir að hunda ályktanir öryggisráðs Sp varðandi Líbanon og í lok árs 1982 studdu þau fordæmingu á innrásinni.⁹⁵ Í kjölfarið voru íslensk stjórnvöld viljugri til að fordæma fleiri aðgerðir Ísraels. Í lok árs 1982 var t.d. samþykkt ályktun, m.a. með atkvæðum allra Norðurlandanna, þar sem ýmsar aðgerðir Ísraels á Gólanhæðum voru fordæmdar.⁹⁶ Einnig samþykktu Norðurlöndin að fordæma Ísrael fyrir að ræna palestínskum menningarverðmætum.⁹⁷

Innrásin í Líbanon hafði einnig þau áhrif að íslenskum stjórnvöldum varð umhugaðra um aðstæður Palestínnumanna. Íslensk stjórnvöld fóru að gagnrýna sjálft hernámið og áhrif þess á líf Palestínnumanna með því að greiða atkvæði með ályktun þar sem vikið var að þessum atriðum.⁹⁸ Framvegis greiddu íslensk stjórnvöld atkvæði með slíkum ályktunum. Næstu árin urðu íslensk stjórnvöld enn viljugri til að samþykkja aðstoð við Palestínnumenn.

Í skýrslu sinni um utanríkismál 1982 sagði Ólafur Jóhannesson utanríkisráðherra, eins og síðustu tveir forverar hans, að tryggja yrði sjálfsákvörðunarrétt Palestínnumanna og tilveru og öryggi Ísrael. En Ólafur bætti því við að Ísrael nyti ekki sömu samúðar og áður vegna einstrengislegrar afstöðu til málefna hernumdu svæðanna og Palestínnumanna. Íslendingar hefðu verið meðal þeirra fyrstu til að styðja stofnun Ísraels og alltaf borið virðingu fyrir gyðingahjóðinni sem hefði sýnt hugrekki við erfiðar aðstæður en: „aðstæðurnar hafa þó breyst og er það von okkar að Ísraelsmenn láti ekki leiðast út í neitt sem spillt geti fyrir þeirri þróun sem hófst með gerð Camp David samkomulagsins“. Brottför Ísraels frá herteknu svæðunum hlyti að vera Ísraelum

⁹³ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1996. B-120. Bréf Einars Ágústssonar sendiherra til Ólafs Jóhannessonar utanríkisráðherra og Harðar Helgasonar ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, 9. október 1980, bls.1–5.

⁹⁴ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1998. B-67. Fréttatilkynning frá ríkisstjórninni, 15. júlí 1982.

⁹⁵ *Unispal*. 26. 6 1982. A/RES/ES-7/5. Palestine question/Situation in Lebanon –GA emergency session–GA resolution. 17. 12 1982. A/RES/37/134. Assistance to the Palestinian people–GA resolution.

⁹⁶ *Unispal*. . 9. 12 1982. A/RES/37/88(A-G). Israeli practice –SpCtee report–GA resolutions.

⁹⁷ *Unispal*. 16.12 1982. A/RES/37/123. Mideast situation/Jerusalem/Golan–GA resolution.

⁹⁸ *Unispal*. 20.12 1982. A/RES/37/222. Living conditions of the Palestinian people–GA resolution.

sjálfum fyrir bestu og „reyndar lífsnauðsyn“.⁹⁹ Hér var vissulega ekki um harða gagnrýni að ræða. Ólafur gaf þó til kynna að staða Ísraels væri ekki sú sama og áður og þess vegna gætu íslensk stjórnvöld ekki veitt því stuðning í einu og öllu. Hann var þó alls ekki að boða nein vinslit. Árið áður hafði hann sagt að Ísland gæti vel gagnrýnt árás sem Ísraelar gerðu á kjarnorkuver í Írak á alþjóðavettvangi án þess að tengsl ríkjanna breyttust.¹⁰⁰ Innrásin í Líbanon olli litlum breytingum á þessum tengslum. Þau voru enn nokkuð vinaleg eins og kom fram í heimsókn Einars Ágústssonar til Ísraels árið 1983. Þeir stjórnsmál – og embættismenn sem hann fundaði með ræddu stöðu mála af hreinskilni og aðstoðarráðuneytisstjóri utanríkisráðuneytisins sagði samband Ísrael við EFTA ríkin (Ísland þar á meðal) væri mjög gott.¹⁰¹

Íslensk stjórnvöld voru ekki frekar en stjórnvöld á öðrum Norðurlöndum, reiðubúinn að taka undir að hernám Ísraels bryti í bága við alþjóðalög á þessum tímapunkti.¹⁰² Þrátt fyrir hina auknu gagnrýni vegna Líbanon stríðsins voru íslensk stjórnvöld enn að mörgu leyti á hinni hefðbundnu línu. Þau fylgdu Norðurlöndunum í því að samþykkja ekki að Palestínumenn skyldu njóta sjálfstæðis.¹⁰³ Áfram var oft setið hjá eða greitt atkvæði á móti þegar ályktanir þar sem framferði Ísraels var gagnrýnt voru bornar undir atkvæði. Þetta átti helst við um mjög harðorðar ályktanir þar sem Ísraelar voru t.d. sakaðir um stríðsglæpi. Ísraelar voru eins og venjulega þakklátir fyrir þann stuðning. Þegar Einar Ágústsson heimsótti Ísrael í þriðja sinn 1985 var nokkuð ljóst að Ísland var enn í miklum metum í Ísrael. Það kom skýrt fram í samtölum Einars við embættismenn í ísraelska utanríkisráðuneytinu. Þetta var svo staðfest enn frekar þegar Einar hitti Yitzhak Shamir utanríkisráðherra. Shamir ræddi við Einar um stöðu mála í samskiptum Ísrael og nágranna þess og rakti síðan sögu stuðnings Íslands við Ísrael á vettvangi Sp. Komst Shamir þannig að orði að Íslendingar hefðu „hvarvetna komið fram á drengilegan hátt í málum þessum og væri það geymt en ekki gleymt í landi sínu“. Shamir sagðist treysta því að Ísland héldi áfram þessari stefnu sinni.¹⁰⁴ Þessi ferð Einars er skýr vitnisburður um það að þótt stuðningur Íslands við Ísrael hefði minnkað eilítið

⁹⁹ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1999. B-71. Utanríkismál. Skýrsla Ólafs Jóhannessonar utanríkisráðherra til Alþingis 1982, bls. 10.

¹⁰⁰ „Jafnari lífskjör forsenda heimsfriðarins. Rætt við Ólaf Jóhannesson utanríkisráðherra um horfur í alþjóðamálum og fleira“, *Tíminn* 20. júní 1981, bls. 6.

¹⁰¹ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1996, B-120. Bréf Einars Ágústssonar sendiherra til utanríkisráðuneytisins, 31. janúar 1983, bls. 1–5.

¹⁰² *Unispal*. 19.12 1983. A/RES/38/180. Mideast situation/Jerusalem/Golan–GA resolution.

¹⁰³ *Unispal*. 19.8 1982. A/RES/ES-7/6. Palestine Question–GA emergency session–Resolution.

¹⁰⁴ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1996. B-120. Einar Ágústsson. Skýrsla um embættisferð til Ísrael 1985, bls. 1–13.

var hann enn það mikill að ísraelskir ráðamenn voru ánægðir með hann. Gagnrýni íslenskra stjórnvalda á framferði Ísraelsstjórnar var ekki það harkaleg að samband ríkjanna hefði borið mikinn skaða af. Frá því á 8. áratugnum og fram á miðjan 9. áratuginn hafði orðið stigbreyting á samskiptum íslenskra og ísraelskra stjórnvalda en ekki eðlisbreyting.

Neikvæð viðhorf gagnvart Ísrael fara vaxandi

Fljótlega eftir 6 daga stríðið fór að bera á gagnrýni á hernað Ísraela og hertöku þeirra á landsvæðum í íslenskum dagblöðum. Þar reið *Þjóðviljinn* á vaðið.¹⁰⁵ Í málgagni Þjóðvarnarflokksins, *Friðs Þjóð*, var spurt: „hve miklum þjáningum hefur stofnun Ísraelsríkis valdið milljónum araba“.¹⁰⁶ Ekki leið á löngu þar til *Tíminn* fór að taka undir gagnrýnisraddirnar. Yfirleitt var það Þórarinn Þórarinsson ritstjóri sem ritaði þá gagnrýni. Hann deildi reglulega á Ísraela fyrir að ætla sér að halda herteknu svæðunum. *Tíminn* og *Þjóðviljinn* birtu framvegis reglulega fréttir og greinar þar sem aðgerðir Ísraelsstjórnar voru gagnrýndar talsvert. *Alþýðublaðið* og hægri blöðin, *Morgunblaðið* og *Vísir*, gerðu ekki eins mikið af því. Þó fóru að birtast um þetta leyti greinar í *Vísi* þar sem Ísraelar voru m.a. sakaðir um hroka.¹⁰⁷ Auk þess mátti þar lesa þau sjónarmið að það hefðu verið mistök að stofna Ísrael.¹⁰⁸ *Morgunblaðið* var hins vegar enn jafn vinsamlegt og áður í garð Ísraela þótt vissulega kæmust sjónarmið þeirra sem ekki voru eins ánægðir með Ísraela að í fréttum.

Ekki leið þó á löngu áður en *Morgunblaðið* fór að taka undir með hinum blöðunum að Palestínumenn hefðu verið beittir „órétti“.¹⁰⁹ Hins vegar stillti blaðið sig um að gagnrýna Ísraela beint. En það kom að því að í leiðurum blaðsins var skrifað að Ísraelar yrðu að sýna meiri sveigjanleika og sáttfýsi.¹¹⁰ Betra væri fyrir Ísraela að koma til móts við Palestínumenn. Öll gagnrýni var á nokkuð hófstílltari nótum en í öðrum blöðum. Blaðið hikaði þó ekki við að gagnrýna Ísraela ef því fannst þeir ganga of langt með tilteknum aðgerðum.¹¹¹ Á sama tíma birtust þar oft greinar þar sem málstaður Ísraela var

¹⁰⁵ „Enga landvinninga“, *Þjóðviljinn* 1. júlí 1967, bls. 4.

¹⁰⁶ Gísli Gunnarsson, „Þjóðarheimilið Ísrael“, bls. 4–5.

¹⁰⁷ Þorsteinn Thorarensen, „Hersýning hrokans“, *Vísir* 10. maí 1968, bls. 9.

¹⁰⁸ „Geta Íslendingar orðið milligöngumenn í samningaviðræðum Ísraelsmanna og araba. Rætt við Harald Ómar Vilhelmsson kennara“, *Vísir* 5. ágúst 1967, bls. 10.

¹⁰⁹ „Óviðunandi ástand“, *Morgunblaðið* 9. september 1970, bls. 14.

¹¹⁰ „Hvað gerir Ísrael“, *Morgunblaðið* 11. mars 1971, bls. 16.

¹¹¹ „Óafsakanlegt framferði Ísraelsmanna“, „Hvað gerir Ísrael“, *Morgunblaðið* 23. febrúar 1973, bls. 16.

varinn. Það sama má segja um *Vísi*. Samúðin með Ísrael var talsverð fram eftir 8. áratugnum hjá þeim sem hölluðust til hægri í stjórnmálum .

Harðasta gagnrýnin í garð Ísraels birtist í minni blöðum sem ritstýrt var af fólki sem var langt til vinstri í stjórnmálum eins og t.d. *Studentablaðinu*. Þar mátti t.d. lesa að Ísrael væri að leiða „áþján, eynd, fátækt og dauða yfir saklausa arabíska alþýðu“. ¹¹² Í *Verkalyðsblaðinu* var því haldið fram árið 1977 að friður kæmist ekki á fyrir botni Miðjarðarhafs fyrr en „Zíonistaríkinu Ísrael hefur verið kollvarpað og í þess stað reist frjálst og óháð lýðræðisríki í Palestínu“. ¹¹³

Eftir því sem leið á 8. áratuginn varð þannig ákveðinn munur á viðhorfum íslenskra blaða til Ísraels. Þau blöð sem hölluðust til vinstri voru frekar gagnrýnin á Ísrael, en hægri blöðin, og þá einna helst *Morgunblaðið*, sýndu málstað Ísraels meiri skilning. Þegar *Dagblaðið* kom til sögunnar árið 1975 sýndi það líka málstað Ísraels nokkurn skilning en birti líka greinar þar sem þeir voru gagnrýndir talsvert. Segja má að þessi munur hafi verið undanfari mismunandi viðhorfa gagnvart Ísrael milli vinstri- og hægrimanna á Alþingi. Viðhorfin til Ísrael voru orðin blendnari á Íslandi en áður. Það hversu stuðningurinn við málstað Ísrael var þó enn víðtækur á Íslandi átti vafalaust mikinn þátt í því að samskipti Íslands og Ísrael á stjórnmálasviðinu héldust enn góð.

Um miðjan 8. áratuginn var samúðin með Palestínumönnum farin að aukast. Palestínumenn fóru að koma í heimsóknir til Íslands til að kynna málstað sinn. ¹¹⁴ Þrýst var á íslensk stjórnvöld að reyna að fá Ísraelsmenn til að virða sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna. ¹¹⁵ Þessi aukna samúð átti eflaust mestan þátt í harðari gagnrýni á framferði Ísraels. Árið 1977 fóru fram fyrstu mótmælin á Íslandi til stuðnings Palestínumönnum. ¹¹⁶ Einnig fór að bera á þeim viðhorfum að það væri skiljanlegt að Palestínumenn beittu ofbeldi í baráttu sinni. Stuðningur við Palestínumenn var því að aukast. En hann var mismikill. *Vísir* og *Morgunblaðið* birtu t.d. margar greinar og leiðara þar sem PLO, helsta forystuafli Palestínumanna, voru kölluð hryðjuverkasamtök. Hin blöðin, og þá einna helst *Þjóðviljinn* og *Tíminn*, sýndu málstað Palestínumanna mun meiri skilning og voru mildari í garð PLO. Þau blöð birtu frekar þau viðhorf að tryggja yrði Palestínumönnum sjálfstæði. Mismunandi afstaða til málstaðar Palestínumanna varð því augljóslega til þess að viðhorfin til Ísrael voru þetta misjöfn.

¹¹² „Árásarstríð Ísraels á hendur arabum“, bls. 6.

¹¹³ „För Sadats til Ísrael þjónar heimsvaldastefnu og sionisma“, bls. 6.

¹¹⁴ „Sendinefnd til SHÍ kynnir málstað Araba“, *Þjóðviljinn* 5. mars 1974, bls. 3.

¹¹⁵ Eiríkur Brynjólfsson, „Í Gólanhæðum“, bls. 2.

¹¹⁶ „Palestínunefndin á Íslandi. Dreifir upplýsingum“, *Þjóðviljinn* 1. febrúar 1977, bls. 2.

Almennt virðist hafa verið litið svo á að vissulega þyrfti að bæta stöðu Palestínumanna. En stuðningurinn við þá var líklega ekki nógu víðtækur og mikill þannig að hann hefði einhver veruleg áhrif á samskipti íslenskra stjórnvalda við Ísrael.

Þegar Ísraelar réðust inn í Líbanon birtist hörð gagnrýni á innrásina í öllum blöðum á Íslandi og þar var *Morgunblaðið* ekki undanskilið. Í leiðara *Morgunblaðsins* mátti t.d. lesa að yfirlýstur tilgangur innrásarinnar helgaði ekki meðalið.¹¹⁷ Litlu síðar var fyrirsögn leiðara blaðsins: „Aðgerðirnar í Líbanon verða blettur á Ísrael um langa tíð“.¹¹⁸ Þó voru enn margir á Íslandi sem studdu Ísraelsríki og var umhugað um hag þess þótt þeir væru ekki sáttir við innrásina. Hópur 20 Íslendinga sem kallaði sig vini Ísraels birti auglýsingu í ísraelska dagblaðinu *Jerusalem Post* þar sem m.a. var lýst yfir áhyggjum af minnkandi samúð gagnvart Ísrael bæði á Íslandi og í heiminum öllum og kvíða yfir hatri araba í garð Ísraels. Kallað var eftir því að stríðsrekstrinum yrði hætt og að samið yrði við Palestínumenn á grunni gagnkvæmrar viðurkenningar á réttindum. Undir áskorunina skrifuðu m.a. Vilmundur Gylfason, alþingismaður, Eysteinn Jónsson, fyrrverandi ráðherra, Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður, Þórarinn Þórarinsson, ritstjóri og Árni Bergmann, ritstjóri.¹¹⁹ Nokkrir í þessum hóp skoruðu á ríkisstjórn Íslands að gera Ísraelum það ljóst að innrásin gæti skaðað samskipti ríkjanna.¹²⁰ Þessi hópur er skýr vísbending um það að enn voru margir á Íslandi sem höfðu nokkra samúð með Ísrael og voru landinu vinveittir, en voru ekki sáttir við aðgerðir Ísraelstjórnar og fóru ekki í grafgötur með það. Viðhorfin gagnvart Ísrael á Íslandi voru því augljóslega blendin á þessum tíma, en fóru harðnandi. Eins og hjá stjórnvöldum hafði orðið stigbreyting á hinu almenna viðhorfi. Frá 6 daga stríðinu og fram að uppreisn Palestínumanna 1987 var afstaðan gagnvart Ísrael blendin, en neikvæðum viðhorfum óx ásmegin með hverju árinu sem leið. Það nægði þó ekki til að samskiptin við Ísrael yrðu tekin til gagngerrar endurskoðunar þótt kröfur þess efnis kæmu fram í kjölfar innrásarinnar í Líbanon. Hin blendnu viðhorf til Ísrael á Íslandi voru þannig í beinu samhengi við þær breytingar sem höfðu orðið á stefnu og samskiptum íslenskra stjórnvalda gagnvart Ísrael.

¹¹⁷ „Dregur til úrslita í Líbanon“, *Morgunblaðið* 16. júlí 1982, bls. 16.

¹¹⁸ „Aðgerðirnar í Líbanon verða blettur á Ísrael um langa tíð“, *Morgunblaðið* 7. ágúst 1982, bls. 16.

¹¹⁹ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1998. B-67. Bréf Fritz Naschitz ræðismanns Íslands í Ísrael til sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn, 20. ágúst 1982 (úrklippa með auglýsingunni var send með þessu bréfi).

¹²⁰ „Áskorun til ríkisstjórnar Íslands vegna innrásar Ísraelshers í Líbanon“, *Morgunblaðið* 17. ágúst, bls. 28.

Menningarsamskipti Íslands og Ísraels í ljósi vaxandi gagnrýni Íslendinga

Þrátt fyrir aukna andstöðu á Íslandi við framferði Ísraels gegn Palestínumönnum héldu góð samskipti áfram á milli landanna á ýmsum sviðum. Ungir Ísraelar unnu í íslenskum frystihúsum og ungir Íslendingar á ísraelskum samyrkjubúum. Ef marka má Fritz Naschitz var enn nóg eftirspurn eftir slíkri gagnkvæmri vinnu undir lok 8.

áratugarins.¹²¹ Áhuginn á upplýsingaefni um Ísland var jafn mikill og áður. Íslenskum kórum var boðið til Ísraels og fengu þeir góðar móttökur.¹²² Íslendingar héldu áfram að ferðast um söguslóðir Biblíunnar í Ísrael. Vináttufélag Íslands og Ísraels, á Íslandi, var endurvakið 1978 og hóf starfið með því að boða til veglegs fögnuðar í tilefni af 30 ára afmæli Ísraels.¹²³ En það er til marks um mismunandi viðhorf til Ísraels á Íslandi að fram fóru mótmæli fyrir utan samkomustaðinn.¹²⁴ Öll þessi samskipti sem hér hafa verið nefnd héldu áfram fram eftir 9. áratugnum. Innrásin í Líbanon breytti engu þar um. Hversu algeng jákvæð viðhorf til Ísrael voru þó enn á Íslandi varð greinilega til þess að samskiptin héldust góð á fleiri sviðum en eingöngu milli stjórnvalda ríkjanna. Íslenskir vinir Ísraels héldu fast í vináttuna og voru ekkert að fela hana. Þeir tákngerðu hug sinn með því að setja upp íslensk-ísraelskan trjálund í Heiðmörk.¹²⁵

Viðhorfið til Íslands í Ísrael virðist hafa verið nokkuð jákvætt þrátt fyrir aukningu á neikvæðum viðhorfum gagnvart Ísrael á Íslandi. Dæmi voru um Ísraela sem tóku beinlínis ástfóstri við Ísland.¹²⁶ Fritz Naschitz lýsti því reglulega yfir í samtölum við íslenska fjölmiðla hversu mikillar velvildar Ísland nyti í Ísrael. Samkvæmt honum studdu t.d. ísraelskir fjölmiðlar allir sem einn málstað Íslendinga í þorskastríðinu við Breta.¹²⁷ Forystumaður samtaka til stuðnings gyðingum í Sovétríkjunum sagði árið 1986 að það væri almenn skoðun meðal gyðinga að Íslendingar væru þeim vinveittir.¹²⁸

Það hversu algeng jákvæð viðhorf gagnvart Ísrael voru enn á Íslandi þrátt fyrir allt sem gengið hafði á í átökum Ísraels við nágranna sína ýtti án efa undir það að þau menningarsamskipti sem hér hafa verið nefnd héldust að mestu leyti óbreytt. Samhengið

¹²¹ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 2011. B-309. Bréf Fritz Naschitz ræðismanns Íslands í Ísrael til sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn, 17. ágúst 1979, bls. 2.

¹²² „Hamrahlíðarkórinn úr Ísraelsför. Ferðin var eitt ævintýri“, *Morgunblaðið* 31. júlí 1977, bls. 18–19, 37.

¹²³ „Ísland-Ísrael hátíðarfundur á mánudag“, *Vísir* 26. maí 1978, bls. 4.

¹²⁴ „Mótmæltu „kúgunar- og útþenslustefnu Ísraels““, *Dagblaðið* 1. júní 1978.

¹²⁵ „Íslenskir Ísraelar gróðursetja“, *DV* 1. september 1986, bls. 45.

¹²⁶ „David Felix frá Ísrael í áttunda skipti á Íslandi“, *Morgunblaðið* 25. júlí 1985, bls. 53.

¹²⁷ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 2011. B-635. Bréf Fritz Naschitz ræðismanns Íslands í Ísrael til Henriks Sv. Björnssonar utanríkisráðuneytinu, 15. júní 1976.

¹²⁸ „Jerry Strober fulltrúi The National Council on Soviet Jewry“, *Morgunblaðið* 8. október 1986, bls. 70.

sem þarna var á milli sýnir hversu nauðsynleg undirstaða fyrir þessi samskipti slík viðhorf voru.

3. Vinsemdin brestur 1988 – 2011

Samskipti íslenskra og ísraelskra stjórnvalda kólna

Samúð íslenskra stjórnámálanna með málstað Palestínnumanna kom fyrst fram á vinstri væng stjórnámálanna. En verulegur kraftur komst ekki í umræðu um stöðu Palestínnumanna, og gagnrýni á framkomu Ísraela við þá, meðal íslenskra þingmanna og ráðherra fyrr en Steingrímur Hermannsson tjáði sig um þessi mál þegar hann gegndi embætti utanríkisráðherra. Harkaleg viðbrögð Ísraela við uppreisn Palestínnumanna, *Intifada*, á herteknu svæðunum sem braust út í lok árs 1987 urðu til þess að Steingrímur ákvað að gagnrýna Ísraela mun harðar en forverar hans. Honum þótti enda harka Ísraela óvenju mikil.¹²⁹ Steingrímur hafði aldrei sýnt stöðu Palestínnumanna sérstakan áhuga fyrir þann tíma. Raunar hafði hann látið hafa eftir sér árinu áður að hann skildi sjónarmið Ísraela vel.¹³⁰ Einnig hafði eflaust sá vilji Steingríms að Ísland fylgdi sjálfstæðari utanríkisstefnu áhrif á þá stefnu sem hann fylgdi gagnvart Ísrael. Hann vildi ekki fylgja Bandaríkjunum að öllu leyti og taldi að Íslendingar ættu að berjast fyrir friði og gegn öllu ofbeldi.¹³¹ Í umræðum á Alþingi í febrúar 1988 sagði hann m.a. um aðgerðir Ísraela á herteknu svæðunum: „Mér sýnist ekki unnt að líkja því við neitt annað en hin verstu hryðjuverk“. Hann bætti síðan við að óháð stuðningi við tilveru Ísraels gæti enginn „stutt morð á börnum, ófrískum konum, gamalmönnum o.s.frv.“¹³² Hér var um tímamót að ræða í stjórnmalasamskiptum Ísraels og Íslands. Aldrei hafði utanríkisráðherra Íslands, eða nokkur annar íslenskur ráðherra, gagnrýnt Ísraela jafn harkalega. Forverar Steingríms, sérstaklega Ólafur Jóhannesson en einnig Geir Hallgrímsson, höfðu gagnrýnt Ísraelsstjórn fyrir ósveigjanleika en aldrei notað svona harkalegt orðalag. Steingrímur var ekki fyrsti utanríkisráðherrann til að gagnrýna framferði Ísraela, en hann færði þá orðræðu upp á nýtt stig með því að nota svipað

¹²⁹ Dagur B. Eggertsson. *Forsætisráðherrann Steingrímur Hermannsson*, bls. 214.

¹³⁰ „Forsætisráðherra um hertar lendingarreglur: Beinast ekki gegn gyðingum“, *Morgunblaðið* 7. október 1986, bls. 72.

¹³¹ Dagur B. Eggertsson. *Forsætisráðherrann Steingrímur Hermannsson*, bls. 194, 210–211.

¹³² Steingrímur Hermannsson, Umræður um skýrslu utanríkisráðherra, 25. febrúar 1988.

orðalag og hafði áður að mestu leyti verið bundið við þá sem voru yst til vinstri í stjórnmálum.

Steingrímur steig einnig fyrsta skrefið í átt að því að íslensk stjórnvöld litu á fulltrúa Palestínumanna sem jafn rétt háa og ísraelsk stjórnvöld. Í svari við fyrirspurn á Alþingi þremur vikum eftir tímamóta ummælin viðurkenndi hann í raun að PLO væru lögmæt fulltrúasamtök Palestínumanna. Eftir að hafa lýst „andúð“ á því sem fram færi af hálfu Ísraela á herteknu svæðunum, sagði hann að samtökin ættu að fá að taka þátt í samningaviðræðum og sjálfsagt væri að þau fengju „sjálfstæði á herteknu svæðunum“.¹³³ Þessi vinsemd hans í garð PLO vakti mikla óánægju meðal sjálfstæðismanna. Þó hafði Matthías Mathiessen, forveri Steingríms, í embætti utanríkisráðherra, sagt í sinni skýrslu um utanríkismál tveimur árum áður: „ósennilegt er að friðarsamningar takist nema PLO taki beinan þátt í þeim“.¹³⁴ En Steingrímur gekk vissulega lengra en Matthías í að halda því fram að PLO væri hinu einu sönnu pólitísku samtök Palestínumanna. Ísraelar litu á PLO sem hryðjuverkasamtök á þessum tíma og því var Steingrímur kominn út á nokkuð hálann ís í samskiptunum við Ísrael.

PLO þakkaði fyrir að Steingrímur hefði mótmælt meðferð Ísraela á Palestínumönnum. Samtökin litu svo á að Steingrímur hefði lýst yfir stuðningi við sjálfstætt ríki Palestínumanna undir forystu PLO. Sú afstaða var í samræmi við túlkun félagsins Ísland-Palestína. Í fjölmiðlum sagði Steingrímur að eðlilegt væri að Palestínumenn fengju yfirráð yfir Vesturbakkanum og fengju að stofna þar ríki.¹³⁵ Eftir fund Steingríms og fulltrúa PLO í Stokkhólmi lýstu samtökin því aftur yfir að ráðherrann hefði lýst yfir stuðningi við stofnun Palestínuríkis og PLO. Auk þess hefði hann boðið fulltrúum PLO til Íslands og sagst vilja heimsækja sjálfur leiðtoga samtakanna í Túnis.¹³⁶ Það var ekki alveg sannleikanum samkvæmt. Steingrímur sagðist fordæma öll hryðjuverk og styðja eindregið tilverurétt Ísraels. Hann sagðist styðja rétt Palestínumanna til að velja sína fulltrúa sjálfir og vilja hitta leiðtoga PLO. Aldrei lýsti hann því yfir að hann styddi stofnun Palestínuríkis.¹³⁷ Hann dró því í land með fyrri

¹³³ Steingrímur Hermannsson, Umræður um stjórn Ísraelsmanna á herteknu svæðunum, 17. mars 1988.

¹³⁴ Skýrsla Matthíasar Mathiessen utanríkisráðherra um utanríkismál (lögð fyrir Alþingi á 108. löggjafarþingi 1985-86).

¹³⁵ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1999. B-155. Bréf Berglindar Ásgeirsdóttur sendiráði Íslands í Stokkhólmi til Utanríkisráðuneytisins, ódagsett. „Ísland/Palestína. Fögnum viðurkenningu á PLO“, *Þjóðviljinn* 18. mars 1988, bls. 3. „Steingrímur utanríkisráðherra: „gera úlfalda úr mýflugu“, *DV* 22. mars 1988, bls. 36.

¹³⁶ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1999. B-155. Telex skeyti PLO til Ríkisútvarpsins, ódagsett.

¹³⁷ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1999. B-155. Frásögn. Viðræður fulltrúa PLO í Stokkhólmi og utanríkisráðherra í Stokkhólmi, 23. mars 1988, bls. 1–2.

yfirlýsingar um það. Hugsanlega hefur hann gert það til að friða sjálfstæðismenn, enda sat hann með þeim í ríkisstjórn. En þarna lýsti hann hins vegar sig reiðubúinn að hitta leiðtoga PLO, samtaka sem Ísraelar töldu vera hryðjuverkasamtök og ógn við tilveru Ísraelsríkis. Það mislíkaði þeim og sendiherra Ísraels gagnvart Íslandi hitti Steingrím og lýsti sjónarmiðum Ísraels og áhyggjum vegna yfirlýsinga ráðherrans. Steingrímur svaraði því til að enn litu íslensk stjórnvöld á öryggi Ísraels sem grundvallaratriði. Aftur á móti hefði ímynd Ísraels beðið hnekki. Ísrael yrði að höggva á hnútinn og finna nýjar leiðir til að tryggja öryggi sitt. Tryggja yrði réttindi Palestínumanna. Vissulega hefði PLO framið hryðjuverk en innan þeirra samtaka væru margir sem styddu ekki hryðjuverk gegn Ísrael.¹³⁸ Þorsteinn Pálsson forsætisráðherra tók reyndar ekki í mál að ræða við PLO en Steingrímur sagði síðar að sér hefði fundist það vera barnaleg afstaða. Hann sagði þó að hann hafi ákveðið að hætta við að hitta Arafat eftir þessi hörðu viðbrögð sjálfstæðismanna.¹³⁹ Enn aftur voru sjálfstæðismenn tregastir allra flokka til að koma til móts við Palestínumenn og auka gagnrýni íslenskra stjórnvalda á Ísrael. Eins og áður skipti máli hver sat við stjórnvölinn þegar kom að stefnunni gagnvart Ísrael. Yfirlýsingar Steingríms ollu talsverðum deilum innan ríkisstjórnarinnar og sjálfstæðismenn reyndu að hindra að hann kæmi til móts við Palestínumenn.

Talsverðar umræður urðu í fjölmiðlum um hvort Steingrímur hefði viðurkennt PLO. Hann sagði það ekki hreint út. En viljinn til að hitta fulltrúa samtakanna og orð hans um að Palestínumenn ættu að velja sína fulltrúa voru ígildi viðurkenningar á stöðu PLO sem forystuafli meðal Palestínumanna. Steingrímur hafði einnig fært samskipti íslenskra og ísraelskra stjórnvalda á nýtt stig með óvæginni gagnrýni sinni. Upp frá þessu hættu íslensk stjórnvöld endanlega að standa frekar með Ísraelum en Palestínumönnum þótt sú stefnubreyting kæmist ekki fyllilega í framkvæmd strax. Gjá var augljóslega að skapast milli íslenskra stjórnsmálleiðtoga um samskiptin við Ísrael.

Á fyrsta allsherjarþingi Sp eftir að Steingrímur Hermannsson tók við embætti utanríkisráðherra árið 1987 urðu engar breytingar á því hvernig íslensk stjórnvöld greiddu atkvæði um ályktanir sem snerust um deilur Ísraels og Palestínumanna. En í mars 1988, um svipað leyti og hann hóf upp sína hörðu gagnrýni á Ísrael, greiddu íslensk stjórnvöld atkvæði með ályktun þar sem lýst var yfir áhyggjum vegna þeirra

¹³⁸ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1999. B-155. Jón Egill Egilsson. Frásögn. Miðvikudaginn 23. mars 1988 átti Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra hálfra klukkustundar langan fund með Yehiel Yatir sendiherra Ísraels á Íslandi á Fornebu flugvelli í Osló.

¹³⁹ „Utanríkisráðherra segist tilbúinn til að hitta embættismenn PLO. Segir koma til álita að bjóða Arafat til Íslands“, *Morgunblaðið* 22. mars 1988, bls. 72. Dagur B. Eggertsson. *Forsætisráðherrann Steingrímur Hermannsson*, bls. 214–215.

áforma bandarískra stjórnvalda að loka skrifstofu PLO hjá Sameinuðu þjóðunum og áréttað að samtökin hefðu rétt til að starfa á vettvangi SP. Um ályktunina var rík samstaða og aðeins Ísraelar og Bandaríkjamenn greiddu atkvæði á móti henni.¹⁴⁰ Íslensk stjórnvöld voru að fylgja straumnum, en þetta var í fyrsta sinn sem að þau greiddu atkvæði með stuðningi við PLO.

Steingrímur var greinilega farinn að stefna að breytingum á afstöðu Íslands gagnvart deilum Ísraela og Palestínnumanna. En hann stoppaði stutt í utanríkisráðuneytinu og í lok árs 1988 hafði Jón Baldvin Hannibalsson tekið við lyklavöldum þar. Þá hafði uppreisn Palestínnumanna á herteknu svæðunum staðið í rúmt ár. Ísraelar beittu mikilli hörku við að ná tökum á uppreisninni og það vakti talsverða reiði á alþjóðavettvangi. Samúð með Palestínnumönnum jókst til muna og að sama skapi gagnrýni og jafnvel andúð á Ísrael. Jón Baldvin var hins vegar ekki tilbúinn að taka undir þessa gagnrýni að öllu leyti. Lögð var fram ályktun á allsherjarþinginu í tilefni af uppreisninni. Þar voru mannréttindabrot Ísraela fordæmd, tekið fram að hernám breytti ekki lagalegri stöðu herteknu svæðanna og sem flestir hvattir til að styðja við bakið á Palestínnumönnum. Íslensk stjórnvöld sátu hjá, en stjórnvöld á öðrum Norðurlöndum studdu ályktunina.¹⁴¹ Hin norræna samstaða sem hafði ríkt að mestu leyti í þessum málum á vettvangi SP var því í raun rofin. Það var staðfest enn frekar þegar fulltrúi Norðmanna hélt ræðu þar sem hann sagði Ísraela bera ábyrgð á ástandinu og að þeir brytu mannréttindi Palestínnumanna. Ræðan var haldin fyrir hönd allra Norðurlandanna nema Íslands.¹⁴²

Þrátt fyrir uppreisnina var íslenski utanríkisráðherrann ekki reiðubúinn að herða gagnrýnina á framgöngu Ísraela á vettvangi SP. Jón Baldvin vildi greinilega ekki líta svo á að ástandið væri aðallega Ísraelum að kenna. Á allsherjarþinginu 1988 varð því engin breyting á því hvernig íslensk stjórnvöld greiddu atkvæði um ályktanir sem sneru að þessum málum. Enn var setið hjá eða sagt nei við þeim ályktunum sem voru harðorðastar í garð Ísraela, en já við samskonar ályktunum og á fyrri allsherjarþingum sem gagnrýndu sumar aðgerðir gegn Palestínnumönnum. Eins og áður greiddu íslensk stjórnvöld ekki atkvæði með því að saka Ísraela um stríðsglæpi og heldur ekki með því að fordæma hernámið.¹⁴³ En þau studdu samt ekki frekar en áður hernám Ísraela. Ásamt

¹⁴⁰ *Unispal*. 23.3 1988. A/RES/42/230. Committee on Relations with the Host Country report/ICJ order(unanimously adopted on 9 march 1988)—GA resolution.

¹⁴¹ *Unispal*. 3.11 1988. A/RES/43/21. The uprising(intifadah) of the Palestinian people—GA resolution.

¹⁴² *Unispal*. 8.11 1988. A/43/PV.45. Israeli practices—GA debate—Provisional verbatim record.

¹⁴³ *Unispal*. 6. 12 1988. A/RES/43/58(A-G). Israeli practices—SpCttee report-GA resolutions. 6. 12 1988. A/RES/43/54. Mideast situation/Jerusalem/Golan/Int'l Peace Conference under A/RES/38/58 C/SecCo preparatory cttee-GA resolution.

stjórnvöldum á öðrum Norðurlöndum greiddu Íslendingar atkvæði með ályktun þar sem hvatt var til friðarviðræðna milli Ísrael og PLO og þar sem áhersla var lögð á að Ísrael yrði að draga herlið sitt til baka til að tryggja frið. Jafnframt yrði að leggja niður allar landnemabyggðir og setja yrði Jerúsalem og herteknu svæðin undir tímabundna stjórn Sp.¹⁴⁴ Forverar Jón Baldvins höfðu þegar markað þessa stefnu. Enn um sinn fylgdi hann ekki gagnrýni Steingríms Hermannssonar eftir með aukinni gagnrýni á Ísraela á vettvangi SP.

Jón Baldvin fylgdi þó þeirri línu sem Steingrímur hafði markað að standa ekki frekar með Ísraelum en Palestínumönnum. Hann lagði áherslu á að Ísraelar og Palestínumenn virtu rétt hvors annars.¹⁴⁵ En hann kom Ísraelum þó oft til varnar. Honum var greinilega umhugað um að íslensk stjórnvöld myndu ekki snúast algerlega gegn Ísraelum. Í skýrslu sinni um utanríkismál vorið 1990 sagði hann m.a.: „vissrar tilhneigingar hefur gætt til að líta eingöngu á aðra hlið þessa máls og einfalda það á þann hátt að skella allri ábyrgðinni á Ísraelsmenn.“ Jón Baldvin bætti því jafnframt við að málin myndu ekki leysast um leið og PLO og ríki Palestínumanna væru viðurkennd.¹⁴⁶ Gagnrýni hans á framferði Ísraela á herteknu svæðunum var yfirleitt nokkuð hófstiltari en hjá Steingrími Hermannssyni. Í seinni skýrslu sinni árið 1990 lét hann nægja að lýsa því yfir að ástandið væri „óviðunandi“ og „áhyggjuefni“.¹⁴⁷ Tveimur árum áður hafði Jón Baldvin áminnt þingheim um að gleyma því ekki að „í þessum illdeilum eigast við arabaríki grá fyrir járnum með á annað hundrað milljónir íbúa og smáríki sem telur nokkrar milljónir“.¹⁴⁸ Raunar þótti sumum hann styðja Ísrael um of. Fulltrúi Alþýðubandalagsins í utanríkismálanefnd lýsti t.d. yfir mikilli óánægju með að Jón Baldvin hefði fyrirskipað hjásetu við afgreiðslu áðurnefndrar ályktunar um uppreisn Palestínumanna á allsherjarþinginu árið 1988.¹⁴⁹ Því var haldið fram að Jón Baldvin hefði breytt afstöðu Íslands, en draga má í efa að hann hafi gert það. Eins og áður hefur komið fram urðu engar breytingar á afstöðu Íslands á allsherjarþinginu það ár. Jón Baldvin neitaði enda að um afstöðubreytingu væri að ræða. Hann sagði tillöguna einfalda þessi mál um of og að hún fæli í sér einhliða fordæmingu á Ísrael sem ekki væri

¹⁴⁴ *Unispal*. 15.12 1988. A/RES/43/176. Palestine question/National Rights/Int'l Peace Conference under Un auspices, based on S/RES/338/Principles/Preparatory cttee/OPT UN supervision– GA–resolution.

¹⁴⁵ „Að ná fram markmiðum stofnskrár SP. Ræða Jóns Baldvins Hannibalssonar utanríkisráðherra Íslands á 43. Allsherjarþingi Sameinuðu þjóðanna“, *Alþýðublaðið* 12. október 1988, bls. 5.

¹⁴⁶ *ÞÍ*. Forsætisráðuneytið 2002. B-15. Skýrsla utanríkisráðherra, vor 1990(ljósrit), bls. 37.

¹⁴⁷ *Alþingistiðindi* 1990 A, Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál, d. 1448.

¹⁴⁸ Afstaða utanríkisráðherra á alþjóðavettvangi(umræður utan dagskrár), 11. nóvember 1988.

¹⁴⁹ „Fordæming á Ísrael. Jón Baldvin breytti afstöðu Íslendinga“, *DV* 8. nóvember 1988, bls. 32.

hægt að styðja.¹⁵⁰ Ráðherrann var gagnrýndur talsvert fyrir þessa afstöðu og m.a. sakaður um að styðja „hryðjuverkamenn“.¹⁵¹ Sumum þingmönnum þótti hann almennt gera of lítið úr ofbeldi Ísraela í skýrslum og ræðum sínum. Hins vegar voru ýmsir sjálfstæðismenn ánægðir með afstöðu Jóns Baldvins. Einhverjir héldu því fram að hann væri „einlægur stuðningsmaður Ísraelsmanna“.¹⁵² Það var líklega ofmælt. Jón Baldvin telst varla hafa verið harður stuðningsmaður Ísraels. En hann hélt fram sjónarmiðum þeirra og var ekki tilbúinn að fordæma framferði Ísraela með jafn sterkum orðum og margir aðrir þingmenn. Hann var augljóslega nokkuð skilningsríkari í garð Ísraela en Steingrímur Hermannsson og stóð gegn vaxandi tilhneigingu til að kenna Ísrael að mestu leyti um ástandið í Mið austurlöndum.

Þingsályktun um deilur Ísrael og Palestínumanna sem samþykkt var á Alþingi vorið 1989 hafði lítil áhrif á það hvernig Jón Baldvin fjallaði um þessi mál. Þetta var tímamótaályktun sem var afgangur af samhljóða. Samkvæmt ályktuninni var bæði tilveruréttur Ísraels og hinn margumtalaði sjálfsákvörðunarréttur (sem var ekki skilgreindur nánar) Palestínumanna viðurkenndur. Einnig var ályktað að íslensk stjórnvöld ættu að taka upp vinsamleg samskipti við PLO.¹⁵³ Í fyrsta sinn var það orðin skjalfest stefna alls Alþingis að íslensk stjórnvöld ættu ekki að taka annan deiluaðilann fram yfir hinn. Nú var það staðfest að íslensk stjórnvöld skyldu eiga samskipti við Palestínumenn eins og Ísraela. Markmið ályktunarinnar var augljóslega það að ekki ætti lengur að standa algerlega með Ísraelum á móti Palestínumönnum. Þetta var í raun staðfesting á því ferli sem hófst um miðjan 8. áratuginn að víkja frá skilyrðislausum stuðningi við Ísrael. En eins og áður sagði hafði þingsályktunin lítil áhrif á það hvernig Jón Baldvin fjallaði um Ísrael í ræðu og riti. Raunar kvörtuðu stjórnarandstöðuþingmenn og félagið Ísland-Palestína reglulega yfir því að Jón Baldvin fylgdi ekki ályktuninni nægilega vel eftir með því að sýna lítinn áhuga á samskiptum við PLO. Þess ber þó að geta að Jón Baldvin hundsaði alls ekki Palestínumenn þótt áhugi hans á samskiptum við PLO væri takmarkaður.

Steingrímur Hermannsson fylgdi hins vegar ályktuninni eftir þegar hann fór á fund Yassers Arafats leiðtoga PLO árið 1990 og tjáði honum efni þingsályktunarinnar.¹⁵⁴ Heimsóknin var umdeild og sjálfstæðismenn voru ekki ánægðir með hana. Ísraelsk

¹⁵⁰ „Tillögur um frystingu eru úreltar“, *Þjóðviljinn* 11. nóvember 1988, bls. 4.

¹⁵¹ Jónas Kristjánsson, „Ísland styður ofbeldi“, *DV* 12. nóvember 1988, bls. 14.

¹⁵² Birgir Árnason, „Þrjár þarfar ferðir“, *Alþýðublaðið* 20. febrúar 1991, bls. 4.

¹⁵³ Þingsályktun um deilur Ísraels og Palestínumanna, þskj. 1256, 102. mál, 111. löggjafarþing 1988–1989.

¹⁵⁴ *ÞÍ*. Forsætisráðuneytið 2002. B-15. Frétt frá forsætisráðuneytinu. Reykjavík, 14. maí 1990.

stjórnvöld komu á framfæri mótmælum við íslensk stjórnvöld. Jón Baldvin gerði engar athugasemdir opinberlega við fundinn og sagði Ísraelum að fundurinn væri í samræmi við þingsályktunina og að íslensk stjórnvöld væru reiðubúin að heyra sjónarmið beggja aðila.¹⁵⁵ Steingrímur vísaði mótmælum Ísraels á bug og taldi heimsóknina skref í rétta átt. Honum þótti hins vegar stuðningur Jóns Baldvins við heimsóknina takmarkaður. Í samræmi við óskir hans lagði Steingrímur áherslu á að í heimsókninni fælist ekki viðurkenning á ríki Palestínnumanna.¹⁵⁶ Það var því augljóslega áherslumunur á milli forsætisráðherra og utanríkisráðherra í þessum málum. Jón Baldvin var ekki eins viljugur og Steingrímur til að koma til móts við forystumenn PLO gagnstætt vilja Ísraels. Hann reyndi ekki að færa samskiptin við Ísrael úr þeim farvegi sem þau voru komin í en hann var ekki beinlínis að liðka fyrir því ferli. Það átti kannski sinn þátt í því að ísraelsk stjórnvöld reiddust ekki það mikið að það kæmi í veg fyrir að Yitzhak Shamir forsætisráðherra lýsti því yfir að Ísland hefði alltaf verið meðal nánustu stuðningsmanna Ísraels á alþjóðavettvangi.¹⁵⁷

Þingsályktunin hafði þó áhrif á það hvernig Jón Baldvin ráðstafaði atkvæði Íslands á allsherjarþingi Sp. Haustið 1989 varð ein breyting á atkvæðamynstri íslenskra stjórnvalda. Þá var aftur lögð fram ályktun í tilefni uppreisnar Palestínnumanna. Í henni voru m.a. mannréttindabrot Ísraels á hendur Palestínnumönnum fordæmd eins og áður. Íslensk stjórnvöld greiddu atkvæði með ályktuninni ásamt öðrum Norðurlöndum.¹⁵⁸ Aldrei áður höfðu íslensk stjórnvöld stutt ályktun sem fól í sér jafn víðtæka fordæmingu á aðgerðum Ísraelsstjórnar. Gagnrýnin á þessum vettvangi var bein afleiðing af hinni hörðu gagnrýni Steingríms Hermannssonar og þingsályktun Alþingis frá því um vorið 1989. Gagnrýnin var orðin harðari og kominn á hærra stig en var fyrir uppreisnina. Íslensk stjórnvöld studdu aftur samskonar ályktun á allsherjarþinginu 1990.¹⁵⁹ Eftir þetta hafa íslensk stjórnvöld stutt ályktun á hverju allsherjarþingi þar sem Ísrael er gagnrýnt fyrir að brjóta mannréttindi Palestínnumanna. En að öðru leyti héldu íslensk stjórnvöld áfram að segja nei eða sitja hjá þegar greidd voru atkvæði um harðorðustu ályktanirnar á allsherjarþingi Sp. Þó fór þeim atriðum sem íslensk stjórnvöld gagnrýndu þau ísraelsku fyrir hægt og rólega fjölgandi.

¹⁵⁵ „Sendiherra Ísraels mótmælir fundi forsætisráðherra og Arafats“, *Morgunblaðið* 11. maí 1990, bls. 2.

¹⁵⁶ Dagur B. Eggertsson. *Forsætisráðherrann Steingrímur Hermannsson*, bls. 315.

¹⁵⁷ „Þessi ríkisstjórn á að geta komið á friði“, *Morgunblaðið* 15. júlí 1990, bls. 12–13.

¹⁵⁸ *Unispal*. 5.10 1989 A/RES/44/2. The uprising (intifadah) of the Palestinian People/SecCO measures needed to provide int'l protection—GA resolution.

¹⁵⁹ *Unispal*. 6.12 1990. A/RES/45/69. The uprising (intifadah) of the Palestinian People/SecCO measures needed to provide international protection—GA resolution.

Jón Baldvin fylgdi eftir gagnrýni íslenskra stjórnvalda á vettvangi Sp með nokkrum afskiptum af gangi mála á herteknu svæðunum. Hann sendi David Levy utanríkisráðherra Ísraels bréf haustið 1990 þar sem hann lýsti yfir áhyggjum af mannfalli meðal Palestínnumanna. Hann reyndi þó að halda bréfinu í vinalegum tón og minnti á gott samband ríkjanna og sagði mannfallið hafa neikvæð áhrif á viðhorf íslensks almennings til Ísraels. Einnig hvatti hann ísraelsk stjórnvöld til að fara að alþjóðalögum um meðferð óbreyttra borgara en varaði sig um leið á því að gera ekki lítið úr ofbeldi sem ísraelskir borgarar hefðu mátt þola.¹⁶⁰ Jón Baldvin vildi greinilega viðra gagnrýni sína beint við ísraelsk stjórnvöld en um leið halda eins góðu sambandi milli ríkjanna og hægt var. David Levy svaraði bréfi Jóns Baldvins með óskum um að Ísland héldi áfram að sýna Ísrael vináttu um leið og hann útskýrði sjónarmið Ísraels.¹⁶¹ Hann skildi Jón Baldvin greinilega þannig að hann vildi viðhalda vináttu ríkjanna. Jón Baldvin sendi Levy bréf sem var á sömu nótum ári síðar eftir þrýsting frá Elíasi Davíðssyni meðlimi í félaginu Ísland–Palestína.¹⁶² Ráðherrann var því eins og forveri sinn undir áhrifum hinnar miklu gagnrýni sem Ísraelar máttu þola. Það gerði honum án efa erfiðara fyrir að halda uppi vinsamlegum samskiptum við ísraelsk stjórnvöld. Í bréfinu óskaði hann eftir því að Mordechai Vanunu, sem var rænt af ísraelsku leyniþjónustunni og fangelsaður eftir að hafa upplýst blaðamenn um kjarnorkuvopnaeign Ísraels, yrði sleppt úr einangrun. Eins og í fyrra bréfinu minnti hann á hina gömlu vináttu Íslands og Ísraels og sagðist ekki ætla að blanda sér í ísraelsk innanríkismál að öðru leyti en því að biðja um að mannúðarsjónarmiða yrði gætt gagnvart Vanunu.¹⁶³ Aftur sendi Jón Baldvin gagnrýnið bréf en þó í vinsamlegum tón. Hann var vinur sem til vammis sagði.

En Jón Baldvin virðist ekki hafa verið tilbúinn að gera hvað sem er í nafni vináttu við Ísrael. Í raun virðist hann hafa verið í hálfgerðum vandræðum með það hvernig hann ætti að haga samskiptum við Ísraela eftir því sem á leið. Þar hefur almenningsálitið væntanlega haft eitthvað að segja. Einnig var ljóst að Sjálfstæðisflokkurinn sem myndaði ríkisstjórn með Alþýðuflokknum árið 1991 var hlynntari Ísrael en Framsóknarflokkurinn sem Alþýðuflokkurinn sat með í ríkisstjórn, frá 1988–1991,

¹⁶⁰ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 2011. B-480. Bréf Jóns Baldvins Hannibalssonar til David Levy, 26. október 1990.

¹⁶¹ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 2011. B-696. Bréf David Levy til Jóns Baldvins Hannibalssonar, 24. desember 1990.

¹⁶² ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 2011. B-696. Minnisblað Jóns Baldvins Hannibalssonar til Þ.I. og G.G., 18. september 1991.

¹⁶³ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 2011. B-696. Bréf Jóns Baldvins Hannibalssonar til David Levy, 18. október 1991.

undir forsæti Steingríms Hermannssonar. Jón Baldvin aflýsti fyrirhugaðri heimsókn sinni til Ísrael snemma árs 1992 að sögn vegna þess hversu skammt yrði liðið frá heimsókn Davíðs Oddssonar forsætisráðherra þangað.¹⁶⁴ Heimsókn Jóns Baldvins hafði áður verið frestað, en hún hafði verið talsvert gagnrýnd. Jón Baldvin hafði samt sagt að engin ástæða væri til þess að hafa ekki eðlileg samskipti við Ísrael.¹⁶⁵ Margir töldu að rekja mætti afturköllun heimsóknarinnar til þess að Davíð hefði fengið afhent bréf frá Wiesenthal-stofnuninni um meinta stríðsglæpi eistneska flóttamannsnis Evalds Miksons, sem sest hafði að á Íslandi eftir síðari heimsstyrjöld.¹⁶⁶ Jón Baldvin fann framkomu Ísraela allt til foráttu. Þegar honum var tjáð að einsdæmi væri að heimsókn íslensks ráðherra væri afturkölluð sagði hann framkomu Ísraela í garð forsætisráðherra vera einsdæmi.¹⁶⁷ Það bendir til þess að afhending bréfsins hafi átt nokkurn þátt í þessari ákvörðun. Ólafur Ragnar Grímsson, formaður Alþýðubandalagsins, túlkaði þetta diplómátíska fjaðrafok sem endalok kurteislegra samskipta íslenskra og ísraelskra stjórnvalda.¹⁶⁸ Eflaust hafa einhverjir stjórnarandstæðingar litið svo á að ágreiningur væri á milli forsætisráðherra og utanríkisráðherra um sambandið við Ísrael fyrst að Davíð tók afhendingu bréfsins ekki jafn illa og Jón Baldvin. Davíð neitaði því hins vegar staðfastlega.¹⁶⁹ Hvort ríkti ágreiningur um það milli hans og Jóns Baldvins er erfitt að fullyrða um. Ef svo var var sá ágreiningur vel falinn. Jón Baldvin virðist hafa verið nokkuð tvístígandi um það hvernig hann ætti að haga samskiptunum við Ísrael. Hann var tilbúinn að koma Ísraelum til varnar en gagnrýna þá einnig. Hugsanlega hefur hann talið að það mundi skaða hann pólitískt ef hann sýndi Ísrael of mikla gestrisni. En svo getur vel verið að afturköllun heimsóknarinnar hafi eingöngu verið vegna þess að Jón Baldvin reiddist Ísraelum og ekkert haft að gera með hugmyndir hans um samskipti ríkjanna almennt og útfærsluna á þeim. Afgreiðsla málsins bendir þó til þess að Jón Baldvin hafi verið að reyna að móta samskiptin við ísraelsk stjórnvöld í ákveðin farveg. Þau gátu ekki verið jafn vinaleg og áður, í ljósi átakanna við Palestínumenn, en ekki yrði um nein pólitísk rof að ræða.

¹⁶⁴ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 2011. B-480. Bréf utanríkisráðuneytisins til sendiráðs Ísraels í Osló, 19. febrúar 1992.

¹⁶⁵ „Rétt að hafa eðlileg samskipti við Ísrael. Segir Jón Baldvin“, *DV* 29. desember 1989, bls. 2.

¹⁶⁶ Nánar má lesa um Mikson málið í: Valur Ingimundarson, „Mikson-málið sem fortíðarvandi“.

¹⁶⁷ „Framkoma gestgjafa í Ísrael er einsdæmi-segir Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra“, *Morgunblaðið* 21. febrúar 1992, bls. 20–21.

¹⁶⁸ Ólafur Ragnar Grímsson, Heimsókn forsætisráðherra til Ísraels(umræður utan dagskrár), 25. febrúar 1988.

¹⁶⁹ Davíð Oddsson, Heimsókn forsætisráðherra til Ísraels(umræður utan dagskrár), 25. febrúar 1988.

Eftir að það komst á hreint að ísraelsk stjórnvöld höfðu ekki séð um afhendingu bréfsins til Davíðs Oddssonar virðist Jóni Baldvin hafa runnið nokkuð reiðin í garð ísraelskra stjórnvalda. Enn var hann viljugur til að koma sjónarmiðum Ísraela á framfæri. Í byrjun árs sagði hann í utandagskrárumræðu um þá ákvörðun Ísraela að vísa 400 manna hópi Palestínumanna burt af herteknu svæðunum: „Ég taldi mér skylt að láta koma fram hverju hefur verið framhaldið til málsbóta af hálfu ísraelskra stjórnvalda og biðst ekkert velvirðingar á því“.¹⁷⁰ Þess ber þó að geta að Jón Baldvin kom því á framfæri að honum þætti þetta ekki réttmæt aðgerð. Jón Baldvin hikaði ekki við að leggja fram þingsályktunartillögu um fullgildingu fríverslunarsamnings milli EFTA og Ísrael. Mörgum stjórnarandstæðingum þótti ekki við hæfi að gera fríverslunarsamning við Ísrael. Þegar kom að því að greiða atkvæði um tillöguna greiddu allir stjórnarandstæðingar atkvæði á móti en allir stjórnarliðar voru meðmæltir tillögunni fyrir utan þrjá þingmenn Sjálfstæðisflokksins sem greiddu atkvæði á sama hátt og stjórnarandstaðan.¹⁷¹ Klofningurinn um samskiptin við Ísrael var alger milli íslenskra stjórnmalaflokka og hann var farinn að ná inn í Sjálfstæðisflokkinn. Eins og 1973 höfðu viðskiptahagsmunir Íslands áhrif á afstöðu stjórnvalda gagnvart Ísrael

Þrátt fyrir þetta voru enn dæmi um það að íslensk stjórnvöld veittu Ísraelum stuðning á vettvangi Sp þegar þeir báðu um hann. Íslensk stjórnvöld voru t.d. enn ekki tilbúinn að samþykkja ályktun um sjálfákvörðunarrétt Palestínumanna á allsherjarþinginu 1994. Ísraelar báðu um stuðning gegn þessari ályktun og íslensk stjórnvöld greiddu atkvæði gegn henni í nefnd. Ísraelar voru mjög þakklátir fyrir það. Íslensk stjórnvöld sátu hins vegar hjá þegar ályktunin var lögð fyrir sjálft allsherjarþingið.¹⁷² Þrátt fyrir alla gagnrýnina lifði augljóslega gamla mynstrið í samskiptum ríkjanna enn að hluta til. Íslensk stjórnvöld voru enn tilbúin til að veita Ísrael stuðning á vettvangi Sp. Samskipti ríkjanna voru því í raun ágæt á stjórnmalasviðinu.

Á árunum 1992 og 1993 varð framhald á gagnkvæmum ráðherraheimsóknum milli ríkjanna. Heimsóknirnar voru merki um vilja til að viðhalda góðum samskiptum milli

¹⁷⁰ Jón Baldvin Hannibalsson, Brottvísun 400 Palestínumanna frá Ísrael(umræður utan dagskrár), 6. janúar 1993.

¹⁷¹ Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísrael(reglur stofnana), 566. mál, þingsályktunartillaga, 116. Lögjafarþingi 1992-1993.

¹⁷² ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 2011. B-388. Minnisblað til ráðherra frá alþjóðaskrifstofu, 17. nóvember 1994. Bréf Michael Shilon sendiherra Ísrael í Osló til Péturs Thorsteinssonar utanríkisráðuneytinu, 25. nóvember 1994. *Unispal*. 17.11.94. A/C.3/49/SR.35. Right to self-determination–GA Third Cttee Meeting records. A/RES/49/149. 23.12 1994. Right of the Palestinian People to self-determination- GA resolution.

stjórnvalda ríkjanna. Þær fóru hins vegar fram með þeim hætti að það var ljóst að samband ríkjanna hafði þrátt fyrir vinsemd Ísraela breyst a.m.k. af hálfu Íslendinga.

Davíð Oddsson forsætisráðherra heimsótti Ísrael snemma árs 1992 eins og áður kom fram. Sú heimsókn var afskaplega umdeild á Íslandi, bæði meðal almennings og á Alþingi. Sumir þingmenn stjórnarandstöðunnar á Alþingi staðhæfðu að Davíð væri að veita mannréttindabrotum Ísraela samþykki sitt. Davíð þvertók fyrir það. Hann neitaði jafnframt að heimsóknin boðaði breytingar á stefnu íslenskra stjórnvalda í þessum málum. Stefnan hefði alltaf verið sú að tryggja yrði öryggi Ísraels. Sjálfstæðismenn komu formanni sínum til varnar og tóku undir með honum.¹⁷³ Þarna var augljóslega staðfest enn frekar ólík sýn íslenskra stjórnmalaflokka á sambandið við Ísrael. Þeir flokkar sem voru á þessum tíma í stjórnarandstöðu - Framsóknarflokkur, Alþýðubandalag og Samtök um kvennalista - vildu ekki eiga vinsamleg samskipti við ísraelsk stjórnvöld meðan staða Palestínumanna væri óbreytt. Aftur á móti taldi ríkisstjórnin hyggilegra að hitta ísraelsk stjórnvöld til að gera athugasemdir við framgöngu þeirra.

Það var einmitt það sem Davíð gerði í heimsókninni. Hann taldi mikilvægt að heimsækja Ísrael og fá sjónarmið Ísraela en tjá um leið áhyggjur sínar af aðgerðum þeirra.¹⁷⁴ Í hádegisverðarboði Yitzhaks Shamirs forsætisráðherra Ísraels ávarpaði Davíð samkomuna og minntist hinna góðu samskipta ríkjanna. En hann lét fljóta með að um leið og tryggja yrði öryggi Ísraels yrði að viðurkenna rétt Palestínumanna. Hann lagði einnig áherslu á að Ísrael yrði að forðast öll verk sem gætu „dregið úr líkum á að málamiðlun og niðurstaða í þágu friðar og öryggis náist fram“.¹⁷⁵ Davíð talaði á svipuðum nótum í annarri móttöku. Hann sagðist ekki ætla að setjast í dómarasæti yfir Ísraelum en að þeir beittu augljóslega ofurefli og hefðu farið helst til langt af braut friðarins.¹⁷⁶ Hann var greinilega að leggja sig fram við að halda góðum samskiptum við Ísrael en á sama tíma að koma því á framfæri, með kurteislegum hætti, að ísraelsk stjórnvöld væru á rangri braut. Hann var því í raun að gera það sama og Jón Baldvin. Viðhalda vinsemd en ekki vera feiminn við að gera ísraelskum stjórnvöldum ljóst að íslensk stjórnvöld væru ekki fyllilega sátt við stefnu þeirra.

¹⁷³ Ferð forsætisráðherra til Ísraels(umræður utan dagskrár), 12. febrúar 1992. Heimsókn forsætisráðherra til Ísraels(umræður utan dagskrár), 25. febrúar 1992.

¹⁷⁴ Hreinn Loftsson, „Um tilefni Ísraelsferðar“, *Pressan* 12. mars 1992, bls. 23.

¹⁷⁵ ÞÍ. Forsætisráðuneytið. 2002. B-15. Ávarp Davíðs Oddssonar forsætisráðherra í hádegisverðarboði Itzhak Shamir forsætisráðherra Ísraels, 18. febrúar 1992.

¹⁷⁶ ÞÍ. Forsætisráðuneytið. 2002. B-15. Address given at the reception given by the Icelandic Prime Minister at the King David Hotel in Jerusalem on 19th February 1992.

Morgunblaðið taldi að það myndi skaða samskipti ríkjanna ef ísraelsk stjórnvöld bæðust ekki afsökunar á afhendingu bréfsins um Mikson.¹⁷⁷ Málið hafði lítill áhrif á heimsóknina. Davíð og Yitzhak Shamir ræddu ekki mál Mikson á fundi sínum heldur aðallega um viðskipti landanna.¹⁷⁸ Þegar verið var að undirbúa fundinn í forsætisráðuneytinu var mikið rætt um að sækjast eftir því við ísraelsk stjórnvöld að gera fríverslunarsamning við EFTA og að þau leyfðu tollfrjálsan innflutning á sjávarafurðum.¹⁷⁹ Eins og áður hefur komið fram varð þessi samningur að veruleika. Viðskiptahagsmunir Íslendinga voru eflaust taldir mikilvægari en mál Evalds Miksons og Davíð hefur væntanlega ákveðið að láta það ekki spilla fyrir möguleikum á auknum viðskiptum fyrir íslensk útflutningsfyrirtæki. Þegar Davíð kom aftur heim varð ljóst að ísraelsk stjórnvöld hefðu ekki komið að afhendingu bréfsins og því virðist málið ekki hafa haft teljandi áhrif á samskipti ríkjanna. En uppnámið sem skapaðist vegna þess var merki um að samskipti þessarra ríkja hefðu breyst. En þótt Davíð hafi gramist eilítið hvernig bréfið var afhent ákvað hann að gera ekki meira mál úr því og snúa sér að því sem hann taldi mikilvægara en það voru viðskipti landanna. Þarna er annað dæmi um hvernig efnahagslegir hagsmunir Íslands gátu haft áhrif á það hvernig íslensk stjórnvöld höguðu samskiptum sínum við þau ísraelsku.

Heimsókn Shimon Peres, utanríkisráðherra Ísraels, til Íslands 1993 var umdeild á Íslandi og einkenndist hún af nokkrum vandræðagangi. Íslensk stjórnvöld gerðu sér grein fyrir að margir væru ekki ánægðir með heimsóknina. Efasemdir komu upp um að hægt væri að tryggja öryggi Peres ef hann myndi skoða sig um í Reykjavík.¹⁸⁰ Mikla athygli vakti að leiðtogar stjórnarandstöðunnar sniðgengu kvöldverð til heiðurs Peres. Einnig var óvenjulegt að Davíð Oddsson forsætisráðherra var gestgjafi Peres en ekki Jón Baldvin utanríkisráðherra. Það var þó ákveðið að svo skyldi vera þegar heimsóknin var ákveðin.¹⁸¹ Jón Baldvin fullyrti að hann yrði að vera á fundi á Grænlandi sem hefði verið ákveðinn ári áður.¹⁸² Engin ástæða er til að efast um það, en þessi skýring var einnig hentug fyrir ráðherra sem hafði áður sniðgengið ísraelsk stjórnvöld. Einkennilegt hefði verið ef Jón Baldvin hefði tekið á móti Peres eftir að hafa sjálfur aflýst heimsókn sinni til Ísraels. Davíð fullyrti að Jón Baldvin hefði glaður tekið á móti Peres ef hann

¹⁷⁷ „Ísland og Ísrael“, *Morgunblaðið*, 20. febrúar 1992, bls. 26.

¹⁷⁸ ÞÍ. Forsætisráðuneytið 2002. B-15. Úrklippa úr *Jerusalem Post* 19. febrúar 1992.

¹⁷⁹ ÞÍ. Forsætisráðuneytið 2002. B-15. Speaking Points I.

¹⁸⁰ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 2011. B-477. Bréf Harðar Bjarnasonar til Joel Alon sendiherra Ísraels í Osló, 19. ágúst 1993.

¹⁸¹ ÞÍ. Forsætisráðuneytið 2002. B-73. Handskrifað minnisblað dagsett, 14. júlí 1993.

¹⁸² „Jón Baldvin Hannibalsson hittir ekki utanríkisráðherra Ísraels: Á fund um hafréttarmál á Grænlandi“, *DV* 18. ágúst 1993, bls. 11.

hefði haft tök á því. Peres sagðist alls ekki vera móðgaður yfir framferði stjórnarandstöðunnar og Davíð fullyrti að samband ríkjanna væri enn gott. Hann vísaði því enn fremur á bug að heimsóknin hefði klúðrast.¹⁸³ Líklega er skilgreiningaratriði hvort um klúður var að ræða en varla er hægt að segja að heimsóknin hafi heppnast vel. Það jók enn á vandræðaganginn þegar í ljós kom að Jón Baldvin fór aldrei til Grænlands eins og áætlað var heldur dvaldi hann á Ísafirði meðan á heimsókninni stóð að sögn vegna þess að ekki var flugfært til Grænlands.¹⁸⁴ Aftur leit út fyrir að Jón Baldvin væri að forðast að hitta ísraelska ráðamenn augliti til auglitis þó vissulega sé ekki unnt að fullyrða að veðrið hafi ekki verið eina ástæðan fyrir því að ekkert varð úr Grænlandsferðinni.

Í ávarpi í áðurnefndum kvöldverði kom Davíð Ísrael til varnar og sagði rætt um mál þess af „vanþekkingu“. En hann bætti við að samúð með fólki sem ætti erfitt vegna átakanna væri „verðskulduð“ og íslenskar ríkisstjórnir hefðu ekki alltaf getað stutt ákvarðanir Ísraelsstjórnar.¹⁸⁵ Það var af sem áður var þegar slík ávörp voru full af lofi og laus við gagnrýni. Þótt tónn Davíðs í garð Ísraels hafi verið mun mildari en hjá Steingrími Hermannssyni var hann greinilega undir áhrifum þess gagnrýna viðhorfs sem ríkti í garð Ísraels. Það birtist einnig í þeim mótmælum sem félagið Ísland–Palestína stóð fyrir meðan á heimsókn Peresar stóð.

Sjálfstæðismenn, með formanninn í broddi fylkingar, sýndu þó Ísraelum mestan skilning. Þeir voru samt gagnrýnir á framferði Ísraels en komu henni til skila með mýkri hætti en aðrir flokkar. Þó var alls ekki einhugur um afstöðuna til Ísraels innan Sjálfstæðisflokksins. Árni Ragnar Árnason þingmaður flokksins, og fulltrúi hans í utanríkismálanefnd, hafði gagnrýnt harðlega það sem hann kallaði „harðræði“ Ísraels gagnvart Palestínumönnum.¹⁸⁶ Hann gekk síðan skrefinu lengra og hélt ræðu á mótmælafundinum í tilefni af heimsókn Peresar.¹⁸⁷ Þessi óeining staðfesti það enn frekar að það skipti máli hverjir sátu í ríkisstjórn á Íslandi upp á það gera hvernig samskipti ísraelskra og íslenskra stjórnvalda voru hverju sinni. Annað dæmi um það er að í febrúar 1991 fékk sendiherra Ísraels ekki fund með Steingrími Hermannssyni

¹⁸³ „Peres utanríkisráðherra Ísraels um Mikson-málið. Mun sætta mig við niðurstöður íslenskra dómstóla“, *DV*, 23. ágúst 1993, bls. 4. „Fréttamannafundur Shimons Peres á Þingvöllum. Bjartsýnn á árangur í friðarviðræðum“, *Morgunblaðið*, 24. ágúst 1993, bls. 24.

¹⁸⁴ „Jón Baldvin Hannibalsson utanríkisráðherra varð að fresta fundi með formanni landsstjórnar Grænlands í þriðja sinn“, *Tíminn* 1. september 1993, bls. 3.

¹⁸⁵ *ÞÍ*. Utanríkisráðuneytið 2011. B-73. Ávarp Davíðs Oddssonar forsætisráðherra í kvöldverðarboði til heiðurs utanríkisráðherra Ísraels hr. Shimon Peres, bls. 1–2.

¹⁸⁶ Árni Ragnar Árnason, „Afstaða Íslands“, *Morgunblaðið* 13. maí 1992, bls. 16.

¹⁸⁷ „Mótmæli á torginu þegar Peres ræðir við Vigdís“, *Alþýðublaðið* 20. ágúst 1993, bls. 1.

forsætisráðherra en í október sama ár fékk hann fund með Davíð Oddssyni sem þá hafði tekið við embættinu.¹⁸⁸

Þrátt fyrir allt sem mátti heyra í garð Ísraels hjá mörgum íslenskum stjórnámálamönnum virðast ísraelskir leiðtogar hafa enn litið á Íslendinga sem vinveitta Ísrael og lagt sig fram við að viðhalda góðum samskiptum við íslensk stjórnvöld. Yitzhak Rabin forsætisráðherra sendi t.d. Davíð Oddssyni kollega sínum bréf í nafni gamallar vináttu ríkjanna og lýsti fyrir honum sinni sýn og sínum vonum um friðarsamninga við Palestínumenn.¹⁸⁹ Rabin hefði varla sent þetta bréf ef honum hefði staðið á sama um hvort samskiptin við íslensk stjórnvöld væru góð eða ekki. En tónninn í íslenskum stjórnámálamönnum mildaðist nokkuð í garð Ísraels þegar friðarsamkomulag var undirritað við PLO haustið 1993.

Jón Baldvin og Davíð höfðu komið samskiptum ísraelskra og íslenskra stjórnvalda á nýtt stig. Þeir voru gagnrýnir og komu því á framfæri við Ísraela en þeir sýndu skilning á þeirra sjónarmiðum og tókst að halda samskiptunum nokkuð vinalegum. Gagnrýnin var harðari en um miðjan 9. áratuginn en sú harka birtist frekar í stuðningi við ályktanir á vettvangi Sp en frá ráðherrunum sjálfum.

Eftir að Halldór Ásgrímsson tók við embætti utanríkisráðherra árið 1995 fór gagnrýni íslenskra stjórnvalda á Ísraela vaxandi. Það kom ekki á óvart í ljósi þess að hægst hafði á friðarferlinu milli Ísraela og Palestínumanna. Á fyrsta ári Halldórs í embætti greiddu íslensk stjórnvöld í fyrsta skipti atkvæði með ályktun þar sem lýst var yfir stuðningi við sjálfsákvörðunarrétt (sem var jafn almennt orðaður og oft áður) Palestínumanna. Eins og oftast áður fylgdust Norðurlöndin að í þessum efnum.¹⁹⁰

Ári síðar greiddu íslensk stjórnvöld atkvæði með ályktun þar sem þess var krafist að Ísrael léti af öllum aðgerðum sem brytu mannréttindi Palestínumanna.¹⁹¹ Útvíkkun gagnrýni íslenskra stjórnvalda á þau ísraelsku hélt því áfram undir stjórn Halldórs. Íslensk stjórnvöld fóru einnig að greiða atkvæði með ályktunum um efni sem þau höfðu ekki áður viljað ljá stuðning sinn. Þau voru t.d. vön að sitja hjá (nema 1973) þegar ályktað var um að íbúar herteknu svæðanna skyldu hafa yfirráð yfir náttúruauðlindum svæðanna og að Ísraelar hefðu ekki leyfi til að nýta þær. Árið 1996 studdu íslensk

¹⁸⁸ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 2011. B-189. His Excellency Mr Joel Alon. Presentation of Credentials to the President of Iceland Wednesday, February 20 1991. Telefax frá utanríkisráðuneytinu til Joel Alon sendiherra Ísraels á Íslandi, 24. október 1991.

¹⁸⁹ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 2011. B-388. Bréfið var sent með bréfi Daniel Menon sendiráði Ísraels í Osló til Gunnars Pálssonar utanríkisráðuneytinu, 23. ágúst 1994.

¹⁹⁰ *Unispal.* 21.12. 1995. A/RES/150/140. Right of the Palestinian people to self-determination—GA resolution.

¹⁹¹ *Unispal.* 13.12 1996. A/RES/51/134. Israeli practices/Human rights—GA resolution(reissued).

stjórnvöld hins vegar slíka ályktun.¹⁹² Á sama allsherjarþingi studdu stjórnvöld ásamt Norðurlöndunum einnig ályktun um að palestínskir flóttamenn ættu rétt á eignum sem þeir hefðu skilið eftir í Ísrael og öllum tekjum af þeim.¹⁹³ Áður höfðu íslensk stjórnvöld ekki viljað samþykkja slíkar ályktanir vegna þess að þau litu svo á að það bryti gegn fullveldi Ísraels. En nú var greinilega eignaréttur Palestínumanna talinn mikilvægari en fullveldi Ísraels. Frá allsherjarþinginu 1996 hafa íslensk stjórnvöld greitt atkvæði með samskonar ályktunum og taldar voru hér upp. Erfitt er að fullyrða um hvaða samskipti áttu sér stað milli íslenskra og ísraelskra stjórnvalda um þessar afstöðubreytingar. Skjöl utanríkisráðuneytisins, sem varða þessi mál, frá embættistíð Halldórs Ásgrímssonar hafa ekki verið gerð opinber og því er erfitt að fullyrða um hvað Ísraelum fannst um þessar breytingar á afstöðu íslenskra stjórnvalda.

Halldór gagnrýndi aðgerðir ísraelskra stjórnvalda opinberlega bæði innanlands og á alþjóðavettvangi eins og síðustu tveir forverar hans. Þegar hægðist á friðarferlinu kenndi hann Ísraelum helst um það.¹⁹⁴ Eftir að önnur uppreisn Palestínumanna braust út árið 2000 herti Halldór gagnrýni sína á Ísraela. Davíð Oddsson forsætisráðherra, sem alltaf hafði stillt gagnrýni sinni í garð Ísraela í hóf, tók undir gagnrýni Halldórs að nokkru leyti og var harðorðari en áður. Hann sagði Ísraela fara „offari“ og taldi Ariel Sharon, sem varð forsætisráðherra Ísraels árið 2001, bera „mikla sök á upphafi átakanna“.¹⁹⁵ Halldór gagnrýndi þó bæði ofbeldisverk af hálfu Ísraela og Palestínumanna.¹⁹⁶ Allir þingmenn tóku undir það í þingsályktun sem samþykkt var samhljóða vorið 2002.¹⁹⁷ Þingmenn vinstri flokkanna lýstu því þó yfir að þeir hefðu kosið að fordæma aðgerðir Ísraela harðar enda töldu þeir ábyrgðina fyrst og fremst hvíla hjá þeim. Enn var áherslumunur milli stjórnar og stjórnarandstöðu um það hversu langt skyldi ganga í að gagnrýna framferði Ísraela.

Halldór Ásgrímsson minnti alltaf á rétt Ísraela til að verja sig. Þó greiddi Ísland atkvæði með ályktun þar sem öll ofbeldisverk voru fordæmd, en þó sérstaklega ofbeldisverk Ísraela.¹⁹⁸ Til að leysa úr þessum átökum sagði Halldór helstu lausnina

¹⁹² *Unispal*. 16.12 1996. A/RES/51/190. Sovereignty over natural resources in the OT–GA resolution.

¹⁹³ *Unispal*. 13.12 1996. A/RES/51/129. Palestine refugees–Refugees’ properties–GA resolution.

¹⁹⁴ Halldór Ásgrímsson, Skýrsla utanríkisráðherra um utanríkismál (munleg skýrsla), 17. apríl 1997.

¹⁹⁵ Davíð Oddsson, Ófriður fyrir botni miðjarðarhafs (fyrirspurnir til ráðherra), 9. október 2000.

¹⁹⁶ *Unispal*. 12.11 2001. A/56/PV.48. Mideast situation–GA general debate–Verbatim record(excerpts).

¹⁹⁷ Þingsályktun um deilur Ísraels og Palestínumanna, þskj. 1446, 734. mál, 127. löggjafarþing 2001–2002.

¹⁹⁸ *Unispal*. 17.12 2003. A/RES/58/99. Fourth Committee/Human rights in OPT–GA resolution.

vera að stofna palestínskt ríki.¹⁹⁹ Á þeim tíma var farið leggja fram ályktanir um að Palestínumenn skyldu öðlast full yfirráð yfir sínum landsvæðum og fá að stofna ríki. Íslensk stjórnvöld hafa síðan stutt slíkar ályktanir. Þannig tók Halldór í raun fyrsta alvöru skrefið að viðurkenningu Íslands á ríki Palestínumanna sem Össur Skarphéðinsson lauk við árið 2011. Í tíð Halldórs skiptust íslensk stjórnvöld einnig á sendifulltrúum(sem höfðu ígildi sendiherra) við Palestínumenn. Þannig lauk hann því ferli sem hafið var í tíð Steingríms Hermannssonar, en hægðist á í tíð Jóns Baldvins, sem gekk út á að íslensk stjórnvöld hefðu samskipti við Palestínumenn og ísraelsk stjórnvöld. Þannig var það í raun formfest að íslensk stjórnvöld kæmu fram við báða aðila á jafnréttisgrundvelli.

Eftir því sem átökin milli Ísraela og Palestínumanna drógust á langinn varð gagnrýni þingmanna stjórnarandstöðunnar á Ísraela harðari. Margsinnis hvöttu þeir stjórnvöld til að beita sér fyrir alþjóðlegum þrýstingi á Ísraela. Forsætisráðherra og utanríkisráðherra voru tregir til þess og töldu fullnægjandi að láta í ljós óánægju með framferði Ísraela í ljósi góðra samskipta í gegnum árin. Halldór Ásgrímsson hélt fast við þá stefnu að tryggja yrði öryggi Ísraels um leið og palestínskt ríki yrði stofnað. Þingmenn voru því almennt sammála og það var raunar tekið fram í áðurnefndri þingsályktun.²⁰⁰

En þegar harka Ísraela hélt áfram hertist gagnrýni Halldórs á þá enn frekar. Um tíma virtist hann vera búinn að fá nóg og sagði á fundi með framsóknarmönnum að hann hefði alltaf verið mikill stuðningsmaður Ísraels, en framferði Ísraela væri ekki hægt að verja lengur.²⁰¹ Í heimsókn til Ísrael sagði hann á blaðamannafundi að það væri ekki alltaf auðvelt að vera vinur Ísraels og vinir þyrftu stundum að spyrja hverja aðra erfiðra spurninga til að skilja þá betur. Viðræður Halldórs við Ísraela einkenndust af hreinskilni en ísraelskir ráðamenn tóku að hans sögn gagnrýninni vel.²⁰² Halldór var ekki sáttur, en reyndi þó að viðhalda vinsamlegum samskiptum við Ísraela. Sendiherra Ísraels á Íslandi lét hafa þetta eftir sér: „Gagnrýni í samskiptum þjóða sem hafa góð tengsl sín í milli er sjálfsögð, við hlustum og tökum fyllilega mark á henni“.²⁰³ Eftir heimsóknina til Mið austurlanda var Halldór enn gagnrýnninn á Ísraela, en lagði um leið áherslu á

¹⁹⁹ *Unispal*, 17.9 2002. A/57/PV.12. 17.9 2002. Mideast situation–GA general debate–Verbatim record(excerpts).

²⁰⁰ Þingsályktun um deilur Ísraels og Palestínumanna, þskj. 1446, 734. Mál, 127. löggjafarþing 2001-2002.

²⁰¹ „Fordæma ber framferði Ísraelsmanna“, *Fréttablaðið* 13. febrúar 2002, bls. 2.

²⁰² „Halldór Ásgrímsson telur lausn mála í Mið austurlöndum ekki vera í sjónmáli“, *Morgunblaðið* 30. maí 2002, bls. 34-35.

²⁰³ „Þeir munu að lokum fá sitt Palestínuríki“.

eftirgjöf af hálfu þeirra og Palestínumanna.²⁰⁴ Þingmenn stjórnarandstöðunnar vildu að hann kæmi kröftugum mótmælum á framfæri við ísraelsk stjórnvöld. Þingmenn allra flokka gagnrýndu hörku Ísraela, en þingmenn Sjálfstæðisflokksins vildu leggja áherslu á að gagnrýna einnig ofbeldisverk Palestínumanna. Hins vegar beindu þingmenn stjórnarandstöðunnar sjónum sínum meira að framgöngu Ísraela. Ögmundur Jónasson er gott dæmi þess. Hann sagði það rangt af utanríkisráðherra að stilla átökunum upp þannig að um væri að ræða tvo deiluaðila: „Þetta eru ekki deiluaðilar. Þetta er herveldi sem er að kúga að uppistöðu til vopnlausar þjóð.“²⁰⁵ Ögmundi, og fleiri þingmönnum stjórnarandstöðunnar raunar, gramdist að Halldór skyldi gagnrýna ofbeldisverk af hálfu Palestínumanna til jafns við ofbeldisverk Ísraela. Þeim fannst að Palestínumenn væru í örvæntingarfullri nauðvörn sem Ísraelar hefðu hrakið þá út í með framferði sínu. Þingmenn vinstri flokkanna töldu það koma sterklega til greina að beita Ísraela viðskiptaþvingunum og sumir þeirra vildu skoða það alvarlega að slíta stjórnmalasambandi við Ísrael. Halldór taldi það hins vegar ekki hyggilegt til lausnar á átökunum. En þessar umræður sýna á hvaða stig samskipti ríkjanna voru komin. Halldór gagnrýndi Ísraela og krafðist þess að þeir létu af hörku sinni en tók alltaf fram að Palestínumenn bæru einnig sök á átökunum. Vinstri flokkarnir kenndu hins vegar Ísraelum alfarið um átökin og fylgdu því algerlega viðhorfum sem voru orðin nokkuð algeng meðal almennings. Þrátt fyrir þrýstinginn og eigin óánægju og gagnrýni reyndi Halldór að vinna gegn því að íslensk stjórnvöld ynnu eftir slíkum viðhorfum. En það fór ekki á milli mála að miklir brestir voru greinilega komnir í samskiptin við ísraelsk stjórnvöld.

Þegar sjálfstæðismenn tóku við utanríkisráðuneytinu árið 2004 mildaðist afstaða stjórnvalda lítillaga á vettvangi Sp. Ólíkt stjórnvöldum á öðrum Norðurlönduum sátu Íslendingar hjá við atkvæðagreiðslu um samskonar ályktun og árið áður þar sem m.a. ofbeldisverk beggja aðila voru fordæmd en þó sérstaklega verk Ísraela.²⁰⁶ Sjálfstæðismenn voru enn skilningsríkastir íslenskra stjórnmalaflokka í garð Ísraels. Þetta voru þó einu breytingarnar sem gerðar voru á afstöðu stjórnvalda. Það mátti greina mildari tón í garð Ísraela þann stutta tíma sem Davíð Oddsson gegndi embætti utanríkisráðherra. Hann sagði t.d. í umræðum á Alþingi vorið 2005: „Ísraelsmenn hafa ekki ráðist á óbreytta borgara. Það hefur hins vegar komið fyrir að óbreyttir borgarar

²⁰⁴ „Vilji til friðar en ekkert traust“, *Morgunblaðið* 9. júní 2002, bls. 10–11.

²⁰⁵ Ögmundur Jónasson, Aðskilnaðarmúrinn í Palestínu þingsályktunartillaga, fyrri umræða, 19. febrúar 2004.

²⁰⁶ *Unispal*. 10.12 2004. A/RES/59/124. Fourth Committee/Human rights–GA resolution.

hafa fallið þegar ráðist hefur verið á vígamenn og hermenn. Því miður er það svo af hálfu Palestínumanna sem þar fara fyrir að þar er gagngert og systematískt ráðist á óbreytta borgara“.²⁰⁷ Stjórnarandstaðan var enn með kröfur um að íslensk stjórnvöld myndu beita ísraelsk stjórnvöld þrýstingi og gramdist þessi afstaða utanríkisráðherrans.

Þegar Framsóknarflokkurinn tók aftur við utanríkisráðuneytinu var gagnrýnin aukin á ný og ákveðið að greiða atkvæði með áður nefndri ályktun.²⁰⁸ Valgerður Sverrisdóttir kom á framfæri mótmælum gegn hörku Ísraela, í stríðinu við Hizbollah árið 2006, við ísraelsk stjórnvöld. Í mótmælabréfi til utanríkisráðherra Ísraels vísaði hún til vináttu Íslands og Ísraels og lýsti skilningi á þörf Ísraela til að verja sig um leið og hún hvatti þá til að hætta aðgerðum.²⁰⁹ Bréfið var skrifað í sama tón og áður nefnd bréf Jóns Baldvins. Gagnrýnið en um leið vinsamlegt og skilningsríkt. Almennt kenndi hún einnig Palestínumönnum um átök þeirra við Ísraela eins og Halldór Ásgrímsson hafði gert.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir lagði einnig áherslu á að Palestínumenn yrðu að gera sitt til að koma til móts við Ísraela. Hún heimsótti Ísrael og þá komu nokkrir þarlendir þingmenn með hugmyndir um það að Íslendingar hefðu milligöngu í friðarviðræðum við Palestínumenn.²¹⁰ Hér var vissulega eingöngu um óljósar hugmyndir að ræða. Þær benda þó til að þrátt fyrir alla gagnrýni hafi íslensk stjórnvöld notið trausts meðal ísraelskra þingmanna. Hugsanleg ástæða þess er að þau gerðu ekki upp á milli Ísraela og Palestínumanna. Þótt íslensk stjórnvöld gagnrýndu ofbeldi Ísraela fengu Palestínumenn sinn skammt af slíkri gagnrýni.

Þegar Ísraelar hófu mikinn hernað gegn Hamas samtökunum á Gaza svæðinu í upphafi árs 2008 gagnrýndi Ingibjörg Sólrún aðgerðir Ísraela nokkuð harðlega. Hún sagði að ekki væri hægt að sætta sig við árásir Ísraela þótt þeir væru að eigin sögn að reyna að stöðva eldflaugaárásir frá Gaza. Hér væri um ólöglega hóprefsingu að ræða. Hún sagðist ætla að koma á framfæri mótmælum við utanríkisráðherra Ísraels. En hún bætti við að árásir Palestínumanna væru „ófyrirgefanlegar“.²¹¹ Geir Haarde, forsætisráðherra, sagði aðgerðir Ísraela „óafsakanlegar“ en bætti við að Palestínumenn hefðu átt upptökin með eldflaugaárásum sínum. Ögmundur Jónasson var enn og aftur óánægður með að framferði Ísraela og Palestínumanna væri lagt að jöfnu og velti aftur upp hugmyndum um að slíta stjórnmalasambandi við Ísrael auk þess að krefjast þess að

²⁰⁷ Davíð Oddsson, Utanríkismál, Munnleg skýrsla utanríkisráðherra, umræða, 29. apríl 2005.

²⁰⁸ *Unispal*. 14. 12 2006. A/RES/61/119. Israeli practices—GA resolution.

²⁰⁹ Bréf Valgerðar Sverrisdóttur til Tipzi Livni utanríkisráðherra Ísrael, ódagsett.

²¹⁰ „Ingibjörg Sólrún segir ögurstund vera runna upp“, *Morgunblaðið* 20. júlí 2007, bls. 2.

²¹¹ Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ástandið á Gaza-svæðinu (óundirbúinn fyrirspurnartími), umræða, 21. janúar 2008.

hörðum mótmælum væri komið á framfæri.²¹² Enn var munur á afstöðu íslenskra stjórnmalaflokka. Sjálfstæðimenn voru samþykkir því viðhorfi að framferði Ísraela væri beinlínis óafsakanlegt, en voru samt ekki tilbúnir að sýna þeim fullan fjandskap. Þótt ýmsir innan Samfylkingarinnar hefðu verið tilbúnir til þess gat flokkurinn ekki gengið svo langt meðan hann var í stjórnarsamstarfi við Sjálfstæðisflokkinn. Samskipti stjórnvalda ríkjanna voru komin í raun að ákveðnum punkti þar sem þurfti einfaldlega réttu aðilana til að ýta samskiptunum yfir í fjandskap. Það sem hafði byrjað sem góð vinátta var í þann veginn að breytast í hálfgerð vinslit.

Þegar Össur Skarphéðinsson tók við embætti utanríkisráðherra ýtti hann samskiptunum við ísraelsk stjórnvöld endanlega fyrir björg. Athygli vakti þegar hann fyrirskipaði ekki fulltrúum Íslands á allsherjarþingi Sp, og heldur ekki fulltrúum Íslands á ráðstefnu Sp um kynþáttahatur, að ganga út undir ræðu Mahmoud Ahmadinejad forseta Írans sem hafði vakið athygli fyrir að afneita helförinni og hvetja til gereyðingar Ísrael. Össur gerði lítið úr þessu og taldi að menn ættu að fá að setja fram skoðanir sínar sem síðan væri hægt að mótmæla. Ummæli forsetans taldi hann fyrst og fremst ætluð til „heimabruks“.²¹³ Það að Össur skyldi láta íslenska embættismenn sitja undir slíku vakti talsverða óánægju í Ísrael.²¹⁴ Auðvitað var Össur ekki að taka undir ummæli Ahmadinejad, en að hann skyldi gera lítið úr þeim bendir til að hann hafi ekki tekið þau mjög nærri sér. Hann hafði augljóslega ekki mikinn áhuga á vinahótum við Ísrael fyrst svo fjandsamleg ummæli í garð þess snertu hann svo lítið.

Össur tók að mestu leyti afstöðu með Palestínumönnum í deilum þeirra við Ísrael. Hann lét t.d. koma á framfæri mótmælum gegn framferði Ísraela á fundum mannréttindaráðs Sp.²¹⁵ Eftir að Ísraelar gerðu árás á skip sem var að flytja hjálpargögn til Gaza gekk hann lengra og kallaði árásina „svívirðilegan glæp“. Hann tók undir að skoða þyrfti alvarlega hvort slíta ætti stjórnmalasambandi við Ísrael.²¹⁶ Stjórnarliðar úr vinstri flokkunum tóku undir slíkar hugmyndir en Sjálfstæðismenn töldu það ekki rétta leið og minntu á, eins og áður, að Palestínumenn hefðu framið ofbeldisverk. Össur kannaði það á alþjóðavettvangi hvað ráðamönnum annara ríkja fannst um slíkt. Hann fékk almennt þau svör að slíkt væri ekki vænlegt til árangurs og þar af leiðandi taldi

²¹² Ögmundur Jónasson, Innrás Ísraelsmanna á Gaza(óundirbúinn fyrirspurnatími), umræða 3. mars 2008.

²¹³ Össur Skarphéðinsson, Útganga fulltrúa Íslands á allsherjarþingi Sp, 131. mál fyrirspurn til utanríkisráðherra, umræða, 11. nóvember 2009. „Íslendingar gengu ekki út“.

²¹⁴ Manfred Gerstenfeld, „Iceland against Israel“.

²¹⁵ Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál. (Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010).

²¹⁶ Össur Skarphéðinsson, Árás ísraelsks herskipa á skipalest með hjálpargögn(umræður utan dagskrár) 1. júní 2010.

hann það ekki skynsamlegt.²¹⁷ Í fyrsta sinn töldu íslensk stjórnvöld koma til greina að slíta stjórnmálasambandi við Ísrael. Össur gerði annað sem forverar hans höfðu ekki gert. Hann fór og heimsótti leiðtoga Palestínumanna á herteknu svæðunum en sleppti því að heilsa upp á leiðtoga Ísraels. Össur sagði ísraelsk stjórnvöld hafa mótmælt ferðum hans. Hann hefði viljað heimsækja Ísrael en það hefði verið blásið af.²¹⁸ Þegar Össur ræddi deilur Ísraels og Palestínumanna hvort sem það var í fjölmiðlum, á Alþingi, á vettvangi Sp eða í skýrslum um utanríkismál gagnrýndi hann Ísraela fyrir framferði þeirra. En ólíkt forverum sínum gagnrýndi hann ekki Palestínumenn um leið. Hann hafði gert upp á milli deiluaðilanna og stóð meira með Palestínumönnum en Ísraelum. Vissulega vildi hann, eins og hafði alltaf verið stefna íslenskra stjórnvalda, að öryggi Ísraels yrði tryggt. Það kom þó ekki í veg fyrir að samskipti stjórnvalda Íslands og Ísraels væru verri en nokkru sinni.

Það sem festi það ástand endanlega í sessi var þingsályktun um viðurkenningu Íslands á ríki Palestínumanna. Ísraelar voru mikið á móti þeirri tillögu, en Össuri stóð á sama. Í umræðum um tillöguna kom ágætlega fram að allir flokkar voru ánægðir með hana nema Sjálfstæðisflokkurinn. Sjálfstæðismenn töldu málið snúast helst um að tryggja öryggi Ísraels og að viðurkenning Palestínuríkis á þessum tímapunkti myndi ekki tryggja frið á svæðinu.²¹⁹ Þeir tóku enn að sér að halda fram sjónarmiðum Ísraels. En þegar kom að atkvæðagreiðslu um þingsályktunina kusu þeir að sitja hjá meðan allir aðrir þingmenn greiddu atkvæði með tillögunni.²²⁰ Sjálfstæðismenn treystu sér ekki til að standa gegn straumi almenningsálitsins sem nú var nánast algerlega á bandi Palestínumanna. Undir stjórn Össurar var rekinn ákveðinn endapunktur á það ferli sem hófst í tíð vinstri stjórnarinnar 1971–1974. Það var í hans utanríkisráðherratíð sem samskipti íslenskra og ísraelskra stjórnvalda komust á það stig sem þau eru á í dag

²¹⁷ Össur Skarphéðinsson, Utanríkis- og alþjóðamál, 791. mál skýrsla ráðherra, umræða, 16. maí 2011.

²¹⁸ „Ísland sýni Palestínu stuðning“.

²¹⁹ Viðurkenning á sjálfstæði og fullveldi Palestínu, 31. mál þingsályktunartillaga, fyrri umræða 6. október 2011.

²²⁰ Viðurkenning á sjálfstæði og fullveldi Palestínu, 31. mál þingsályktunartillaga, atkvæðagreiðslur 29. nóvember 2011.

Neikvæð viðhorf til Ísrael á Íslandi leiða til andúðar

Eftir að uppreisn Palestínumanna á herteknu svæðunum braust út í desember 1987 varð samúðin með málstað þeirra enn meiri á Íslandi og að sama skapi efldist gagnrýnin á aðgerðir Ísraela gegn þeim. Algengara varð að almennir lesendur gagnrýndu framferði Ísraela í lesendabréfum og greinum í dagblöðum. Slíkt fór einnig að birtast í *Morgunblaðinu*. Orðalagið var harðara og líkara því sem hafði tíðkast í litlu róttæku vinstri blöðunum. Það má því segja að þá fyrir alvöru hafi neikvæð viðhorf gagnvart Ísrael á Íslandi orðið útbreiddari en áður.

Sumir sem höfðu verið Ísrael vilhallir gagnrýndu aðgerðir Ísraela harðlega. Jónas Kristjánsson ritstjóri er gott dæmi þess. Í leiðara árið 1976 skrifaði hann: „Glæpur Ísraels er fólgin í því að nágrannaríkin hafa í þrígang ráðizt með hervaldi gegn því og tapað við það nokkrum landsvæðum“. En 12 árum síðar höfðu viðhorf Jónasar breyst. Þá skrifaði hann: „Hryðjuverk stjórnar Ísraels....eru eðlilegt og hörmulegt framhald á siðferðilegu hruni Ísraelsríkis“.²²¹ Líklega hefur Jóhanna Kristjónsdóttir haft mikið til síns máls þegar hún skrifaði að það væri „vont fyrir menn vinveitta Ísrael að fylgjast með þessum atburðum.“²²² En þetta var ekki allt á einn veg. Lesendabréf og leiðarar, sérstaklega í *Morgunblaðinu*, voru skrifuð til varnar málstað Ísraela. En þeir sem skrifuðu af samúð með sjónarmiðum Ísraela lýstu margir hverjir yfir óánægju með hörku þeirra gagnvart Palestínumönnum. Sú óánægja virðist hafa farið vaxandi eftir því sem leið á átökin. Viðhorfin voru enn misjöfn og blendin en ljóst er að þeir sem höfðu alltaf verið vinveittir Ísrael áttu erfiðara með að taka undir málstað þess í einu og öllu.

Í byrjun árs 1988 jókst þrýstingur á utanríkisráðherra að beita sér í málinu á alþjóðavettvangi.²²³ Þar var félagið Ísland-Palestína, sem þá hafði verið nýlega verið stofnað, frammarlega í flokki. Elías Davíðsson, sem var félagsmaður, sendi mörg bréf til ráðherra og utanríkisráðuneytisins þar sem hann gagnrýndi ísraelsk stjórnvöld og sionismann harðlega og hvatti ráðherra til að taka upp diplómatiskt samskipti við PLO.

Þeir sem höfðu verið gagnrýnir á framferði Ísraela og lýst yfir stuðningi við málstað Palestínumanna voru ánægðir með yfirlýsingar Steingríms Hermannssonar og að hann hefði komið til móts við PLO. Flest blöð lýstu yfir stuðningi við Steingrím í þessum

²²¹ Jónas Kristjánsson, „Villimannasamtökin“, *Dagblaðið* 10. júní 1976. Jónas Kristjánsson, „Ísrael er að verða skrímsli“, *DV* 14. janúar 1988, bls. 14.

²²² Jóhanna Kristjónsdóttir, „Harðýgði hers og stjórnar hlýtur að verða blettur á Ísrael um langa hríð“, *Morgunblaðið* 8. janúar 1988, bls. 27.

²²³ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 1999. B-155. Bréf Guðrúnar Kristinsdóttur til Steingríms Hermannssonar utanríkisráðherra, 20. febrúar 1988.

málum en *Morgunblaðið* lýsti yfir efasemdum í sínum leiðurum. En *Morgunblaðið* tók hins vegar undir að semja yrði við Palestínumenn. Eftir því sem harkan varð meiri í garð Palestínumanna jókst gagnrýni *Morgunblaðsins* á tregðu Ísraela til að semja við þá. *Blaðið* gekk jafnvel svo langt að halda því fram að það væri engu líkara en að Ísraelar hefðu tileinkað sér „lífsviðhorf höfuðandstæðingsins, þýska nasimans, sem æpti á landrými“.²²⁴ Að *Morgunblaðið* skyldi tileinka sér orðfæri sem áður hafði fyrst og fremst verið beitt af þeim sem voru lengst til vinstri í stjórnmálum segir ýmislegt um hvað óánægjan með framferði Ísraela gagnvart Palestínumönnum var orðin víðtæk á Íslandi. Það var augljóslega það sem hafði fyrst og fremst áhrif á það að viðhorfið gagnvart Ísrael varð neikvæðara. Þeim fjölgaði sem höfðu áður verið einlægir stuðningsmenn Ísraela en voru orðnir nokkuð andsnúnir þeim. Finna mátti slíka einstaklinga meðal presta þjóðkirkjunnar.²²⁵ Fleiri prestar áttu eftir að gagnrýna framferði Ísraela harðlega á næstu árum. Það er því nokkur einföldun að segja að undanhald kristninnar skýri að hluta til aukinn fjandskap í garð Ísrael á Íslandi. En vissulega eru margir trúræknir einstaklingar enn mjög hallir undir málstað Ísraela. Þegar þarna var komið við sögu var andúðin á stefnu ísraelskra stjórnvalda farin að ná til allra hópa þjóðfélagsins. Viðhorfin voru þó enn blandin. Sumir sem gagnrýndu framferði Ísraela lýstu því einnig yfir að þeir hefðu rétt til að tryggja öryggi sitt.

Félagið Ísland-Palestína vakti eflaust marga til vitundar um stöðu Palestínumanna. Félagið var duglegt að mótmæla og gagnrýnda af krafti aðgerðir Ísraelsstjórnar gegn Palestínumönnum. Það hvatti oft íslensk stjórnvöld til að beita sér í þessum málum og hreyfði reglulega við þeirri hugmynd að Ísland sliti stjórnmálasambandi við Ísrael. Forystumenn þess hvöttu eindregið til að Davíð Oddsson færi ekki í heimsókn til Ísrael árið 1992. Á mótmælafundi, sem félagið stóð fyrir þegar Shimon Peres heimsótti Ísland 1993, var skorað á Davíð Oddsson að krefjast þess að Ísrael viðurkenndi rétt Palestínumanna til sjálfstæðs ríkis, skilaði herteknu svæðunum og „hætti að drepa börn og varnarlausa borgara.“²²⁶ Einnig kom Elías Davíðsson því á framfæri að Peres væri ekki velkominn til Íslands.²²⁷ Fleiri tóku undir þau skilaboð. Ísraelskir ráðamenn höfðu ávallt verið aufúsugestir á Íslandi en viðhorfin voru breytt. Þrýstingurinn á íslensk stjórnvöld um að sýna ísraelskum stjórnvöldum minni vinsemd var því nokkur og í því andrúmslofti var vonlítið að heimsóknin gengi jafn vel og ráðherraheimsóknir fyrri ára.

²²⁴ „Reykjavíkurbréf“, *Morgunblaðið* 6. desember 1992, bls. 25.

²²⁵ Rögnvaldur Finnbogason, *Jerúsalem-Talandi steinar*, bls. 5-6.

²²⁶ ÞÍ. Forsætisráðuneytið 2002. B-73. Ályktun mótmælafundar á Lækjartorgi, 20. ágúst 1993.

²²⁷ ÞÍ. Forsætisráðuneytið 2002. B-73. Elías Davíðsson. Opið bréf til Shimon Peres, 25. júlí 1993.

En um þetta voru skiptar skoðanir. Nokkuð var um að sumir lýstu óánægju með framkomu stjórnarandstöðupingmanna í garð Shimon Peres. Viðhorfin í garð Ísrael voru enn blandin á Íslandi.

Gagnrýni þeirra sem harðorðastir voru í garð Ísraela minnkaði ekki að ráði eftir friðarsamkomulagið 1993. Þeir sem höfðu sýnt Ísrael samúð en gagnrýnt framferði þeirra gegn Palestínumönnum fögnuðu hins vegar friðarferlinu og drógu nokkuð úr gagnrýni sinni. En þegar lítið varð úr friðarferlinu hertist gagnrýnin aftur. Í leiðara *Morgunblaðsins* mátti t.d. lesa að Ísrael nyti ekki sömu samúðar og áður vegna þess að heiminum ofbyði framferði Ísraela.²²⁸ Í þessum orðum kristallast líklega breytt viðhorf þeirra sem áður höfðu sýnt Ísrael fullan stuðning.

Þegar önnur uppreisn Palestínumanna braust út árið 2000 jókst almenn gagnrýni á framferði Ísraela enn frekar. Þá hafði málstaður Palestínumanna í raun unnið endanlegan sigur á Íslandi. Mörg þung orð voru látin falla í garð ísraelskra ráðamanna á síðum íslenskra dagblaða. En gagnrýni sumra beindist ekki síður að ísraelskum almenningi vegna stuðnings hans við aðgerðir ísraelskra stjórnvalda. Hörð orð féllu. „Geðveik gyðingapjóð leikur lausum hala, myrðir og eyðir“ skrifaði einn maður og fordæmdi alla „gyðingapjóðina“.²²⁹ Þess var reglulega krafist að slíta ætti stjórnmalasambandi og í raun öllum samskiptum við Ísrael. Íslenskir ráðamenn fundu fyrir þessum þrýstingi og svöruðu honum með því að gagnrýna Ísraela, enda var sífellt erfiðara að halda uppi vinsamlegum samskiptum við Ísrael. Nokkur samhljómur var meðal þeirra sem gagnrýndu framferði Ísraela um að deilurnar við Palestínumenn væru að öllu leyti Ísraelum að kenna. Formaður félagsins Ísland-Palestína, Sveinn Rúnar Hauksson, sagði að um þessar deilur ætti máltækið sjaldan veldur einn þá tveir deila ekki við.²³⁰ Slík viðhorf voru orðin algeng á Íslandi og áttu sér öfluga málsvara á Alþingi eins og áður hefur komið fram. Þótt almenningsálitið hafi þróast í þessa átt á undan viðhorfum stjórnmalamannanna var óhjákvæmilegt að þau næðu saman á endanum a.m.k. hvað varðar vinstri flokkanna.

Sumir Ísraelsvinir reyndu að malda í móinn. Óli Tynes sem hafði verið um tíma formaður vinafélags Íslands og Ísraels sagði öllum ofbjóða „hrottaskapur“ Ísraela en bætti því við að ástandið væri líka Palestínumönnum að kenna.²³¹ Það varð ríkjandi viðhorf meðal þeirra sem hölluðust til hægri í stjórnmalum og er það líklega enn. Í

²²⁸ „Deila Ísraela og Palestínumanna“, *Morgunblaðið* 6. mars 1997, bls. 30.

²²⁹ Kristján Hreinsson, „Slítum stjórnmalasambandi við Ísrael strax“, *DV* 24. júní 2002.

²³⁰ Sveinn Rúnar hauksson, „Að réttlæta stríðsglæpi“, *Morgunblaðið* 30. mars 2008, bls. 40.

²³¹ Óli Tynes, „Bara Ísraelum að kenna?“, *Morgunblaðið* 13. apríl 2002, bls. 36.

leiðurum *Morgunblaðsins* mátti reglulega lesa að Ísraelar hefðu rétt til að verja sig en að þeir gengju allt of langt. Sjálfstæðismenn á Alþingi hafa einmitt haldið þessu fram undanfarin ár. Enn eru til á Íslandi þeir sem skella skuldinni alfarið á Palestínumenn en þeir eru í miklum minnihluta.

Þannig hefur hið almenna viðhorf til Ísrael á Íslandi þróast nokkurn veginn í takt við viðhorf íslenskra stjórn málaflókka og átt sinn þátt í að leiða samskipti stjórnvalda ríkjanna á það stig sem þau eru á í dag. Samskipti íslenskra stjórnvalda við þau ísraelsku hafa alltaf þróast í samhengi við viðhorf almennings á Íslandi til Ísraels. Það er í raun ekki hægt að skilja þetta tvennt án þess að setja það í samhengi hvort við annað.

Menningarsamskipti ríkjanna fjara út

Þrátt fyrir talsverða aukningu á neikvæðum viðhorfum í garð Ísraels á Íslandi í kjölfar uppreisnar Palestínumanna árið 1987 og aukins rósturs á svæðinu héldu þó enn góð samskipti áfram á sumum sviðum. Íslensk ungmenni héldu áfram að koma í nokkrum mæli til Ísraels í þeim tilgangi að vinna á samyrkjubúum.²³² Eins og áður fóru íslenskir kórar í söngferðalög til Ísraels.²³³ Vináttufélagið á Íslandi hélt sinni starfsemi áfram.

Áhugi á Íslandi virðist enn hafa verið til staðar í Ísrael. Enn var ræðismaður Íslands að biðja um meira upplýsingaefni vegna eftirspurnar og vináttufélag Ísraels og Íslands var enn í fullu fjöri.²³⁴ Raunar virðist starfsemi félagsins hafa lagst niður en sumarið 1990 var hleypt nýjum krafti í starfsemi þess.²³⁵ Vorið 1993 mættu 500 manns á samkomu á vegum ræðismanns Íslands í háskólanum í Tel-Aviv þar sem m.a. voru sýndar ljósmyndir frá Íslandi og leikin íslensk tónlist.²³⁶

En eftir því sem gagnrýni á framferði Ísraela fór vaxandi á Íslandi og stuðningurinn við Palestínumenn jókst virðist það hafa haft þau áhrif að slík samskipti fóru minnkandi. Ekki hafa birst fréttir af dvöl íslenskra ungmenna á ísraelskum samyrkjubúum frá því

²³² ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 2011. B-195. Bréf sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn til utanríkisráðuneytisins, 4. september 1989.

²³³ „Karlakór Reykjavíkur til Ísraels og Egyptalands“, *Þjóðviljinn* 25. febrúar 1988, bls. 21.

²³⁴ ÞÍ. Forsætisráðuneytið 2002. B-15. Bréf Peter Naschitz ræðismanns Íslands í Ísrael til Hreins Loftssonar forsætisráðuneytinu, 10. febrúar 1992.

²³⁵ „Fjölmenni á stofnfundi vinafélags í Tel Aviv“, *Morgunblaðið* 16. júní 1990, bls. 31.

²³⁶ ÞÍ. Utanríkisráðuneytið 2011. B-195. Bréf Peter Naschitz ræðismanns Íslands í Ísrael til utanríkisráðuneytisins, 21. apríl 1993.

um miðjan 10. áratuginn. Eftir að seinni Intifada-uppreisnin braust út virðist slíkt hafa lagst endanlega af.²³⁷

En þrátt fyrir alla hina hörðu gagnrýni á hendur Ísrael í íslenskum fjölmiðlum eru til Ísraelar sem láta það ekki hafa áhrif á áhuga sinn á íslenskri menningu og tungu.²³⁸ Það kemur einnig fyrir að íslenskir og ísraelskir listamenn eigi með sér samvinnu.²³⁹ Hins vegar er varla hægt að deila um það að hvers kyns menningarsamskipti milli Ísrael og Íslands hafa minnkað frá því sem áður var. Starfsemi vináttufélagsins á Íslandi virðist hafa lagst af á 10. áratugnum. Annað vináttufélag er þó starfandi en lítið ber á því. Þau menningarsamskipti sem hér hefur verið lýst hafa því þróast á nákvæmlega sama hátt og stjórnmálamskiptin í takt við þróun almenns viðhorf til Ísrael á Íslandi. Þetta er lýsandi dæmi um það hvernig mismunandi svið nútíma þjóðfélags spila saman og hafa áhrif hvert á annað.

Niðurstöður

Eftir að Ísraelsríki var stofnað öðlaðist það almenna aðdáun Íslendinga. Þeir sem hölluðust til vinstri í stjórnmálum lofuðu samyrkjubú Ísraela og það hversu áhrifamiklar sósíalískar hugmyndir voru í landinu. Hægri menn litu á Ísrael sem útvörð vestræns lýðræðis í Miðausturlöndum. Kristnir menn töldu spádóma Biblíunnar hafa ræst með stofnun Ísraels. Aðkoma Thors Thors átti einnig þátt í að vekja áhuga Íslendinga á landi og þjóð ásamt því að vekja gagnkvæman áhuga Ísraela. Þar af leiðandi var nánast óhjákvæmilegt að samskipti ríkjanna þróuðust á jákvæðan hátt á 6. og 7. áratugnum. Önnur forsenda þessarar góðvildar var takmarkaður áhugi og samúð með réttindum Palestínnumanna á þessu tímabili. Íslendingar voru ekki sér á báti þegar kom að því. Palestínnumenn sem flúðu Ísrael 1948 nutu vorkunnar, en voru ekki taldir eiga sérstök réttindi. Þetta afskiptaleyfi gagnvart hlutskipti Palestínnumanna átti mikinn þátt í að útskýra hvers vegna stjórnmál – og menningarsamskipti Íslands og Ísraels urðu eins vinsamleg og raun bar vitni.

Eftir 6 daga stríðið í lok 7. áratugarins komst staða Palestínnumanna á dagskrá á alþjóðavettvangi. Flestir voru samþykkrir því að ekki væri eðlilegt að þeir þyrftu að þola hersetu Ísraela. Íslensk stjórnvöld voru ekki ósnortin af þessari þróun og tóku undir að

²³⁷ „Íslendingur sem búsettur er í Ísrael: árásirnar vekja óhug“, *DV* 3. apríl 2002, bls. 7.

²³⁸ Yair Sapir, „Shalom, Ísland!“, *Morgunblaðið* 26. maí 2002, bls. 34.

²³⁹ „Menningarleg samsömun í hnattvæddum heimi“, *Morgunblaðið* 8. febrúar 2006, bls. 46.

tryggja yrði Palestínumönnum það sem nefnt var sjálfsákvörðunarréttur. Hvað sá réttur fól í sér var þó yfirleitt almennt orðað á vettvangi Sameinuðu þjóðanna eða skilgreint á margvíslegan hátt. Ekki var samstaða um að þessi réttur fæli í sér að Palestínumenn ættu að fá að stofna sitt eigið ríki. Þessi staða þýddi í raun að íslensk stjórnvöld gátu tekið almennt undir kröfur Palestínumanna um aukin réttindi og stutt kröfur um bættan aðbúnað þeirra án þess þó að minnka að ráði stuðning sinn við Ísraela. En tími skilyrðislausss stuðnings var liðinn. Vinstri stjórninn sem tók við völdum 1971 var fyrsta ríkisstjórnin sem samþykkti ályktanir á allsherjarþingi Sp þar sem framferði Ísraela var gagnrýnt. Það var bæði í samræmi við stefnu hennar um samstöðu með þjóðum þriðja heimsins og vegna samúðar með stöðu Palestínumanna. Næstu árin minntu utanríkisráðherrar Íslands á rétt Palestínumanna með almennum hætti og íslensk stjórnvöld gagnrýndu aðbúnað Palestínumanna á vettvangi Sp. Eftir því sem árin liðu fjölgaði þeim ályktunum á allsherjarþingi Sp, sem íslensk stjórnvöld samþykktu, þar sem deilt var á framferði Ísraela. Í kjölfar innrásar þeirra í Líbanon kom síðan gagnrýni beint frá utanríkisráðherra Íslands þ.e. fyrir tíma Steingríms Hermannssonar í utanríkisráðuneytinu. Gagnrýnin varð þó aldrei það hörð að samskipti íslenskra og ísraelskra stjórnvalda biðu mikinn skaða af þótt þau væru ekki jafn nán og áður.

Íslensk stjórnvöld höfðu mikið samráð um afstöðuna til deilu Ísraela og Palestínumanna við stjórnvöld annarra Norðurlanda. Í því fólst ákveðin breyting enda höfðu Íslendingar að mörgu leyti verið nánari Ísraelum en önnur Norðurlönd. Íslensk stjórnvöld gengu fyrst eftir 6 daga stríðið lengra í stuðningi við Ísrael en á endanum fylgdust öll Norðurlöndin að. Íslenskir ráðamenn lögðu áherslu á að ráðfæra sig við norrænu þjóðirnar og tóku yfirleitt ekki algerlega sjálfstæða afstöðu til deilunnar.

Eftir 6 daga stríðið jókst samúð með Palestínumönnum á Íslandi. Það tengdist bæði bágrí stöðu Palestínumanna og innreið hugmynda um stuðning við þjóðir þriðja heimsins. Ísrael hætti að vera sem fyrirmyndarríki í augum vinstrimanna. Þeir sem hölluðust frekar til hægri voru sammála því að eitthvað yrði að gera fyrir Palestínumenn en stilltu þó gagnrýni sinni á Ísraela í hof. En sanna andúð á framferði Ísraela var aðeins að finna yst á vinstri væng íslenskra stjórnvalda. Mótmæli til stuðnings Palestínumönnum voru fámenn og höfðu lítil sem engin áhrif á stefnu íslenskra stjórnvalda í þessum málum. Þótt gagnrýni væri til staðar var hún mild einnig á vinstri væng stjórnvalanna (fyrir utan róttækustu öflin). Ríkjandi orðræða var sú að taka þyrfti tillit til hagsmuna Palestínumanna en óljóst var með hvaða hætti. Skilningur á sjónarmiðum Ísraela var enn talsverður. Þetta var í samræmi við ríkjandi viðhorf á

alþjóðavettvangi. Talið var að leysa yrði deiluna, en almenn tregða var til að grípa til róttækra aðgerða. Þar af leiðandi tókst íslenskum stjórnvöldum að halda samkiptum við Ísraela í nokkuð góðu horfi. Einnig voru menningarsamskipti landanna að mestu leyti eins góð og þau höfðu verið fyrir 6 daga stríðið. Verulega neikvæð viðhorf til Ísraels voru enn ekki orðin það útbreidd á Íslandi að það hefði grundvallarbreytingar í för með sér á samskiptum þjóðanna.

Uppreisn Palestínumanna á herteknu svæðunum í lok árs 1987 varð til þess að í raun allur heimurinn áttaði sig fyllilega á því hver staða þeirra var. Þrýstingurinn á alþjóðavettvangi um að leysa yrði deilu Palestínumanna og Ísraela varð mun meiri en áður. Mikil andúð var víða um heim á framferði Ísraela gagnvart Palestínumönnum. Þetta varð að viðtekinni skoðun á vinstri væng íslenskra stjórn mála. Þeirra mál komust þá fyrst fyrir alvöru á dagskrá íslenskra stjórnvalda. Heyra mátti harðari gagnrýni á Ísraela en nokkru sinni áður frá íslenskum stjórn mála leiðtogum. Þegar vinstri stjórn sat við völd á Íslandi á árunum 1988–1991 var því mótuð sú stefna að forystumenn Palestínumanna yrðu taldir jafningjar ísraelskra stjórnvalda. Hér var í raun um grundvallarbreytingu að ræða á stefnu íslenskra stjórnvalda gagnvart Ísrael. Þótt þau hefðu áður gagnrýnt Ísraela tóku þau í raun afstöðu með þeim þegar allt kom til alls. Nú var ákveðið að tryggja yrði rétt beggja og litið svo á að báðir aðilar bæru sína ábyrgð á ástandinu. Stefna íslenskra stjórnvalda yrði framvegis sú að gera ekki lengur upp á milli deiluaðila. Þessari stefnu var þó ekki hrint í framkvæmd af verulegum krafti. Fullyrða má að það megji hluta til rekja til tregðu Jón Baldvins Hannibalssonar sem hafði nokkra samúð með sjónarmiðum Ísraela. Einnig skipti máli í þessu sambandi að ekki var enn samstaða á alþjóðavettvangi um hvernig tryggja ætti rétt Palestínumanna til framtíðar. Það gerði stjórnvöldum erfiðara fyrir að eiga samskipti við þá á sama grundvelli og við ísraelsk stjórnvöld. En krafan um bætt réttindi Palestínumanna var rík á alþjóðavettvangi og í því andrúmslofti var óhjákvæmilegt að íslensk stjórnvöld væru gagnrýnni í stefnu sinni gagnvart Ísrael.

Uppreisn Palestínumanna árið 1987 varð til þess að andúð á stefnu Ísraela varð mun útbreiddari en áður á Íslandi og stuðningur við Palestínumenn varð mun kröftugri. Andúðin náði ekki lengur aðeins til vinstri sinnaðra róttæklinga. Við slíkar aðstæður reyndist íslenskum stjórnvöldum erfiðara að halda uppi vinsamlegum samskiptum við Ísraela. Jón Baldvin var t.d. undir þrýstingi um að marka harðari stefnu gagnvart þeim. Menningarsamskipti landanna héldu þó áfram að nokkru leyti en þau fjöruðu smám saman út. Ástæðuna má vafalaust rekja til versnandi orðspors Ísraels á alþjóðavettvangi.

Þeir sem hölluðust til hægri í stjórnmálum gagnrýndu framferði Ísraels en sýndu sjónarmiðum þeirra skilning. Svo lengi sem íslensk stjórnvöld sýndu slíkan skilning virðast ísraelsk stjórnvöld hafa getað tekið gagnrýni þeirra. Samskipti stjórnvalda ríkjanna voru því ekki alltaf eingöngu slæm og góð. Þau birtust ekkert alltaf með einföldum hætti.

Fullyrða má að þegar önnur uppreisn Palestínumanna braust út árið 2000 hafi meirihluti íslensku þjóðarinnar snúist á sveif með Palestínumönnum. Það var í samræmi við þróunina á alþjóðavettvangi. Loks skapaðist um það víðtæk alþjóðleg samstaða að Palestínumenn skyldu fá að stofna sitt eigið ríki. Halldór Ásgrímsson hrinti þá þeirri stefnu formlega í framkvæmd að ísraelsk stjórnvöld og forystumenn Palestínumanna skyldu vera jafnrétt háir gagnvart íslenskum stjórnvöldum. Þannig tengdust samskipti ísraelskra og íslenskra stjórnvalda alltaf þróuninni á stöðu Palestínumanna á alþjóðavettvangi. Íslensk stjórnvöld fylgdu henni en fóru aldrei fram úr henni. Flestir Íslendingar sameinuðust í gagnrýni á stefnu Ísraels og margir kenndu þeim alfarið um átökin. Það var ekkert einstakt. Slík viðhorf voru algeng um allan heim, enda hafði samúð með Ísraelum minnkað stórlega. Andúðin var orðin svo mikil á Íslandi að hún var farin að beinast að hluta til að ísraelsku þjóðinni sem slíkri. Hægri menn, einkum meðal sjálfstæðismanna, vildu þó einnig kenna Palestínumönnum um. Það tryggði áfram sæmileg samskipti á stjórnmálasviðinu, svo lengi sem að Sjálfstæðisflokkurinn var í ríkisstjórn, þó að menningarsamskipti milli landanna hefðu nánast lagst af. Þrýstingurinn um að slíta öllum samskiptum við Ísrael var verulegur. Vinstri flokkarnir, Vinstri hreyfingin– grænt framboð og Samfylkingin fylgdu hinni hörðu línu gegn Ísrael. Um leið og þeir komust saman til valda var afstaða tekinn með Palestínumönnum og samskiptin við ísraelsk stjórnvöld náðu nýjum lögðum. Össur Skarphéðinsson breytti stefnu íslenskra stjórnvalda að því leyti að snúa henni á sveif með Palestínumönnum. Hann breytti ekki því sem hafði alltaf verið stefna íslenskra stjórnvalda að öryggi Ísraels yrði tryggt. Össur gerði hins vegar það sem forverar hans höfðu ekki gert og tók sjálfstæðiskröfur Palestínumanna fram yfir áhyggjur Ísraels af öryggi sínu. Hann var fyrsti íslenski utanríkisráðherrann sem lagði því ekki að jöfnu sjónarmið Ísraels um öryggiskröfur og sjálfsákvörðunarrétt Palestínumanna. Í tíð Össurar gerðu íslensk stjórnvöld meira en fylgja hinni alþjóðlegu þróun í málefnum Palestínumanna. Hin mismunandi sýn íslenskra hægri– og vinstrimanna á samskiptin við Ísrael sýnir að það hefur skipt máli hver situr við stjórnvölinn á Íslandi þegar kemur að áherslum í samskiptum ríkjanna.

Þannig höfðu margir samverkandi þættir bæði innanlands og utan þau áhrif að snúa samskiptum Íslands og Ísraels á flestum sviðum í heilan hring á tæplega fjórum áratugum. Samskipti ríkjanna eru gott dæmi þess að milliríkjasamskipti eru ekki óháð almenningssálitinu. Menningarsamskipti hljóta einnig að mótast af almennri afstöðu til viðkomandi lands. Neikvæð afstaða til ákveðins land dregur verulega úr vilja og áhuga á slíkum samskiptum. Þannig hafa stjórnmálasamskipti, menningarsamskipti og almenn viðhorf áhrif hvert á annað.

Breytingin á samskiptum Íslands og Ísraels á þeim rúmlega 60 árum sem Ísrael hefur verið til er því veruleg. Hvort þau verða þannig til frambúðar er ómögulegt að segja til um. Nú standa yfir friðarviðræður milli Ísraels og Palestínumanna og ef þær skila árangri getur vel verið að það geti bætt samskipti Íslands og Ísraels. Það fer einnig eftir því hvort að núverandi ríkisstjórn Íslands muni gera tilraun til að bæta samskiptin og hver afstaða almenningss verður. En hvað sem framtíðin ber í skauti sér stendur Íslandsgata, sem fékk það nafn í heimsókn Ásgeir Ásgeirssonar til Ísraels árið 1966, enn í Jerúsalem sem tákni um vinsamleg samskipti fyrri tíma.

Heimildaskrá

Óprentaðar heimildir úr skjalasöfnum

Borgarskjalasafn Reykjavíkur(Bsr)

Skjalasafn Bjarna Benediktssonar. 2. hluti. Stjórnmalamaðurinn. 2-10-1. Bréf Thors Thors til Bjarna Benediktssonar 21. júlí 1947.

Skjalasafn Bjarna Benediktssonar. 2. hluti. Stjórnmalamaðurinn. 2-10-1. Bréf Thors Thors til Bjarna Benediktssonar 20. ágúst 1947.

United Nations Information System on the Question of Palestine Documents

Collection(Unispal), <http://unispal.un.org/unispal.nsf/udc.htm>.

7.5 1947. A/C.1/PV.48. Future government of Palestine–GA debate–verbatim record.

3.9 1947. A/364. Question of Palestine/Majority plan (Partition), Minority plan (Federal State) –UN Special Committee on Palestine (UNSCOP) –Report.

25.9 1947. A/AC.14/SR1. Palestine question –Ad Hoc Cttee/Election of officers – Summary record.

22.10. 1947. GA/PAL/24. Membership and functions of Subcommittees 1 and 2 –Ad Hoc Committee on Palestinian question –Press release.

23.10 1947.GA/PAL/23. Establishment of Subcommittees on partition and unitary state –Ad Hoc Committee on the Palestinian Question–Press release.

25. 11 1947. A/516. Palestine question/Future government/Partition plan –Ad Hoc Cttee report, recommendations.

26.11 1947. A/PV.124. Future government of Palestine –GA debate –Verbatim record.

29.11 1947. A/PV.128. Future government of Palestine –GA debate, vote on resolution 181– Verbatim record.

29.11 1947. A/RES/181(II). Palestine plan of partition with economic union –General Assembly resolution 181.

11. 5 1949. A/PV.207. Admission of Israel to the United Nations–GA debate – Verbatim record.

7.11 1956. A/RES/1002(ES-1).1956war/UNEF–GA emergency session–Resolution.

23.11 1965. A/6115. Work of UNRWA-Report of the Special Political Committee(4th Cttee) to GA, draft resolutions.

14.7 1967. A/RES/2254(ES-V). Jerusalem/Israeli measures–GA 5th ESS–Resolution.

11. 12 1969.A/RES/2546(XXIV). Human rights situation in occupied territories–GA resolution.

8.12 1970. A/RES/2672(XXV) A-D. Palestine refugees/UNRWA reports–GA resolutions.

6. 12 1971. A/RES/2792(XXVI) A-E.Palestine refugees/UNRWA reports–GA resolutions.

13.12 1971. A/RES/2799(XXVI). Mideast situation/Efforts to reach a Peace agreement–GA resolution.

17.12 1973. A/RES/3175(XXVIII). Sovereignty over national resources in the OATs–GA resolution.

22.11 1974. A/RES/3236(XXIX). Palestine question/Inalienable rights of the Palestinian people: Self-determination, independence, sovereignty, return–GA resolution.

22.11 1974. A/RES/3237(XXIX). PLO UN status/PLO to participate as observer in GA–GA resolution.

17.12 1974. A/RES/3336(XXIX). Sovereignty over national resources in the OT– GA resolution.

16. 12 1976.A/RES/31/106(A-D). Israeli practices–SpCttee report– GA resolutions.

28.10 1977.A/RES/32/5. Israeli measures in the OT– GA resolution.

6.12 1979. A/RES/34/70. Mideast situation/Early convening with all parties of Mideast peace conference under S/RES/338(1973) –GA resolution.

14.12 1979. A/RES/34/113. Living conditions of the Palestinian People–GA resolution.

14. 12 1979. A/RES/34/133. Assistance to the Palestinian People–GA resolution.

15. 12 1980. A/RES/35/169(A-E). Palestine question/CEIRPP/DPR/Inalienable rights in Palestine/Israel´s "basic law" on Jerusalem Censured/SecCo measures under Chapter VII–GA resolutions.

26. 6 1982. A/RES/ES-7/5. Palestine question/Situation in Lebanon–GA emergency session–GA resolution.

19.8 1982. A/RES/ES-7/6.Palestine Question–GA emergency session–Resolution.

9. 12 1982. A/RES/37/88(A-G) . Israeli practices–SpCttee report–GA resolutions.

16.12 1982. A/RES/37/123. Mideast situation/Jerusalem/Golan–GA resolution.

17. 12 1982. A/RES/37/134.Assistance to the Palestinian people–GA resolution.

19.12 1983. A/RES/38/180. Mideast situation/Jerusalem/Golan–GA resolution.

23.3 1988. A/RES/42/230. Committee on Relations with the Host Country report/ICJ order(unanimously adopted on 9 march 1988) –GA resolution.

3.11 1988. A/RES/43/21. The uprising(intifadah) of the Palestinian people–GA resolution.

8.11 1988. A/43/PV.45. Israeli practices–GA debate-Provisional verbatim record.

6. 12 1988. A/RES/43/58(A-G). Israeli practices–SpCttee report–GA resolutions.

6. 12 1988. A/RES/43/54. Mideast situation/Jerusalem/Golan/Int’l Peace Conference under
A/RES/38/58 C/SecCo preparatory cttee–GA resolution.

15.12 1988. A/RES/43/176. Palestine question/National Rights/Int’l Peace Conference under UN auspices, based on S/RES/338/Principles/Preparatory cttee/OPT UN supervision–GA–resolution.

5.10 1989. A/RES/44/2. The uprising(intifadah) of the Palestinian People/SecCO measures needed to provide int’l protection–GA resolution.

6.12 1990. A/RES/45/69. The uprising(intifadah) of the Palestinian People/SecCO measures needed to provide international protection–GA resolution.

17.11 1994. A/C.3/49/SR.35. Right to self-determination–GA Third Cttee Meeting records.

23.12 1994. A/RES/49/149. Right of the Palestinian People to self-determination–GA resolution.

21.12. 1995. A/RES/50/140. Right of the Palestinian people to self-determination–GA resolution.

13.12 1996. A/RES/51/134. Israeli practices/Human rights–GA resolution(reissued).

13.12 1996. A/RES/51/129. Palestine refugees-Refugees’properties–GA resolution.

16.12 1996. A/RES/51/190. Sovereignty over natural resources in the OT–GA resolution.

12.11 2001. A/56/PV.48. Mideast situation–GA general debate–Verbatim record(excerpts).

17.9 2002. A/57/PV.12. Mideast situation-GA general debate–Verbatim record(excerpts).

17.12 2003. A/RES/58/99. Fourth Committee/Human rights in OPT–GA resolution.

10.12 2004. A/RES/59/124. Fourth Committee/Human rights– GA resolution.

14. 12 2006. A/RES/61/119. Israeli practices– GA resolution.

Djóðskjalasafn Íslands(DÍ)

Forsætisráðuneytið 2002. B-15. Frétt frá forsætisráðuneytinu. Reykjavík 14. maí 1990.

Forsætisráðuneytið. 2002. B-15. Ávarp Davíðs Oddssonar forsætisráðherra í

hádegisverðarboði Itzhak Shamir forsætisráðherra Ísraels, 18. febrúar 1992.

Forsætisráðuneytið. 2002. B-15. Address given at the reception given by the Icelandic

Prime Minister at the King David Hotel in Jerusalem on 19th February 1992.

Forsætisráðuneytið 2002. B-15. Úrklippa úr Jerusalem Post, 19. febrúar 1992.

Forsætisráðuneytið 2002. B-15. Bréf Peter Naschitz ræðismanns Íslands í Ísrael til

Hreins Loftssonar forsætisráðuneytinu, 10. febrúar 1992.

Forsætisráðuneytið 2002. B-15. Speaking Points I.

Forsætisráðuneytið 2002. B-15. Skýrsla utanríkisráðherra vor 1990(ljósrit), bls. 37.

Forsætisráðuneytið 2002. B-73. Ályktun mótmælafundar á Lækjartorgi, 20. ágúst 1993.

Forsætisráðuneytið 2002. B-73. Ávarp Davíðs Oddssonar forsætisráðherra í

kvöldverðarboði til heiðurs utanríkisráðherra Ísraels hr. Shimon Peres.

Forsætisráðuneytið 2002. B-73. Handskrifað minnisblað dagsett 14. júlí 1993.

Forsætisráðuneytið 2002. B-73. Elías Davíðsson. Opið bréf til Shimon Peres, 25. júlí 1993.

Utanríkisráðuneytið 1968. B-18. Ávarp forseta Íslands í boði forseta Ísraels, 28. mars 1966.

Utanríkisráðuneytið 1968. B-18. Ágrip af ræðu Zalman Shazar forseta Ísrael í veislu fyrir forseta Íslands, 28. mars 1966.

Utanríkisráðuneytið 1968. B-18. Fréttatilkynning frá Tel Aviv, 30. mars 1966.

Utanríkisráðuneytið 1968. B-25. Bréf Helga P. Briem sendiherra Stokkhólmi til Utanríkisráðuneytisins ,17. desember 1951.

Utanríkisráðuneytið 1968. B-34. Félagið Ísland-Ísrael félagaskrá.

Utanríkisráðuneytið 1968. B-34. Ræða utanríkisráðherra í kvöldverði fyrir Golda Meir, 18. maí 1961.

Utanríkisráðuneytið 1968. B-43. Bréf frá Henriks Sv. Björnssonar ráðuneytisstjóra Íslands til Chaim Yahil ráðuneytisstjóra Utanríkisráðuneytis Ísraels, 30.ágúst 1960.

Utanríkisráðuneytið 1968. B-43. Bréf Chaim Yahil ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytis Ísrael til Henriks SV. Björnssonar ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytis Íslands, 7.október 1960.

Utanríkisráðuneytið 1968. B-196. Fritz Naschitz. Annual Report on Israel 1957.

Utanríkisráðuneytið 1968. B-196. Fritz Naschitz. Annual Report on Israel 1959.

Utanríkisráðuneytið 1968. B-335. Fritz Naschitz. Thirteenth Annual Report on Israel 1962.

Utanríkisráðuneytið 1989. B-184. Statement by the Delegate of Iceland Ambassador Ingvi S. Ingvarsson 30 November 1973 in the Second Committee. Permanent Sovereignty Over Natural Resources.

Utanríkisráðuneytið 1989. B-189. Skýrsla um utanríkismál maí 1975.

Utanríkisráðuneytið 1989. B-189. Utanríkismál. Skýrsla Einars Ágústssonar til Alþingis 1978.

Utanríkisráðuneytið 1989. B-203. fréttatilkynning frá utanríkisráðuneytinu, 2. maí 1973.

Utanríkisráðuneytið 1989, B-205. Handbók Utanríkisráðuneytisins.

Utanríkisráðuneytið 1996. B-120. Bréf Einars Ágústssonar sendiherra til Ólafs Jóhannessonar utanríkisráðherra og Harðar Helgasonar ráðuneytisstjóra utanríkisráðuneytisins, 9. október 1980.

Utanríkisráðuneytið 1996. B-120, bréf Einars Ágústssonar sendiherra til utanríkisráðuneytisins, 31. janúar 1983.

Utanríkisráðuneytið 1996. B-120. Einar Ágústsson. Skýrsla um embættisferð til Ísrael 1985.

Utanríkisráðuneytið 1996. B-140. Communiqué. Meeting of the Nordic Foreign Ministers Oslo 21st-22nd August 1975.

Utanríkisráðuneytið 1996. B-456. Bréf Fritz Naschitz til Agnars Kl. Jónssonar utanríkisráðuneytinu, 3. júní 1962.

Utanríkisráðuneytið 1996. B-470. Bréf Hans G. Andersen sendiherra Íslands í Osló til utanríkisráðuneytisins, 16. nóvember 1962.

Utanríkisráðuneytið 1996. B-525. Fréttatilkynning frá utanríkisráðuneytinu 10. mars 1966.

Utanríkisráðuneytið 1996. B-743. Fritz Naschitz. Fifteenth Annual Report on Israel 1964.

Utanríkisráðuneytið 1996. B-743. Fritz Naschitz. Seventeenth Annual Report on Israel 1966.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-66. Minnisblað frá sendiráði Bandaríkjanna í Reykjavík til utanríkisráðuneytisins, 8. desember 1970.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-66. Bréf sendiráðs Íslands í Osló til utanríkisráðuneytisins, 6. apríl 1971.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-66. Telexskeyti utanríkisráðuneytisins til fastanefndar Íslands hjá SP, 11. október 1974.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-66. Bréf Avigdor Shoan utanríkisráðuneyti Ísraels til Agnars Kl. Jónssonar sendiherra Íslands í Osló, 29. nóvember 1974.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-66. Telexskeyti frá sendinefnd PLO í Stokkhólmi til Ólafs Egilssonar, 28.mars 1977.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-66. Telexskeyti frá Ólafi Egilssyni til skrifstofu PLO í Stokkhólmi, 4. apríl 1977.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-66. Fréttatilkynning frá ríkisstjórninni, 15. júlí 1982.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-67. Bréf Fritz Naschitz ræðismanns Íslands í Ísreal til sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn, 20. ágúst 1982.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-81. Bréf fastanefndar Íslands hjá SP til utanríkisráðuneytisins, 16. desember 1971.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-81. Ódagsett telexskeyti frá sendiráði Íslands í Osló til utanríkisráðuneytisins.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-147, bréf Kristjáns Albertssonar fastanefnd hjá SP til utanríkisráðuneytisins, 17. nóvember 1966.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-147. Ísland-Ísrael(ódagsett vélrituð skýrsla).

Utanríkisráðuneytið 1998. B-147. Frásögn, 1. júlí 1965.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-147. Flóttafólk í Palestínu. Ræða Kristjáns Albertssonar í sérstöku pólitísku nefndinni, 13. desember 1962.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-238. Bréf aðalritara SP til Hannesar Kjartanssonar sendiherra Íslands hjá SP, 20. júlí 1967.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-238. Bréf Gunnars Schram fulltrúa hjá fastanefnd Íslands hjá SP til Utanríkisráðuneytisins, 26. nóvember 1971

Utanríkisráðuneytið 1998. B-238. Bréf Hannesar Kjartanssonar sendiherra Íslands hjá SP til Utanríkisráðuneytisins, 3. desember 1971.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-238. Skýrsla Hannesar Pálssonar, Stefáns Jónssonar og Braga Jósepssonar.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-467. Yfirlýsing ríkisstjórnar, 6. nóvember 1956.

Utanríkisráðuneytið 1998. B-598. Símskeyti Utanríkisráðuneytisins til Thors Thors 29. apríl 1947.

Utanríkisráðuneytið 1999. B-71. Utanríkismál. Skýrsla Ólafs Jóhannessonar utanríkisráðherra til Alþingis 1981.

Utanríkisráðuneytið 1999. B-71. Utanríkismál. Skýrsla Ólafs Jóhannessonar utanríkisráðherra til Alþingis 1982.

Utanríkisráðuneytið 1999. B-155. Bréf Guðrúnar Kristinsdóttur til Steingríms Hermannssonar utanríkisráðherra, 20. febrúar 1988.

Utanríkisráðuneytið 1999. B-155. bréf Berglindar Ásgeirsdóttur sendiráði Íslands í Stokkhólmi til Utanríkisráðuneytisins ódagsett.

Utanríkisráðuneytið 1999. B-155. Telex skeyti PLO til Ríkisútvarpsins ódagsett.

Utanríkisráðuneytið 1999. B-155. Frásögn. Viðræður fulltrúa PLO í Stokkhólmi og utanríkisráðherra í Stokkhólmi 23. mars 1988.

Utanríkisráðuneytið 1999. B-155. Jón Egill Egilsson. Frásögn. Miðvikudaginn 23. mars 1988 átti Steingrímur Hermannsson utanríkisráðherra hálfra klukkustundar langan fund með Yehiel Yatir sendiherra Ísraels á Íslandi á Fornebu flugvelli í Osló.

Utanríkisráðuneytið 2011. B-189. His Excellency Mr Joel Alon. Presentation of Credentials to the President of Iceland Wednesday, February 20 1991.

Utanríkisráðuneytið 2011. B-189. Telefax frá utanríkisráðuneytinu til Joel Alon sendiherra Ísraels á Íslandi, 24. október 1991 .

Utanríkisráðuneytið 2011. B-195. Bréf sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn til utanríkisráðuneytisins, 4. september 1989.

Utanríkisráðuneytið 2011. B-195. Bréf Peter Naschitz ræðismanns Íslands í Ísrael til utanríkisráðuneytisins, 21. apríl 1993.

Utanríkisráðuneytið 2011. B-309. Bréf Fritz Naschitz ræðismanns Íslands í Ísreal til sendiráðs Íslands í Kaupmannahöfn, 17. ágúst 1979.

Utanríkisráðuneytið 2011. B-388. Bréf Daniel Menon sendiráði Ísrael í Osló til Gunnars Pálssonar utanríkisráðuneytinu, 23. ágúst 1994.

Utanríkisráðuneytið 2011. B-388. Minnisblað til ráðherra frá alþjóðaskrifstofu, 17. nóvember 1994.

Utanríkisráðuneytið 2011. B-388. Bréf Michael Shilon sendiherra Ísrael í Osló til Péturs Thorsteinssonar utanríkisráðuneytinu, 25. nóvember 1994.

Utanríkisráðuneytið. 2011. B-477. Minnisblað Harðar Bjarnasonar til ráðherra, 29. júní 1993.

Utanríkisráðuneytið. 2011. B-477. Bréf Harðar Bjarnasonar til Joel Alon sendiherra Ísraels í Osló, 19. ágúst 1993.

Utanríkisráðuneytið 2011. B-480. Bréf Jóns Baldvins Hannibalssonar til David Levy, 26. október 1990.

Utanríkisráðuneytið 2011. B-480. Bréf utanríkisráðuneytisins til sendiráðs Ísraels í Osló, 19. febrúar 1992.

Utanríkisráðuneytið 2011. B-635. Bréf Fritz Naschitz ræðismanns Íslands í Ísrael til Henriks Sv. Björnssonar utanríkisráðuneytinu, 15. júní 1976.

Utanríkisráðuneytið 2011. B-696. Bréf David Levy til Jóns Baldvins Hannibalssonar, 24. desember 1990.

Utanríkisráðuneytið 2011. B-696. Minnisblað Jóns Baldvins Hannibalssonar til Þ.I. og G.G., 18. september 1991.

Utanríkisráðuneytið 2011. B-696. Bréf Jóns Baldvins Hannibalssonar til David Levy, 18. október 1991.

Prentaðar heimildir

Alþingistíðindi 1990 A.

Alþýðublaðið 1930-1998.

Ari Rath, „Rough seas. Smooth Government“, *The Jerusalem Post*, 18. 8 1960.

„Árásarstrið Ísraela á hendur aröbum“, *Stúdentablaðið*, 49:6(1973), bls. 6.

Dagur B. Eggertsson. *Forsætisráðherrann Steingrímur Hermannsson. Ævisaga III*, Reykjavík, 2000.

DV 1981-2006.

Eban, Abba Solomon. *Abba Eban. An Autobiography*, Jerúsalem, 1977.

Fréttablaðið 2001-2013.

„För Sadats til Ísrael þjónar heimsvaldastefnu og sionisma“, *Verkalýðsblaðið* 3:16(1977), bls. 6.

Gísli Gunnarsson, „Þjóðarheimilið Ísrael“, *Frjáls þjóð*, 16:29 (1967), bls. 4-5.

Gunnar Þór Bjarnason, „Ísland og Ísrael“, *Þjóðmál*, 2:2 (2006), bls. 75-81.

Eiríkur Brynjólfsson, „Í Gólanhæðum“, *Stúdentablaðið*, 50:10 (1974), bls. 8, 2.

Morgunblaðið 1930-2009.

Ólafur Rastrick og Sumarliði R. Ísleifsson, *Stjórnarráð Íslands 1964-2004*, 2. bindi, *Saga ríkisstjórna og helstu framkvæmdir til 1983*, Reykjavík, 2004.

Pétur J. Thorsteinsson. *Utanríkisþjónusta Íslands og utanríkismál. Sögulegt yfirlit*, 2. bindi, Reykjavík, 1992.

Pressan 1988-1994.

Rögnvaldur Finnbogason, *Jerúsalem-Talandi steinar. Dagbókarbrot úr ferð til landsins helga*, Reykjavík, 1990.

Sigríður Þorgrímsdóttir og Jakob F. Ásgeirsson, *Stjórnarráð Íslands 1964-2004*, 3. bindi, *Saga ríkisstjórna og helstu framkvæmdir 1983-2004*, Reykjavík, 2004.
Tíminn 1930-1996.
Valdimar Unnar Valdimarsson, *Ísland í eldlínu alþjóðamála. Stefnumótun og samvinna innan Sameinuðu þjóðanna 1946-1980, meðhöfundar og ritstjórar Gunnar Á. Gunnarsson og Guðmundur R. Árnason*, Reykjavík, 1993.
Valur Ingimundarson, *Uppgjör við umheiminn*, Reykjavík, 2002.
Valur Ingimundarson, „Mikson-málið sem fortíðarvandi: Stjórnsmál minninga, þjóðarímyndir og hugmyndafræðileg viðmiðaskipti“, *Saga* LI, 1 (vor 2013), bls. 9–51.
Vísir 1930-1981.
Þjóðviljinn 1936-1992.

Vefheimildir

Afstaða utanríkisráðherra á alþjóðavettvangi (umræður utan dagskrár), 11. nóvember 1988, vefur Alþingis, <http://www.althingi.is/dba-bin/bferil.pl?ltg=111&mnr=22>, skoðað 29. mars 2013.

Bréf Valgerðar Sverrisdóttur til Tipzi Livni utanríkisráðherra Ísrael, ódagsett, <http://www.mbl.is/media/82/482.pdf>, skoðað 12. apríl 2013.

Cashman, Greer Fay, „Five new ambassadors present Peres credentials“, *jpost.com* 25. maí 2012, <http://www.jpost.com/LandedPages/PrintArticle.aspx?id=271414>, skoðað 13. ágúst 2013.

Davíð Oddsson, Heimsókn forsætisráðherra til Ísraels (umræður utan dagskrár) 25. febrúar 1988, vefur Alþingis, <http://www.althingi.is/altxt/115/02/r25185600.shtml>, skoðað 25.3 2013.

Davíð Oddsson, Ófriður fyrir botni miðjarðarhafs (fyrirspurnir til ráðherra), 9. október 2000, vefur Alþingis, <http://www.althingi.is/dba-bin/bferil.pl?ltg=126&mnr=28>, skoðað 29. mars 2013.

Davíð Oddsson, Utanríkismál. Munnleg skýrsla utanríkisráðherra, umræða 29. apríl 2005, vefur Alþingis,

<http://www.althingi.is/altext/raeda/131/rad20050429T120547.html>, skoðað 30. mars 2013.

Gerstenfeld, Manfred, „Iceland against Israel. Oped: Iceland’s government has been showing considerable arrogance towards Israel“, Ynetnews.com 18.7 2011, <http://www.ynetnews.com/articles/0,7340,L-4097047,00.html>, skoðað 24.3 2013.

Ferð forsætisráðherra til Ísraels(umræður utan dagskrár), 12. febrúar 1992, vefur Alþingis, <http://www.althingi.is/dba-bin/bferil.pl?ltg=115&mnr=99>, skoðað 25. 3 2013.

Fríverslunarsamningur milli ríkja Fríverslunarsamtaka Evrópu og Ísraels (reglur stofnana), 566. mál, þingsályktunartillaga, 116. Löggjafarþingi 1992-1993, <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=116&mnr=566>, skoðað 26. mars 2013.

Halldór Ásgrímsson, Skýrsa utanríkisráðherra um utanríkismál (munnleg skýrsla) 17. apríl 1997, vefur Alþingis, <http://www.althingi.is/altext/121/04/r17103345.sgml>, skoðað 28. mars 2013.

„Hatikva-The National Anthem of the State of Israel“, vefur ísraelska þingsins, http://www.knesset.gov.il/holidays/eng/hatikva_eng.htm, skoðað 2. ágúst 2013.

Heimsókn forsætisráðherra til Ísraels (umræður utan dagskrár) 25. febrúar 1992, vefur Alþingis, <http://www.althingi.is/dba-bin/bferil.pl?ltg=115&mnr=104>, skoðað 25. mars 2013.

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, Ástandið á Gaza-svæðinu (óundirbúinn fyrirspurnartími), umræða 21. janúar 2008, vefur Alþingis, <http://www.althingi.is/dba-bin/bferil.pl?ltg=135&mnr=260>, skoðað 1. apríl 2013.

Innrás Ísraelsmanna á Gaza(óundirbúinn fyrirspurnartími), umræða 3. mars 2008, vefur Alþingis, <http://www.althingi.is/dba-bin/bferil.pl?ltg=135&mnr=441>, skoðað 1.apríl 2013.

„Ísland sýni Palestínu stuðning“, mbl.is 9. júlí 2011, http://www.mbl.is/frettir/innlent/2011/07/09/island_syni_palestinu_studning/, skoðað 3. apríl 2013.

„Íslendingar gengu ekki út“, mbl.is 20. apríl 2009, http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/04/20/islendingar_gengu_ekki_ut/, skoðað 12. apríl 2013.

„Já ég dottaði á fundi SP“, mbl.is 28. september 2010, http://www.mbl.is/frettir/innlent/2010/09/28/ja_eg_dottadi_a_fundi_sth/, skoðað 10. apríl 2013.

- Jón Baldvin Hannibalsson, Brottvísun 400 Palestínnumanna frá Ísrael(umræður utan dagskrár), 6. janúar 1993, vefur Alþingis,
<http://www.althingi.is/altext/116/01/r06160439.shtml>, skoðað 27. mars 2013.
- Maltz, Judy, „Iceland Jews are left out in the cold“, Haaretz.com 23. desember 2011,
<http://www.haaretz.com/weekend/week-s-end/iceland-jews-are-left-out-in-the-cold-1.403142>, skoðað 25.3 2013.
- „Meiri samúð með Palestínu“, mbl.is 1. febrúar 2009,
http://www.mbl.is/frettir/innlent/2009/02/01/meiri_samud_med_palestinu/, skoðað 12. apríl 2013.
- Ólafur Ragnar Grímsson, heimsókn forsætisráðherra til Ísraels(umræður utan dagskrár) 25. febrúar 1988, vefur Alþingis,
<http://www.althingi.is/altext/115/02/r25180000.shtml>, skoðað 23. mars 2013.
- Skýrsla Matthíasar Matthiessen utanríkisráðherra um utanríkismál(lögð fyrir Alþingi á 108. Löggjafarþingi 1985-86). þskj 751, 407. mál, vefur alþingis,
<http://www.althingi.is/altext/108/s/pdf/0751.pdf>.
- Skýrsla Össurar Skarphéðinssonar utanríkisráðherra um utanríkis- og alþjóðamál (Lögð fyrir Alþingi á 138. löggjafarþingi 2009–2010), vefur Alþingis,
<http://www.althingi.is/altext/138/s/1070.html>, skoðað 2. apríl 2013.
- Steingrímur Hermannsson, Umræður um skýrslu utanríkisráðherra, 25. febrúar 1988, vefur Alþingis,
<http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=3404<hing=110&dalkur=4889>, skoðað 17. apríl 2013.
- Steingrímur Hermannsson, umræður um stjórn Ísraelsmanna á herteknu svæðunum, 17. mars 1988, vefur Alþingis,
<http://www.althingi.is/altext/gomulraeda.php4?rnr=3944<hing=110&dalkur=5845>, skoðað 17. apríl 2013.
- Viðurkenning á sjálfstæði og fullveldi Palestínu, 31. mál þingsályktunartillaga, fyrri umræða 6. október 2011, vefur Alþingis, <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=140&mnr=31>, skoðað 10. apríl 2013.
- Viðurkenning á sjálfstæði og fullveldi Palestínu, 31. mál þingsályktunartillaga, atkvæðagreiðslur 29.nóvember 2011, vefur Alþingis, <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=140&mnr=31>, skoðað 10. apríl 2013.

- „Þeir munu að lokum fá sitt Palestínuríki“, mbl.is 14. mars 2002,
http://www.mbl.is/frettir/erlent/2002/03/14/their_munu_ad_lokum_fa_sitt_palestinur_iki/, skoðað 13. apríl 2013.
- Þingsályktun um deilur Ísraels og Palestínumanna, þskj. 1256, 102. mál, 111.
 löggjafarþing 1988–1989, vefur Alþingis,
<http://www.althingi.is/altext/111/s/1256.html>, skoðað 29. mars 2013.
- Þingsályktun um deilur Ísraels og Palestínumanna, þskj. 1446, 734. Mál, vefur Alþingis,
 127. löggjafarþing 2001-2002, <http://www.althingi.is/altext/127/s/1446.html>, skoðað 29. mars 2013.
- Ögmundur Jónasson, Aðskilnaðarmúrinn í Palestínu þingsályktunartillaga, fyrri umræða
 19. febrúar 2004, vefur Alþingis, <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=130&mn=260>, skoðað 29. mars 2013.
- Össur kærir sig kollóttan um gagnrýni frá Ísrael, visir.is 19. júlí 2011,
<http://www.visir.is/ossur-kaerir-sig-kollottan-um-gagnryni-fra-israel/article/2011110718913>, skoðað 12. apríl 2013.
- Össur Skarphéðinsson, Aðskilnaðarmúrinn í Palestínu þingsályktunartillaga, fyrri
 umræða 19. febrúar 2004, vefur Alþingis, <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=130&mn=260>, skoðað 31. mars 2013.
- Össur Skarphéðinsson, Útganga fulltrúa Íslands á allsherjarþingi SP, 131. mál fyrirspurn
 til utanríkisráðherra, umræða 11. nóvember 2009, vefur Alþingis,
<http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=138&mn=131>, skoðað 1. apríl 2013.
- Össur Skarphéðinsson, Árás ísraelsks herskips á skipalest með hjálpargögn(umræður
 utan dagskrár) 1. júní 2010, vefur Alþingis, <http://www.althingi.is/dba-bin/bferil.pl?ltg=138&mn=981>, skoðað 2. apríl 2013.
- Össur Skarphéðinsson, Utanríkis- og alþjóðamál, 791. mál skýrsla ráðherra, umræða 16.
 maí 2011, vefur Alþingis, vefur Alþingis, <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=139&mn=791>, skoðað 2. apríl 2013.
- Össur Skarphéðinsson, Viðurkenning á sjálfstæði og fullveldi Palestínu, fyrri umræða 6.
 október 2011, vefur Alþingis, <http://www.althingi.is/dba-bin/ferill.pl?ltg=140&mn=31>, skoðað 2. apríl 2013.

